GUNNAR HNEFILL ÖRLYGSSON
Klæðskerasaumuð jakkaföt frá Indlandi
• tíska • heimili
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

VELJUM ÍSLENSKT
Hvíslandi kynþokki í bland við mjólkurkex
sérblaðið veljum íslenskt
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TVEIR DAGAR Í ÚTGÁFU
www.frostrosir.is

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
27. nóvember 2008 — 325. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR

Fagna þrjátíu ára afmæli

Verslunin Litir og föndur á Skólavörðustígnum hefur verið starfrækt frá árinu 1978.

TÍMAMÓT 34

Nafnar loksins sameinaðir

Ragnar Sólberg og Ragnar Bjarnason eru áhugasamir um samstarf.

FÓLK 50

Hvert stefnir gengið?

Ef byggingarkranar eru orðnir ískyggilega margir eins og í Reykjavík 2006, er klár hætta á kreppu, skrifar Þorvaldur Gylfason.

UMRÆÐAN 24

Meistaradeild Evrópu

Steven Gerrard skoraði sigurmark Liverpool gegn Marseille í gær.

ÍÞRÓTTIR 54

VEÐRIÐ Í DAG



STÓRHRÍÐ NYRÐRA Í dag verða norðan 13-23 m/s, hvassast með ströndum á Vestfjörðum og norðan til. Snjókoma og skafrenningur nyrðra en þurrt og bjart með köflum syðra. Frost 0-5 stig.

VEÐUR 4

ASÍ krefst afsagnar ráðherra

ASÍ krafðist afsagnar fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra á fundi með Geir H. Haarde og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í gær. Geir segir ómaklega vegið að ráðherrunum en boðar samstarf við aðila vinnumarkaðarins. Stærstu samtök vinnumarkaðarins funda í dag. Geir boðar fund SA, ASÍ og BSRB á morgun.

EFNAHAGSMÁL Alþýðusamband Íslands krefst uppstokkunar innan ríkisstjórnarinnar með afsögnum Árna M. Mathiesen fjármálaráðherra og Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra. Einnig að forsvarsmenn Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins víki. Forsætisráðherra segir ómaklega vegið að ráðherrunum. Hann boðar formlegt samstarf við aðila vinnumarkaðarins.

Forysta Alþýðusambandsins kom kröfum sínum á framfæri á fundi með Geir H. Haarde forsætisráðherra og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra í gær. Fundi sem ASÍ hafði frumkvæði að fyrir nokkru síðan.

„Það skortir tilfinnanlega á trúverðugleika stjórnvalda. Ég sé ekki með nokkru móti hvernig við eða stjórnvöld getum unnið okkur út úr þessum erfiðleikum ef ríkisstjórninni tekst ekki að bæta sína ímynd og ná sátt við þjóðina. Það þýðir uppstokkun innan ríkisstjórnarinnar, Seðlabankans, Fjármálaeftirlitsins og víðar," segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Aðspurður hvaða ráðherrar ríkisstjórnarinnar þurfi að víkja segir Gylfi að „embættis síns vegna þurfa ráðherrar fjármála og bankamála að segja af sér, óháð því hvort þeir hafi brotið lög."

Geir segir að ómaklega hafi verið vegið að ráðherrunum tveimur að undanförnu og það sé málefni stjórnarflokkanna hvernig ríkisstjórnin sé skipuð. Hann segir stjórnvöld vilja hefja formlegt samstarf við aðila vinnumarkaðarins og slíkt samstarf sé hugsað til næstu missera. „Það er brýnt að þétta samstarf á milli stjórnvalda og samtaka á vinnumarkaði." Hann segir stefnt að fundi með Samtökum atvinnulífsins, ASÍ og BSRB á föstudag.

> Embættis síns vegna þurfa ráðherrar fjármála og bankamála að segja af sér, óháð því hvort þeir hafi brotið lög.
>
> **GYLFI ARNBJÖRNSSON**
> FORSETI ASÍ

„Það eru mörg verkefni sem þarf að hafa samstarf um. ASÍ hefur að mínum dómi margar athyglisverðar tillögur fram að færa. Ég nefni þar til dæmis öfluga atvinnustefnu," segir Geir.

Stærstu samtök vinnumarkaðarins funda í dag en fundur formanna stjórnarflokkanna og ASÍ tengist þeim fundi ekki, segir Gylfi.

Auk uppstokkunar í stjórnkerfinu krafðist ASÍ að þingmenn og ráðherrar deili kjörum með öðrum þegar kemur að lífeyrisréttindum. „Í nýbirtum tillögum á að minnka sérkjörin en viðhalda þeim engu að síður," segir Gylfi. „Þessu verður einfaldlega að linna og það strax. Stjórnvöld þurfa að leiðrétta þetta ef þau ætla sér að ná sátt í þessu landi."

- shá

BLÓÐBAÐ Í MUMBAI Áttatíu manns hið minnsta létust í hryðjuverkaárás sem gerð var í borginni Mumbai á Indlandi í gærkvöldi. Hryðjuverkamenn réðust á hótel og lestarstöðvar. Árásinni virtist beint gegn ferðamönnum. Samtökin Decca Mujhaideen lýstu ábyrgðinni á hendur sér. Þegar Fréttablaðið fór í prentun stóð hótel í borginni í ljósum logum. Sjá síðu 6 NORDICPHOTOS/AFP

Nýtt frumvarp um nefnd:

Fall bankanna skal rannsakað

ALÞINGI Frumvarp um nefnd sem rannsaka á aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna og tengda atburði verður rætt á Alþingi í dag.

Nefndinni er meðal annars ætlað að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi, eftirlit með henni og hverjir kunni þá að bera ábyrgð á því. Þá er nefndinni ætlað að skoða hvort skýringar á falli bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði á fjármálamarkaði.

Þingflokkar ræddu frumvarpið í gær en forseti Alþingis og formenn allra stjórnmálaflokka á Alþingi eru flutningsmenn frumvarpsins.

- ovd / sjá síðu 10

Íslendingar þurfa að greiða 245 milljarða króna vegna Icesave og annarra innlána:

800 þúsund krónur á mann

EFNAHAGSMÁL Nettókostnaður Íslendinga vegna innlánsreikninga í útibúum bankanna erlendis verður um 245 milljarðar króna, samkvæmt bráðabirgðamati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sjóðurinn reiknar með að eignir bankanna ytra dugi fyrir um helmingi af kröfu erlendra ríkja vegna tryggðra innstæðna.

Sjóðurinn telur að brúttókostnaður íslenska ríkisins vegna innlánanna nemi 47 prósentum af landsframleiðslu þessa árs. Eignir bankanna dugi fyrir um það bil helmingnum af þessu og um 19 prósent af landsframleiðslu lendi á íslenskum skattgreiðendum.

Landsframleiðsla Íslands í fyrra nam yfir 1.293 milljörðum króna, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Landsframleiðsla í ár liggur ekki fyrir. Samkvæmt mati sjóðsins er því viðbúið að um 245 milljarðar króna lendi á íslenskum skattgreiðendum vegna innstæðna erlendis. Það þýðir að hvert mannsbarn hér á landi þarf að greiða hátt í átta hundruð þúsund krónur.

Hryggjarstykkið í þessu er vegna Icesave-reikninga Landsbankans.

- ikh / sjá síðu 4 og 6

2DVD INNIHELDUR SING-A-LONG ÚTGÁFU!
KOMINN Í SKÍFUNA

sbarro
lítill pastaréttur og brauðstöng
390 kr.
Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 www.sbarro.is • sími 517 7750

SPURNING DAGSINS



Pétur, ertu á svörtum lista á vídeóleigunni þinni?

„Nei, ég er vel liðinn þar enda skila ég alltaf þeim spólum sem ég fæ lánaðar."

G. Pétur Matthíasson, fyrrverandi fréttamaður, þurfti að skila Ríkisútvarpinu spólu með upptökum af viðtali við Geir H. Haarde.

Verðbólgan slær 17,1 prósent en á langa ferð fyrir höndum áður en toppi nær:

Niðurstaðan undir spám

VIÐSKIPTI Verðbólga stökk úr 15,9 prósentum í október í 17,1 prósent nú, samkvæmt útreikningum Hagstofunnar sem birtir voru í gær.

Sé húsnæði skilið undan er verðbólgan 19,5 prósent.

Þetta er nokkru undir spá greiningardeilda. Greining Glitnis sá 17,5 prósenta verðbólgu í spilunum en greiningardeild IFS Ráðgjafar sá þar 18,1 prósent.

Í spám greiningardeildanna kom fram að fall krónunnar myndi knýja verðbólguna áfram að mestu leyti.

Verð á helstu vöruflokkum hækkaði um þrjú til tæp sjö prósent á milli mánaða. Hagstofan tekur sérstaklega fram að verð á nýjum bílum dróst á sama tíma saman um 1,1 prósent á milli mánaða. Bendir hún á að bílasala hafi dregist verulega saman og mæli því eingöngu breytingu á verði seldra bíla í stað listaverðs.

Greining Glitnis segir í Morgunkorni sínu í gær muninn á spám og niðurstöðu skýrast af því að áhrif gengislækkunar krónunnar hafi ekki komið jafnt sterkt fram og reiknað var með. Því sé líklegt að verðbólga eigi enn eftir að aukast frekar á næstu mánuðum en hjaðna svo hratt þegar fram kemur á næsta ár. - jab

VERSLAÐ Í MATINN Greiningardeild Glitnis reiknar með því að verðbólga eigi eftir að aukast á næstu mánuðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árásin á Hlemmi:

Hnífamaður í gæsluvarðhald

LÖGREGLUMÁL Maður um tvítugt sem stakk annan mann með hnífi á Hlemmi í fyrrakvöld var í gær úrskurðaður í vikulangt gæsluvarðhald.

Fórnarlambið sem er um fertugt hlaut alvarlega áverka við árásina. Maðurinn var í fyrstu sendur á gjörgæslu, en var kominn á almenna deild síðdegis í gær.

Atvikið gerðist á sjöunda tímanum í fyrrakvöld. Mennirnir sem um ræðir eru náskyldir og þekktust því. Upphafið að árásinni voru persónulegar deilur þeirra, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. - jss

Kreppuviðbrögð G-20-velda:

Brown boðar framhaldsfund

LONDON, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, greindi frá því í gær að næsti leiðtogafundur G-20-hópsins svokallaða um viðbrögð heimsbyggðarinnar við alþjóðlegu fjármálakreppunni yrði haldinn í Lundúnum í apríl.

GORDON BROWN

Brown tjáði breska þinginu að Barack Obama, verðandi forseti Bandaríkjanna, hefði þekkst boð um að mæta. Það yrði fyrsta heimsókn Obama til Evrópu frá því hann náði kjöri.

Leiðtogar 21 ríkis, bæði ríkra Vesturlanda og áhrifamikilla þróunarlanda, og fulltrúar fjögurra fjölþjóðastofnana héldu fyrsta slíka kreppufundinn í Washington 14.-15. nóvember. - aa

Mest seldu bækurnar:

Arnaldur og Jóhann Ingi efstir

BÆKUR Fréttablaðið birtir lista yfir tíu mest seldu bækurnar í Eymundsson og verslunum Máls og menningar annars vegar, og verslunum Hagkaupa hins vegar. Fyrsti listinn birtist í dag en þeir verða vikulega á dagskrá fram að jólum.

Bók Arnaldar Indriðasonar, Myrká, er í efsta sæti á sölulista Eymundsson og Máls og menningar. Fíasól er flottust eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur fylgir á hæla hennar en Auðnin eftir Yrsu Sigurðardóttur er í þriðja sæti.

Bókin Þú getur, eftir Jóhann Inga Gunnarsson og fleiri, er í efsta sæti á sölulista Hagkaupa, Myrká er í öðru sæti og Jólasyrpa Disney í því þriðja. - bs / sjá síðu 38

Íslensk fjölskylda í skothríð í Taílandi

Sex Íslendingar voru fastir á flugvöllum í Taílandi í gær. Fimm manna fjölskylda úr Kelduhverfi hafði beðið matarlaus í sólarhring þegar hún var flutt á hótel. „Það var skotið og sprengt allt í kring," segir bróðir fjölskylduföðurins.

TAÍLAND Tveir stærstu flugvellirnir í Taílandi voru lokaðir í gær vegna mótmælaaðgerða gegn ríkisstjórn landsins. Sex Íslendingar lentu í hrakningum þegar mótmælendur stöðvuðu umferð um alþjóðaflugvöllinn í höfuðborginni Bangkok. Íslendingarnir höfðu beðið á flugvellinum í sólarhring þegar þeir voru loks fluttir ásamt þúsundum annarra ferðamanna á hótel í gærkvöldi.

Hjón úr Kelduhverfi, Sigurður Yngvason bóndi, eiginkona hans Nuan Sankla, og þrjú börn þeirra, tveggja, sjö og tólf ára, voru á leið heim til Íslands eftir mánaðardvöl hjá ættingjum í Taílandi þegar mótmælendur lokuðu flugvellinum. Axel Yngvason, bróðir Sigurðar, hefur séð um búið í fjarveru þeirra. Hann segist hafa heyrt í þeim í gær og þá hafi þau látið vel af sér miðað við aðstæður. Þau hafi verið í rútu á leið á hótel og átt von á því að komast úr landi í dag.

„Það var allt í lagi með þau en það var náttúrulega skotið og sprengt þarna allt í kring. Það var hættuástand þarna," segir Axel.

Holberg Másson tölvusérfræðingur hafði verið fluttur inn á hótel í baðstrandarbæ sunnan við Bangkok þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær en þangað höfðu farþegarnir loks verið fluttir. Holberg segir að ferðamennirnir hafi verið búnir að bíða matar- og hvíldarlausir í sólarhring á flugvellinum þegar hann hafi farið ásamt Breta að ræða við mótmælendurna og bent þeim á að ferðamennirnir væru í raun gíslar.

„Mótmælendurnir vildu að við yrðum á flugvellinum næstu daga.

SKOTIÐ ALLT Í KRING Sigurður Yngvason, bóndi á Tóvegg í Kelduhverfi, ásamt börnum sínum, Sofie, Degi Yngva og Díönu. Sigurður taldi fjölskylduna ekki í hættu þó skotið og sprengt væri allt í kringum þau á alþjóðaflugvellinum í Bangkok.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

Við fórum að ræða við forystumenn mótmælendanna og bentum þeim á að við værum í raun gíslar því að við værum búin að vera þarna í sólarhring og gætum hvergi farið því engar samgöngur væru í gangi. Þeir sögðu að fólk gæti labbað tvo kílómetra til að komast í samgöngur, en við útlendingarnir gátum ekkert dröslast með farangurinn neitt enda vissum við ekkert í hvaða átt við ættum að fara," segir hann.

Holberg segir að starfsmenn flugvallarins, yfirvalda og ferðaskrifstofa hafi ekki verið á staðnum og hvorki vott né þurrt að fá. „Mótmælendurnir voru svo almennilegir að gefa okkur af sínum mat. Svo breyttist tónninn í þeim og þá kom í ljós að lögreglan hafði sett í gang áætlun um að koma okkur í rútur og herinn leiddi okkur út. Við vorum keyrð á óruggt svæði og sátum þar í tvo klukkutíma áður en við vorum svo keyrð hingað á hótelið," segir hann.

Á HEIMLEIÐ Nuan Sankla, eiginkona Sigurðar. Þau voru á heimleið eftir heimsókn til fjölskyldu hennar.

ghs@frettabladid.is

Skikkjur hverfa úr héraðsdómi:

Skikkjuklæddur í miðborginni

SAMFÉLAGSMÁL Virðulegur lögmaður, íklæddur málflutningsskikkju, lét mikið fyrir sér fara í miðborg Reykjavíkur á föstudaginn var. Eitthvað þótti lögreglu hann kunnuglegur og bar sig á tal við hann. Kom þá í ljós að þar var á ferð góðkunningi hennar og hreint ekki lögmaður. Sagðist hann ekki muna hvar hann fékk „sloppinn". Líklegt þykir að flíkin hafi horfið úr húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur. - hhs

Verksmiðjan í Hafnarfirði:

Amfetamínmenn afplána

LÖGREGLUMÁL Tveir karlmenn, sem setið hafa í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á framleiðslu amfetamíns í Hafnarfirði, hafa hafið afplánun vegna annarra mála, að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru þeir Tindur Jónsson og Jónas Ingi Ragnarsson. Þeir voru báðir á reynslulausn vegna fyrri dóma. Tindur vegna alvarlegrar líkamsárásar með sveðju og Jónas Ingi vegna aðildar sinnar að líkfundarmálinu.

Eftirstöðvar fangelsisvistar þeirra voru annars vegar 300 dagar og hinsvegar 1080 daga. Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir mönnunum átti að renna út í dag. Rannsókn framleiðslumálsins miðar vel, að sögn lögreglu. - jss

TÉKKLAND

ESB-sáttmáli löglegur

Stjórnlagadómstóll Tékklands hefur úrskurðað að fullgilding Lissabonsáttmála Evrópusambandsins myndi ekki stangast á við stjórnarskrá landsins. Þar með er leiðin talin greið fyrir því að tékkneska þingið staðfesti sáttmálann. Þar með væri staðfestingarferlinu lokið í 26 af 27 aðildarríkjum ESB. Írar höfnuðu staðfestingunni í þjóðaratkvæðagreiðslu í júní.

Yfirgnæfandi stuðningur við ný sjálfstjórnarlög á Grænlandi:

Stór áfangi í sjálfstæðisátt

GRÆNLAND Þrír af hverjum fjórum Grænlendingum greiddu nýjum sjálfstjórnarlögum atkvæði sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór á þriðjudag.

„Ég þakka grænlensku þjóðinni fyrir þessa afgerandi niðurstöðu. Nú hefur Grænland fengið umboð til að stíga skrefi lengra í átt að fullu sjálfstæði," sagði Hans Enoksen, formaður grænlensku landstjórnarinnar, eftir að úrslit atkvæðagreiðslunnar lágu fyrir. 75,54 prósent samþykktu nýju lögin, 23,57 prósent greiddu atkvæði á móti. Kjörsókn var um 72 prósent, en um 39.000 manns voru á kjörskrá.

Flokkur sjálfstæðissinna, Inuit Ataqatigiit (IA) sem á aðild að landstjórninni, er líka með næstu skref á hreinu. „Fyrsta verkefnið verður að fara til Sameinuðu þjóðanna og tilkynna um hina formlegu viðurkenningu Grænlendinga sem þjóðar," hefur dagblaðið Sermitsiaq eftir Kuupik Kleist, formanni IA.

Nýju sjálfstjórnarlögin taka við af heimastjórnarlögunum frá árinu 1979. Með gildistöku þeirra hinn 21. júní næstkomandi færast fleiri mál undir valdsvið landstjórnarinnar. Meðal þeirra mikilvægustu er óskoraður réttur Grænlendinga til arðsins af auðlindum í grænlenskri lögsögu, aukin réttindi til að fara með utanríkismál, lögreglumál, strandgæslu og fleira.

ÁFANGI Hans Enoksen og aðrir ráðherrar landstjórnarinnar á hátíðarsamkomu sem Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra var viðstödd í opinberri heimsókn sinni til Grænlands fyrir skemmstu.

Auk þess er grænlenska viðurkennd sem eina opinbera tungumálið.

Grænlenski landsjóðurinn þiggur enn um 3,5 milljarða danskra króna, andvirði yfir 80 milljarða íslenskra, í árlegan styrk af dönsku fjárlögunum. Sjálfstjórnarlögin gera ráð fyrir að styrkurinn verði smám saman skorinn niður. - aa

„M“ – upphafið að endalausri afþreyingu

Verslanir Símans eru fullar af glæsilegum símum á jólatilboðsverði. Með öllum símunum fylgir „M“, vefur Símans í farsímanum, sem þú getur notað þegar þú átt lausa stund og vantar afþreyingu. Farðu á m.siminn.is og opnaðu fésbókina þína, spjallaðu á MSN, skoðaðu tölvupóstinn eða kíktu á nýjasta nýtt á YouTube.

Sími

Netið

Sjónvarp

800 7000 • siminn.is

Það er Síminn

Kaupauki:
12.000 KR. INNEIGN
yfir árið
fylgir

SONY ERICSSON K660i

Símalánsútborgun:
0 kr.

Aðeins 2.500 kr.
á mánuði í
12 mánuði.
Verð: 30.000 kr.

SAMSUNG J200

Símalánsútborgun:
0 kr.

Aðeins 1.000 kr.
á mánuði í
12 mánuði.
Verð: 12.000 kr.

Kaupauki:
12.000 KR. INNEIGN
yfir árið
fylgir

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.

GENGIÐ 26.11.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	139,18	139,84
Sterlingspund	213,88	214,92
Evra	180,50	181,50
Dönsk króna	24,210	24,352
Norsk króna	19,901	20,019
Sænsk króna	17,569	17,671
Japanskt jen	1,4622	1,4708
SDR	208,10	209,34

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 240,6292

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Álit starfshóps Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) á horfum í efnahagsmálum:

Trú á krónuna ræður úrslitum

VIÐSKIPTI Trúverðugleiki peningamálastefnu Seðlabankans og gengi krónunnar ræður úrslitum um hvernig tekst til við að tryggja hér stöðugleika á ný. Þetta kemur fram í mati fulltrúa sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagshorfum hér.

Horfur eru sagðar ágætar á að þetta markmið náist, enda sé fyrirséður viðsnúningur hvað viðskiptahalla varðar og peningamálastjórn miði við að styðja við gengi krónunnar. Nokkur áhætta er þó sögð falin í þessari stefnu, enda þýði hátt vaxtastig miklar byrðar á hagkerfið.

Ótímabær lækkun stýrivaxta um miðjan október er sögð kunna að hafa grafið undan trú á stuðning við krónuna. Verði sú raunin verður dýrara og tímafrekara en ella að ná jafnvægi á ný.

Í morgunkorni Greiningar Glitnis í gær segir jafnframt að stýrivextir einir megi sín lítils til að styðja við krónuna. „Með hruninn trúverðugleika og opið hagkerfi er ljóst að sú hækkun stýrivaxta sem framkvæmd var 28. október síðastliðinn upp í 18 prósent breytir ein og sér litlu um líklegt fjármagnsútflæði þegar höftum á gjaldeyrismarkaði verður létt. Meðalið þarf að vera sambland af stýrivöxtum, lausafjárstýringu, inngripum á gjaldeyrismarkaði og höftum á fjármagnsflutninga. Ef þetta meðal virkar ekki til að létta af þrýstingnum á krónuna verður að heimila krónunni að aðlagast markaðsöflunum," segir þar.

- óká

PAUL THOMSEN Paul, er formaður starfshóps AGS, sem hingað kom vegna lánsumsóknar Íslenska ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SVIÐSETNING Atburðarás í sumarbústaðnum var sviðsett í gær.

Mannslátið í sumarbústað:

Sviðsetning staðfesti gögn

LÖGREGLUMÁL Sviðsetning á atburðarás þeirri sem talin er hafa dregið mann til dauða í sumarbústað í Grímsnesi fyrir skömmu fór fram í bústaðnum í gær. Mennirnir tveir sem sæta nú gæsluvarðhaldi vegna málsins voru á staðnum, auk lögreglu og lækna. Sviðsetningin gekk vel, að sögn Ólafs Helga Kjartanssonar, lögreglustjóra á Selfossi, og staðfesti hún margt af því sem kemur fram í öðrum gögnum málsins.

- jss

Framkvæmdastjórn ESB:

Ætlar að örva efnahagslífið

BRUSSEL, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt til að ríkisstjórnir aðildarríkjanna taki saman höndum í baráttunni gegn efnahagskreppunni með því að sameinast um aðgerðir til að örva efnahagslíf í álfunni.

Í svonefndri Efnahagsbataáætlun Evrópu, sem birt var í Brussel í gær, er hvatt til þess að ríkisstjórnirnar 27 verji meira fé á næstu tveimur árum til að hamla gegn samdrættinum sem farinn er að há mörgum löndum álfunnar.

Um 170 milljarðar evra kæmu úr sjóðum aðildarríkjanna, en afgangurinn úr sameiginlegum sjóðum ESB og Fjárfestingarbanka Evrópu, EIB.

- aa

AGS spáir hagvexti á ný eftir tveggja ára efnahagskreppu

Í nýbirtum skjölum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er efnahagsspá til ársins 2013. Spáð er samdrætti til tveggja ára, hámarki atvinnuleysis í 6,9 prósentum árið 2010 og að verðbólga hjaðni hratt, verði 3,0 prósent 2010.

VIÐSKIPTI „Hagkerfi þjóðarinnar stafar alvarleg og aðsteðjandi hætta af nær hruni innlends gjaldeyrisskiptamarkaðar vegna þess hve hagkerfið er háð innflutningi," segir í skýrslu starfshóps Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) um viljayfirlýsingu stjórnvalda hér vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá sjóðnum. Sjóðurinn hefur nú birt skýrsluna, svokallað *staff report*, en stjórn AGS fjallaði um hana um leið og tekin var fyrir viljayfirlýsing stjórnvalda (*letter of intent*) 19. þessa mánaðar. Í skýrslu starfshóps AGS er farið yfir margvíslegar forsendur viljayfirlýsingar stjórnvalda hér um aðgerðir til umbóta í efnahagslífinu í kjölfar falls bankakerfisins vegna lánafyrirgreiðslu sjóðsins. Meðal annars er birt hagspá fyrir Ísland fram til ársins 2013.

Í kjölfar fjármálakreppunnar gerir spá AGS ráð fyrir samdráttarskeiði til tveggja ára, allt til 2010. „Þetta tímabil mun að mati IMF [AGS] einkennast af miklum samdrætti einkaneyslu og fjárfestingar ásamt mun meira atvinnuleysi en Íslendingar hafa þar til nú átt að venjast," segir í umfjöllun Greiningar Glitnis og bætt við að spáin sé í samræmi við hagspá Seðlabankans sem og hagspá Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem kom út á þriðjudag. Sjóðurinn horfir hins vegar heldur lengra fram á veginn, þar sem spá Seðlabankans nær til 2011 og spá OECD til ársins 2010.

Nokkurrar bjartsýni gætir hvað varðar efnahagsþróun hér í langtímaspá sjóðsins. Þegar kreppunni lýkur gerir AGS ráð fyrir að hagvöxtur verði nálægt 4,4 prósentum á ári á tímabilinu 2011 til 2013. Greining Glitnis segir þetta til marks um að AGS telji hagkerfið hér þrátt fyrir allt njóta góðs af öfundsverðum langtímahorfum. „En eins og eflaust marga rekur minni til gaf sjóðurinn út skýrslu um íslenska hagkerfið undir þeirri yfirskrift í sumar, áður en fjármálakreppan skall á," segir í umfjöllun bankans. Bent er á samhljóm í spám Seðlabankans, AGS og OECD varðandi atvinnuhorfur hér. „Samkvæmt spá þeirra mun atvinnuleysi ná hámarki árið 2010 en fara svo minnkandi á nýjan leik. OECD er reyndar örlítið svartsýnni og spáir að atvinnuleysi verði 8,6 prósent árið 2010 en á sama tíma gerir [Seðlabankinn] ráð fyrir að atvinnuleysi verði 8,1 prósent og [AGS] gerir ráð fyrir að atvinnuleysi verði 6,9 prósent."

Þá telur Greining Glitnis að verðbólguspá AGS sé ekki fjarri lagi, en þar er gert ráð fyrir að verðbólga verði komin niður fyrir 3,0 prósent árið 2010. „Enda mun verðbólguþrýstingur hér á landi verða lítill þegar áhrif gengislækkunar krónu taka að fjara út og fremur lítil hætta á umtalsverðri og þrálátri víxlhækkun launa og verðlags."

olikr@markadurinn.is

FRÁ KYNNINGU 24. ÓKTÓBER 2008 Paul Thomsen, formaður sendinefndar AGS, kynnir niðurstöður viðræðna við stjórnvöld á blaðamanafundi í óktóberlok. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TÍMASETTAR AÐGERÐIR

Í skýrslu starfshóps AGS er að finna áætlun um tímasetningu aðgerða til stuðnings efnahagslífinu, í kjölfar þess að stýrivextir voru hér hækkaðir í 18 prósent og starfshópur ráðuneyta og stofnana um efnahagsaðgerðir settur á legg.

Fyrir nóvemberlok 2008 - lokið skal aðgerðaáætlun um endurheimt eigna bankanna, með það fyrir augum að draga úr kostnaði vegna falls þeirra.
Fyrir árslok 2008 - skal liggja fyrir undirbúningur aðgerða til að treysta ríkisfjármál.
Fyrir júnílok 2009 - skulu liggja fyrir endurbætur á ríkisfjármálum.
Fyrir 15. janúar 2009 - skal Fjármálaeftirlitið hafa lokið endurskoðun á viðskiptaáætlunum nýju bankanna.
Fyrir janúarlok 2009 - skal alþjóðlegt endurskoðunarfyrirtæki hafa lagt mat á nýju og gömlu bankana með bestu viðskiptahætti að leiðarljósi.
Fyrir febrúarlok 2009 - skal lokið fjármagnsinnspýtingu í nýju bankana með útgáfu ríkisskuldabréfa til að tryggja fjármögnun þeirra.
Fyrir marslok 2009 - á að birta úttekt reynds bankatilsjónarmanns á regluverki og eftirliti með bönkunum.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

STORMUR OG STÓRHRÍÐ

Í dag verður víða hvassviðri eða stormur með ákafri snjókomu á Vestfjörðum, Norðurlandi og síðan á Austurlandinu síðdegis eða með kvöldinu. Þetta er ávísun á stórhríð og lélegt skyggni auk þess sem færð kann að spillast verulega þar nyrðra. Í raun skánar þetta lítið fyrr en í nótt eða á morgun.



HEIMURINN

Alicante	15°
Amsterdam	11°
Basel	6°
Berlín	6°
Billund	10°
Eindhoven	9°
Frankfurt	5°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	9°
Kaupmannahöfn	10°
Las Palmas	20°
London	12°
New York	8°
Orlando	22°
Osló	8°
París	8°
Róm	15°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

HÉR VIRKAR **HEIMAVÖRNIN** BEST

Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.

Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.

SECURITAS
HEIMAVÖRN

KJÖRKASSINN

Ætlar þú að kaupa jólagjafir fyrir lægri upphæð en undanfarin ár?

Já	82,2%
Nei	17,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnur þú fyrir vöruskorti?

Segðu skoðun þína á vísir.is

Samhæfðar skotárásir voru gerðar í Mumbai á Indlandi í gær:

Áttatíu hið minnsta látnir

MUMBAI, AP Áttatíu hið minnsta létust í skotárásum sem gerðar voru í indversku borginni Mumbai í gær. Að minnsta kosti 250 eru slasaðir að sögn lögreglu. Óttast er að tala látinna eigi eftir að hækka. Á meðal hinna látnu er yfirmaður í lögreglunni í borginni sem fór fyrir sérsveit sem berst við hryðjuverkamenn.

Lögreglan telur að um samhæfðar hryðjuverkaárásir sé að ræða en þær voru gerðar á sjö stöðum í borginni. Skotárásirnar komu í kjölfar fjölda sprengjuárása sem gerðar hafa verið í indverskum borgum síðustu mánuði. Lítt þekkt múslimsk hryðjuverkasamtök, Deccan Mujhaideen, hafa lýst ábyrgð á hendur sér í tölvupóstum til fjölmiðla.

Taj-hótelið í Mumbai stóð í ljósum logum þegar Fréttablaðið fór í prentun og fregnir bárust af frekari hryðjuverkaárásum. - kh

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EYÐILEGGING Áttatíu manns hið minnsta létust í skotárásunum í borginni Mumbai á Indlandi í gær.

Fjöldauppsagnir halda áfram:

99 sagt upp í Húsasmiðjunni

ATVINNA Um 100 starfsmönnum Húsasmiðjunnar í fullu starfi hefur verið sagt upp störfum. Einnig hefur starfsmönnum í hlutastarfi verið sagt upp en nákvæm tala liggur ekki fyrir. Þetta var tilkynnt á starfsmannafundi í gær.

Samkvæmt tilkynningu frá Húsasmiðjunni er þetta gert til að bregðast við versnandi aðstæðum í byggingariðnaði og óhagstæðri gengisþróun. Uppsagnirnar taka gildi frá og með næstu mánaðamótum. Að sögn Steins Loga Björnssonar, forstjóra Húsasmiðjunnar, voru um 800 á launaskrá um síðustu mánaðamót. Þar af 600 í fullu starfi. - kh

BROSAÐ TIL ÍSLANDS Bresk sendinefnd kom hingað til að semja um lausn Icesave-málsins. Niðurstaðan varð sú að Íslendingar borga. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur að eignir dugi fyrir helmingi af ábyrgðunum, annað lendi á íslenskum skattgreiðendum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

245 milljarðar vegna innlána bankanna

Íslendingar þurfa að greiða 245 milljarða króna vegna innlána íslensku bankanna erlendis, að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, mest vegna Icesave. Stjórnvöld vonast til þess að eignir dugi fyrir innlánunum. Sjóðurinn deilir ekki því mati.

EFNAHAGSMÁL Nettókostnaður Íslendinga vegna innlánsreikninga í útibúum bankanna erlendis verður um 245 milljarðar króna, samkvæmt bráðabirgðamati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Sjóðurinn reiknar með að eignir bankanna ytra dugi fyrir um helmingi af kröfu erlendra ríkja vegna tryggðra innstæðna.

Landsframleiðsla Íslands í fyrra nam yfir 1.293 milljörðum króna, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Landsframleiðsla í ár liggur ekki fyrir.

Sé miðað við mat sjóðsins og landsframleiðslu í ár, má ætla að hátt í átta hundruð þúsund krónur lendi á hverjum Íslendingi. Hér er ekki gert ráð fyrir vaxtagreiðslum.

Hryggjarstykkið í þessu er vegna Icesave-reikninganna.

Geir H. Haarde forsætisráðherra, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra og Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi formaður Bankaráðs Landsbankans og helsti eigandi hans, hafa allir sagst vonast til þess að eignir bankans erlendis dugi fyrir innlánaskuldbindingum. Ljóst er að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn deilir ekki þeirri von. Glitnir, Landsbankinn og Kaupþing tóku allir við innlánum erlendis.

Eftir því sem næst verður komist er að mestu búið að ganga frá innlánum sem Kaupþing tók við á svonefndum Edge-reikningum í útibúum erlendis. Þó er eftir lokafrágangur á ríflega 300 milljóna evra innlánum sem voru í Þýskalandi.

Þá er óvíst um skuldbindingar vegna heildsöluinnlána Glitnis í Bretlandi.

Heimildarmenn eru sammála um að megnið af innlánum sem íslensk stjórnvöld þurfa að ábyrgjast, tryggingaskuldbindinga, sé vegna Icesave-reikninga Landsbankans. Þar var tekið við innlánum í Bretlandi og Hollandi.

Hvorki náðist í skilanefndir bankanna né viðskiptaráðherra, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Fyrir 245 milljarða króna má reka allt heilbrigðiskerfið í tvö ár eða standa straum af öllum útgjöldum ríkisins til félags- og tryggingamála. Einnig mætti reka lögreglu höfuðborgarsvæðisins í næstum heilan mannsaldur. Þetta stæði straum af rekstri Menntaskólans við Sund í yfir 550 ár.

ingimar@markadurinn.is

ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNIN

verða afhent í 15. skipti í janúar 2009
Óskað er eftir tillögum að tilnefningum

Skilafrestur til 28. nóvember 2008
Nánari upplýsingar á **www.iston.is**

Dreng hótað fyrir misskilning í kjölfar hrottalegrar líkamsárásar í Njarðvík:

Saklausum hótað barsmíðum

LÖGREGLUMÁL „Sonur minn hefur fengið nafnlausar hótanir í gegnum netið á borð við; „Ég lem þig ef ég sé þig“ og „Eins gott að þú verðir með nafnskírteini á þér þegar ég hitti þig“. Við vonum að þessi misskilningur leysist sem fyrst. Ef ekki verðum við að grípa til einhverra róttækra úrræða,“ segir Óskar Bjarnason Njarðvíkurbúi. Sá misskilningur hefur komist á kreik að fimmtán ára sonur Óskars, Óskar Örn, hafi átt hlut að máli í grófu ofbeldisverki sem unnið var í Njarðvík í síðustu viku. Þrír piltar réðust þar á skólafélaga sinn á hrottalegan hátt og tóku upp á myndband sem dreift var á netinu. Óskar Örn kom þar hvergi nærri, en er nafni eins þeirra sem var kærður fyrir árásina.

LÍKAMSÁRÁSIN Lögð hefur verið fram kæra á hendur þremenningunum sem frömdu árásina sem dreift var á netinu.

Auk net-hótananna hefur einnig verið setið um heimili fjölskyldunnar. Í fyrrakvöld var dyrabjöllunni hringt og spurt eftir Óskari. Þegar Óskar eldri opnaði útidyrahurðina sá hann tvo grímuklædda menn uppi á húsþaki, sem styggðust þegar þeir urðu föðurins varir og hlupu á brott.

Faðir Óskars telur að misskilninginn megi rekja til þess að nöfn árásármannanna voru birt á vinsælli bloggsíðu stuttu eftir verknaðinn. „Fyrst eftir árásina fannst syni mínum eins og horft væri undarlega á hann í skólanum, en hann hefur ekki orðið fyrir ónæði þar. Misskilningurinn varð því ekki langlífur í skólanum og vonandi fer þessu að linna. Þetta kemur illa við okkur,“ segir Óskar. - kg

Þakkagjörðarhátíð
í Hagkaup

Jólin vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

30% afsláttur við kassa

KALKÚNN
AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

1 stk. kalkúnn, 4 kg
300 g smjör
salt og svartur pipar
viskastykki

Bræðið smjör í potti og leggið viskastykkið í smjörið. Setjið fyllinguna í kalkúnann, kryddið með salti og svörtum pipar og hyljið með viskastykkinu. Eldið kalkúnann í 3 ½ klst. við 130°C með stykkinu og síðan í 25 mín. við 220°C án þess. Uppskriftin miðast við sex manns.

KALKÚNN FROSINN
838 kr/kg.
Merkt verð 1.197.-

Jói FEL

Jóa Fel kalkúnafylling

20% afsláttur við kassa

fersk með flugi!

199 kr/kg
Verð áður 369.-

Sætar kartöflur

Trönuberjasósa

299 kr/pk
Verð áður 429.-

Trönuber

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir nýja borðspilið sem Valur Þór Gunnarsson hefur hannað?*

2 *Félag eldri borgara í Kópavogi átti afmæli í gær. Hvað varð það gamalt?*

3 *Líftryggingamiðstöðin neitar að líftryggja konu eina. Hvers vegna?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Bjarni Harðarson segir ekkert ósamræmi í frásögn sinni af stjórnarslitum 2007:

Bjarni segist ekki vera tvísaga

STJÓRNMÁL Bjarni Harðarson, fyrrverandi alþingismaður, segist ekki vera tvísaga í frásögnum af slitum ríkisstjórnarsamstarfsins í fyrra.

Fréttablaðið greindi í gær frá nýju greinasafni eftir Bjarna þar sem hann segist bera ábyrgð á því að ekki tókst stjórnarsamstarf með Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum í fyrra. Hann hafi gert allt sem í sínu valdi stóð til að koma í veg fyrir stjórnarsamstarfið og sagst mundu víkja til hliðar ef af því yrði. Í fréttinni voru rifjuð upp ummæli Bjarna í viðtali við Fréttablaðið í júní 2007, þar sem hann sagðist hafa gert samstarfsmönnum sínum það ljóst

BJARNI HARÐARSON

að „ef til þessa stjórnarsamstarfs kæmi stæði ég með því“.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvor fullyrðingin væri ósönn segir Bjarni: „Hvorug. Eins og ég segi frá í bók minni nú þá bauðst ég á þessum tíma til að standa upp úr mínu þingsæti vorið 2007. Þannig hefði ég lagt minn skerf fram til þess að stjórnarsamstarfið héldi áfram. Ég gerði mönnum þá algerlega grein fyrir að þetta væri samvisku minnar vegna eina leiðin sem ég ætti til að standa ekki í móti og þar af leiðandi með ákvörðun meirihluta þingflokks. Mér bar aftur á móti engin skylda til að útskýra þessa hluti í smáatriðum í viðtali á þeim tíma og hef ekki tamið mér að fara með ósannindi í samtölum við blaðamenn, jafnvel þó að þeir vinni hjá jafn ómerkilegum miðli og Fréttablaðið greinilega er.“

Í samtali við blaðamann áréttaði Bjarni að hann teldi ekki ósamræmi í máli sínu; stuðningur hans við samstarf flokkanna hafi falist í boði hans um að víkja. - bs

Kreppan á Norðurlöndum:

Samdrætti spáð í jólaverslun

NORÐURLÖND, AP Svíar, Finnar og Danir munu halda fastar um budduna fyrir þessi jól en þeir eru vanir. Norðmenn munu hins vegar láta krepputal hafa minni áhrif á jólainnkaupin. Þetta kemur fram í spá um jólaverslunina á Norðurlöndunum, sem Nordea-bankinn hefur birt.

Samkvæmt spá Nordea munu Finnar eyða 17 prósentum minna í jólagjafir í ár en í fyrra, og Danir og Svíar tólf prósentum minna.

Norðmenn munu aftur á móti aðeins eyða þremur prósentum minna í ár. Ísland er ekki með í spánni. - aa

Sifjaspellsmál í Bretlandi:

Brown heitir skýringum

BRETLAND, AP Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að breskur almenningur myndi fá svör við því hvernig það gat gerst, að breskur maður skyldi geta óáreittur stundað það áratugum saman að nauðga dætrum sínum og geta þeim níu börn áður en yfirvöld gripu inn í.

Hinn 56 ára gamli faðir var á þriðjudag dæmdur í lífstíðarfangelsi í máli sem dómarinn kvað vera „það hörmulegasta“ á 40 ára ferli sínum. Maðurinn, sem nýtur nafnleyndar í verndarskyni fyrir dæturnar og börn þeirra, stundaði það í aldarfjórðung að nauðga þeim, eða frá því þær voru á bilinu átta til tíu ára. Alls eru þær sagðar hafa orðið óléttar nítján sinnum. Tvö börn dóu í fæðingu en sjö komust á legg. - aa

HORFT Í GAUPNIR SÉR Landsmenn hafa aldrei haft minni væntingar til efnahags- og atvinnumála næstu mánuði. Sjö ár eru síðan vísitalan var fyrst mæld.

Væntingar aldrei minni en nú:

Algjör svartsýni

EFNAHAGSMÁL Neytendur hér á landi hafa ekki verið svartsýnni um horfur í efnahags- og atvinnumálum til næstu sex mánaða, samkvæmt niðurstöðum Væntingavísitölu Gallup. Byrjað var að taka tölurnar saman fyrir sjö árum.

Vísitalan mælist nú 23,2 stig sem er 60,8 prósenta fall á milli mánaða. Fyrir ári stóð vísitalan í 116 stigum en fór hæst í 154,9. - jab

Fjárhagslegt forskot þingflokka lögtryggt

Lög um fjármál stjórnmálaflokka styrkja stöðu þingflokka gagnvart nýjum framboðum. Sterkustu flokkarnir fá hæstu framlögin. Gæti sett strik í reikninginn hjá grasrótarhreyfingum sem hyggjast bjóða fram til Alþingis.

STJÓRNMÁL Pólitískar grasrótarhreyfingar hafa sprottið upp hér á landi í kjölfar efnahagshrunsins og líklegra en oft áður að ný samtök bjóði fram til næstu alþingiskosninga. Lög um fjármál stjórnmálaflokka gætu hins vegar sett strik í reikninginn hjá nýjum hreyfingum.

Samkvæmt lögum eiga flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi og flokkar sem hlutu 2,5 prósent atkvæða í síðustu alþingiskosningum rétt á fjárframlögum frá hinu opinbera. Flokkunum fimm á þingi og Íslandshreyfingunni var samtals úthlutað 371,5 milljónum króna á fjárlögum í ár. Framlag til hvers flokks er í hlutfalli við atkvæðamagn.

Lög um fjármál stjórnmálaflokkanna voru samþykkt í árslok 2005. Markmið þeirra er meðal annars að auka gagnsæi, draga úr hagsmunaárekstrum og efla lýðræðið. Þau hafa aftur á móti verið harðlega gagnrýnd fyrir að draga úr lýðræði og gera nýjum framboðum erfiðara að ná fótfestu.

Íslandshreyfingin bauð fram til alþingiskosninga í fyrra og hlaut rúmlega þrjú prósent atkvæða. Hún á því rétt á framlagi úr ríkissjóði fram að næstu kosningum. Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri hreyfingarinnar segir að forskot þingflokkanna sé samt sem áður óeðlilega mikið. „Ég set til dæmis spurningarmerki við það að framlög ríkisins ráðist af atkvæðahlutfalli því þannig styrkir ríkið mest þá flokka sem eru sterkastir fyrir.“

Margrét telur það kosta að minnsta kosti 30 milljónir króna að fara í framboð. Íslandshreyfingin láti nú ganga fyrir að greiða niður skuldir vegna framboðsins. en ekki sé ljóst hvort framlögin úr ríkissjóði hrökkvi fyrir þeim. Framlag ríkisins gagnist því ekki til halda uppi félagsstarfi, það sé kostað með frjálsum framlögum, sem sé erfiðara að afla í árferði sem þessu. „Flokkarnir á þingi eru með þessu að festa sig í sessi og byggja múr í kringum sig sem vinnur gegn lýðræðinu,“ segir Margrét.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, tekur undir að lög um fjármál flokkanna gagnist fyrst og fremst þingflokkunum og gæti gert nýjum framboðum erfiðara uppdráttar. Einhver mörk verði þó að vera.

„Það er erfitt að búa til kerfi þar sem þarf ekki annað að en að stofna stjórnmálaflokk til að eiga rétt á fjárframlögum úr ríkissjóði,“ segir hann. „Það verða að vera einhver hlutlæg viðmið og það er ekki alveg ljóst hver þau ættu að vera. Það er mögulega hægt að búa til kerfi sem tryggir aukið jafnræði, til dæmis á grundvelli meðlimaskrár eða félagsstarfi en það væri flókið að hafa eftirlit með slíku kerfi.“

bergsteinn@frettabladid.is

UNGIR MÓTMÆLENDUR Háværar kröfur hafa verið uppi um að boðað verði til aukakosninga. Ekki er ólíklegt að nýir flokkar myndu bjóða fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRAMLÖG TIL STJÓRNMÁLAFLOKKA Á FJÁRLÖGUM 2008

Flokkur	Fylgi	Framlag (í milljónum kr.)
Framsóknarflokkur	11,72%	43,5
Sjálfstæðisflokkur	36,64%	136
Frjálslyndi flokkurinn	7,26%	30
Íslandshreyfingin	3,27%	12,1
Samfylkingin	26,76%	99,4
Vinstri grænn	14,35%	53,3

Gallup-könnun fyrir Landssamband slökkviliðsmanna og Brunamálastofnun:

Eldvörnum er verulega áfátt

BRUNAMÁL Um þriðjungur heimila er með engan eða aðeins einn reykskynjara. Ekkert slökkvitæki er á um þriðjungi heimila.

Þetta kemur fram í könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Brunamálastofnun. Niðurstöður sýna að sýnir að eldvörnum er verulega áfátt á mörgum íslenskum heimilum. Enn tekur um fimm prósent heimila áhættuna af því að hafa engan reykskynjara og aðeins einn reykskynjari er á nær 30 prósent heimila að auki. Sverrir Björn Björnsson, formaður LSS, segist líta á það sem vítavert gáleysi að hafa engan reykskynjara og að í langflestum tilvikum þurfi tvo eða fleiri til að tryggja öryggi fjölskyldunnar.

Í gær hófst Eldvarnaátaki 2008 Í því felst meðal annars að slökkviliðsmenn heimsækja nemendur í 3. bekk grunnskóla um allt land og fræða þá og fjölskyldur þeirra um eldvarnir heimilisins. Nýlegum bæklingi um eldvarnir verður dreift til foreldra barnanna. Fræðslu um eldvarnir verður einnig komið á framfæri við almenning með ýmsum hætti og verður mikil áhersla lögð á gildi reykskynjara og annars eldvarnabúnaðar. - jss

ELDVARNARÁTAK LANDSSAMBAND SLÖKKVILIÐS- OG SJÚKRAFLUTNINGAMANNA stendur að Eldvarnaátakinu 2008, sem var kynnt í gær, í samvinnu við TM, slökkviliðin í landinu, Brunamálastofnun, 112 og fleiri.

NÓATÚN

40% afsláttur

Úr kjötborði **998** kr. kg

Folaldagúllas
Verð áður 1.698

60% afsláttur

Úr kjötborði **198** kr. kg

Folaldahakk
Verð áður 498

ÚTSALA Á FOLALDAKJÖTI!

Úr kjötborði **1.298** kr. kg

Folaldasnitsel
Verð áður 1.798

Úr kjötborði **1.498** kr. kg

Folalda innralæri
Verð áður 2.498

Úr kjötborði **2.198** kr. kg

Folaldalundir
Verð áður 2.998

589 kr. ks.

Klementínur
Kassi 2,3 kg

40% afsláttur

359 kr. kg

Móa kjúklingabitar
Lausfrystir

159 kr. stk.

Coca Cola
2 L

139 kr. stk.

Ora 1/2 dós
Gulrætur og grænar baunir

139 kr. pk.

Homeblest
400 g

449 kr. pk.

Pillsbury
Hveiti 2 kg

Nýtt í Nóatúni

289 kr. pk.

Tilda Wholegrain Basmati
Hrísgrjón í suðupokum

59 kr. stk.

Stjörnu
Rúnstykki

879 kr. pk.

Andrex salernispappír
9 rúllur

EXPO • www.expo.is

BREYTTUR OPNUNARTÍMI

Austurveri, Reykjavík	Grafarholti, Reykjavík	Hamraborg, Kópavogi	Reykjavíkurvegi, Hafnarf.	Hringbraut, Reykjavík	Nóatúni 17, Reykjavík	Austurvegi, Selfossi
Mán. – Fös. 10-20	Mán. – Fös. 10-21	Mán. – Fös. 10-20	Mán. – Fös. 10-20	Mán. – Fös. 10-21	Mán. – Fös. 10-20	Mán. – Fös. 10-20
Lau. 11-20	Lau. 11-20	Lau. 11-19	Lau. 11-20	Lau. 11-20	Lau. 11-19	Lau. 11-19
Sun. 11-20	Sun. 11-20	Sun. 11-19	Sun. 11-20	Sun. 11-20	Sun. 11-19	Sun. 11- 19

GEIMGANGA Á þessari mynd frá NASA sést geimfarinn Steve Bowen í geimgöngu við Alþjóðlegu geimstöðina fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Afli úr tilraunaveiði stangveiðimanna í Ytri-Rangá afhentur Fjölskylduhjálpinni:

Reykti laxinn kominn til skila

FÉLAGSMÁL Reyktur og ferskur lax sem veiddur var á stöng í Ytri-Rangá fyrir þremur vikum hefur verið gefinn Fjölskylduhjálp Íslands.

Veiðileyfasalinn Lax-á efndi til tilraunaveiða í Ytri-Rangá 5. nóvember síðastliðinn með undanþágu frá Fiskistofu því liðið var fram yfir lögleyfðan veiðitíma. Tilgangurinn var að veiða lax til að styrkja Fjölskylduhjálpina og að afla upplýsinga um ástand fisksins og veiðanleika á þessum tíma. Afraksturinn varð yfir hundrað laxar. Talsvert var um nýgenginn fisk og fékk Fjölskylduhjálpin hann ferskan en afganginn sá Eðalfiskur um að reykja endurgjaldslaust.

Að því er fram kemur á lax-a.is tók forstöðukona Fjölskylduhjálparinnar, Ásgerður Jóna Flosadóttir, laxinum fegins hendi. Mun Ásgerður hafa sagt að umfjöllun um veiðina á dögunum hafi orðið til þess að enn fleiri hafi lagt sitt af mörkum til Fjölskylduhjálparinnar sem styður við þá sem litlu hafa úr að spila. - gar

LAXINN AFHENTUR Axel Óskarsson kom laxinum úr Ytri-Rangá til Ásgerðar Jónu Flosadóttur hjá Fjölskylduhjálp Íslands.

Þingmenn Frjálslyndra:

Gengið tengt norskri krónu

ALÞINGI Þingflokkur Frjálslynda flokksins, að Kristni H. Gunnarssyni undanskildum, vilja að kannaðir verði möguleikar á að tengja íslensku krónuna við aðra mynt, til dæmis norsku krónuna. Vilja þeir að það verði gert í samráði eða samstarfi við norsk stjórnvöld.

Reynist þess ekki kostur leggja þeir til að kannaðir verði möguleikar á að taka upp evru, með eða án samráðs við Evrópusambandið.

Hafa þingmennirnir þrír, Jón Magnússon, Guðjón A. Kristjánsson og Grétar Mar Jónsson, lagt fram þingsályktunartillögu þessa efnis. - bþs

Tveir sektaðir:

Pissuðu við og á lögreglustöð

LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Vestmannaeyjum handtók um helgina mann fyrir að hindra störf lögreglunnar. Hann var færður á lögreglustöð.

Að því loknu fékk maðurinn að fara frjáls ferða sinna. Þá kastaði hann af sér þvagi fyrir utan lögreglustöðina. Hann var því handtekinn aftur, vistaður í fangageymslu og sektaður.

Félagi mannsins var handtekinn stuttu síðar þar sem hann kastaði af sér þvagi á lögreglustöðina. Gaf hann þá skýringu að hann væri að mótmæla handtöku félaga síns. Hann fær einnig sekt. - jss

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði:

Vilja ræða um stækkun álversins

SVEITARSTJÓRNIR Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði eiga að taka upp viðræður við forsvarsmenn álversins í Straumsvík um mögulega stækkun fyrirtækisins, segir í bókun sjálfstæðismanna í bæjarráði: „Stækkun álversins hefði gríðarlega jákvæð áhrif; tekjur bæjarins myndu stóraukast og hundruð nýrra starfa verða til. Einnig yrðu hliðaráhrif mjög mikil á allt atvinnulíf í bænum. Um leið er það harmað að afstöðuleysi meirihluta Samfylkingarinnar hafi leitt til þess að stækkunaráformum fyrirtækisins var hafnað í íbúakosningu í mars 2007.“ Áheyrnarfulltrúi Vg bókaði að bókunin væri ótímabær og ekki í takt við meirihluta bæjarbúa“. - gar

STÆKKUN Í STRAUMSVÍK Hafnfirðingar höfnuðu stækkun álversins í mars 2007.

Rannsaki aðdraganda og orsök hrunsins

Forseti Alþingis og formenn allra stjórnmálaflokka á Alþingi eru flutningsmenn um laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna.

ALÞINGI Rannsóknarnefnd um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna og tengda atburði verður skipuð samkvæmt frumvarpi til laga sem rætt verður á Alþingi í dag. Í nefndinni skulu eiga sæti Umboðsmaður Alþingis, sérfræðingur skipaður af forsætisnefnd Alþingis og hæstaréttardómari sem jafnframt verður formaður nefndarinnar.

Að auki verða skipaðir sérstakir vinnuhópar með fulltrúum innlendra og eða erlendra sérfræðinga sem verða nefndinni til aðstoðar eða sinna ákveðnum rannsóknarverkefnum. Rannsóknarnefndin og vinnuhóparnir eru óháðir fyrirmælum frá öðrum, þar með töldu Alþingi.

Nefndinni er ætlað að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna. Þá er henni ætlað að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi, eftirlit með henni og hverjir kunni þá að bera ábyrgð á því.

Nefndin á einnig að rannsaka og leggja mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði á fjármálamarkaði.

Flutningsmenn frumvarpsins eru forseti Alþingis og formenn allra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi.

„Þeim verður falið mikið traust, sem þetta verk leiðir en ég hef þá tilfinningu að það skynji allir ábyrgð sína í þessu og mikilvægi þess að þetta verði gert þannig að það verði hafið yfir allan vafa,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður vinstri grænna og einn flutningsmanna frumvarpsins.

Hann segir gríðarlega mikilvægt að framkvæmdin takist vel. Rannsóknin þurfi að vera á breiðum grunni og hún taki ekki bara þröngt til þess sem gerðist í bönkunum heldur taki til viðskiptalífsins í heild.

„Ég held að menn leggi áherslu á að koma málinu til allsherjarnefndar svo hún fái góðan tíma til að skoða það. En svo er framkvæmdin eftir og hún verður gríðarlega viðamikil og vandasöm,“ segir Steingrímur og bætir við að það sé alls ekki útilokað að málið taki nokkrum breytingum í meðförum þingsins.

„Ég hef trú á því að andrúmsloftið í þjóðfélaginu hafi breyst þannig að það detti engum í hug að reynt verði að fara mjúkum höndum um þetta eða fegra á nokkurn hátt. Ég held að allir þeir sem koma að þessu skynji þá kröfu samfélagsins að þetta verði gert heiðarlega og opinskátt og engu hlíft,“ segir Steingrímur.

olav@frettabladid.is

FRUMVARP UM RANNSÓKNARNEFND Steingrímur J. Sigfússon er einn flutningsmanna frumvarpsins en Tryggvi Gunnarsson umboðsmaður Alþingis er einn þeirra sem skipa nefndina.

TILGANGUR LAGANNA

- Að varpa sem skýrustu ljósi á aðdraganda og orsakir þess vanda íslenska bankakerfisins sem varð Alþingi tilefni til að setja lög um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði.
- Að gera úttekt á reglum íslenskra laga um fjármálamarkaðinn í samanburði við reglur annarra landa og framkvæmd stjórnvalda á þeim.
- Að leggja mat á hvernig staðið hefur verið að eftirliti með fjármálastarfsemi hér á landi á síðustu árum og upplýsingagjöf af því tilefni milli stjórnvalda, til ríkisstjórnar og til Alþingis.
- Að koma með ábendingar og tillögur að breytingum á lögum, reglum, vinnubrögðum og skipulagi opinberrar stjórnsýslu sem miða að því að gera íslenskt fjármálakerfi færara um að bregðast við þróun og breytingum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum.
- Að gera ráðstafanir til þess að hlutaðeigandi yfirvöld fjalli um mál þar sem grunur vaknar við rannsókn nefndarinnar um refsiverða háttsemi eða brot á starfsskyldum og gefa jafnfram grein fyrir þeim málum í skýrslu til Alþingis.
- Að skila Alþingi skýrslu um rannsóknina ásamt þeim samantektum og úttektum sem nefndin ákveður að láta vinna í þágu rannsóknarinnar.

ÞOLINMÆÐIN ER Á ÞROTUM

– við þurfum lausnir **NÚNA**

ASÍ hafnar pólitískum kattarþvotti

Við krefjumst alvöru uppstokkunar í banka- og embættismannakerfinu

Við viljum **nýtt** fólk, **nýtt** upphaf, **nýtt** Ísland!

Útifundur á Ingólfstorgi í dag kl. 17.00

Ræðumenn: Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ
Sigurður Bessason formaður Eflingar
Finnbjörn A. Hermannsson formaður Samiðnar

Fundarstjóri: Ingibjörg R. Guðmundsdóttir varaforseti ASÍ

Guitar Islancio leikur í boði FÍH

Alþýðusamband Íslands

SAFNSKIP Fornt seglskip sést hér meðal sýningarmuna í Þýska tæknisafninu, Deutsches Technikmuseum, í München. Fjármögnun safnsins er í uppnámi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meint auðgunarbrot og peningaþvætti forstöðumanns hjá Virðingu:

Skýrslutökur og gagna aflað

LÖGREGLUMÁL Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra hefur undir höndum mikið af gögnum sem hald var lagt á í húsleit í húsnæði verðbréfafyrirtækisins Virðingar hf. á föstudag. Þá mun deildin afla sér frekari gagna, auk þess sem skýrslutökur munu fara fram yfir þremur mönnum. Málið snýst um meint auðgunarbrot og peningaþvætti er varðar hundruð milljóna króna.

Það var á föstudag sem efnahagsbrotadeildin gerði húsleit í húsnæði Virðingar hf. Í kjölfarið voru svo tveir menn handteknir. Öðrum var sleppt samdægurs en hinn úrskurðaður í gæsluvarðhald í viku. Forstöðumaður verðbréfamiðlunar Virðingar var erlendis þegar hinir tveir voru handteknir. Hann var handtekinn við komuna til landsins. Dómari hafnaði hins vegar kröfu um gæsluvarðhald yfir honum. Var þá þeim sem inni sat einnig sleppt, þar sem það var ekki talið þjóna tilgangi rannsóknarhagsmuna lengur að halda honum inni.

Rannsóknin snýst meðal annars um umfangsmikla gjaldeyrisverslun, sem fjármögnuð hafi verið með skammtímalánum í banka. Einnig eru hlutabréfaviðskipti til rannsóknar. - jss

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI Efnahagsbrotadeild embættisins hefur undir höndum fjölda gagna úr húsleitinni.

Gisting Íslendinga í Osló:

Hótelherbergin orðin of dýr

NOREGUR Íslendingar hafa ekki lengur efni á að búa á hótelum í Osló. Gisting á hótelum í Osló hefur minnkað um 88 prósent og vantar sérstaklega Íslendingana, segir í frétt á vef norska ríkisútvarpsins, NRK.

„Ef við kíkjum á tölfræði yfir þjóðir þá hefur gistinóttum frá Íslandi fækkað um 88 prósent. Þetta er örugglega vegna fjárhagsstöðunnar.

Gistinóttum frá Bretlandi hefur fækkað um ellefu prósent og gistinóttum frá Þýskalandi um 9,6 prósent," hefur NRK eftir ferðamálastjóranum Tor Sannerud. - ghs

SKIPULAGSMÁL

Hótel í Morgunblaðshöll

Eigendur húsanna við Aðalstræti 4, 6 og 8 hafa fengið leyfi til að opna milli húsanna. Innrétta á hluta af verslunar- og skrifstofuhúsunum fyrir starfsemi Hótel Plasa Centerhotel. Aðalstræti 6 er þekktast fyrir að hafa hýst Morgunblaðið á sínum tíma.

KÓPAVOGUR

Deilt um rekstur leikskóla

Bæjarráðsfulltrúar Samfylkingar í Kópavogi lögðust gegn því að samið yrði við einkaaðila um rekstur leikskóla í Aðalþingi. Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri vakti athygli á að fulltrúar Samfylkingar í leikskólanefnd bæjarins hefðu samþykkt að samið yrði við lægstbjóðanda. Með afstöðu sinni í bæjarráði væri Samfylkingarfólk að lýsa vantrausti á sitt eigið nefndarfólk. Sögðu fulltrúar Samfylkingar þá að sem sjálfstæðsimaður ætti Gunnar að vita manna best að skiptar skoðanir væru í öllum flokkum.

Framkvæmdastjóri FIA á Umferðarþingi:

Góðir vegir geta skipt sköpum

UMFERÐ „Í yfir hundrað ár hefur nánast eingöngu verið einblínt á hegðun ökumanna í tengslum við dauðaslys í umferðinni. Nú hefur komið í ljós að með réttri hönnun vega og umhverfis þeirra er mögulegt að fækka alvarlegum slysum verulega," sagði John Dawson, framkvæmdastjóri FIA (Foundation for Automobile and Society), í erindi sínu á Umferðarþingi 2008 sem fram fór á Grand Hótel í gær.

Í erindi sínu kynnti Dawson meðal annars hugmyndir sem kallaðar eru núll-sýnin, sem hann og fleiri hafa mótað í starfi sínu hjá EuroRAP (European Road Assessment Program). Sú sýn gengur út á að mögulegt sé að koma í veg fyrir öll banaslys í umferðinni, ekki síst með því að auka gæði og öryggi umferðarmannvirkja.

Að mati Dawsons er ómögulegt að koma í veg fyrir öll mannleg mistök í umferðinni og því verði að haga hönnun vega og umhverfis þeirra þannig að það dragi sem mest úr alvarlegum afleiðingum slysa.

Dawson fjallaði einnig um mikinn kostnað sem fellur á íslenskt samfélag vegna umferðarslysa. Metur hann það svo að Íslendingar séu að tapa um tveimur prósentum af þjóðarframleiðslunni í slíkum slysum. Með því að styðja vel við varnir gegn umferðarslysum sé meðal annars hægt að auka hagvöxt og þróunaraðstoð í heiminum svo um munar.

Einnig voru á umferðarþinginu kynntar niðurstöður athuganna á gæðum íslenskra vega, sem farið hafa fram undanfarin ár á vegum Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Kemur meðal annars í ljós að breidd íslenskra vega er víðast hvar of lítil. Víða sé hægt að auka öryggi vegfarenda á tiltölulega einfaldan og ódýran hátt með því að fjarlægja grjót og aðrar fyrirstöður í nágrenni vega og fylla upp í skurði. Þá sé hægt að auka öryggi vega töluvert með því að setja upp ljósa- og skiltastaura sem brotni auðveldlega við árekstur. - kg

STÓRT VANDAMÁL John Dawson segir að umferðarslys séu eitt stærsta heilbrigðisvandamál heimsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



ÁRÁS Saksóknari lögreglu segir líkamsárásarákæru gegn Benjamín Þór Þorgrímssyni hafa verið endurskoðaða og ákæru vegna hótana bætt við. Ákæruvaldið féll frá þeim lið í dómsal á föstudag. MYND/KOMPÁS

Handvömm héraðsdóms um að kenna

Saksóknari lögreglu hafnar umkvörtunum verjanda í líkamsárásarmáli. Segir ákæru hafa verið leiðrétta lögum samkvæmt. Handvömm hjá dómnum hafi ráðið því að verjandi hafi fengið úrelt eintak ákæru.

DÓMSMÁL Handvömm hjá Héraðsdómi Reykjavíkur olli því að verjandi í líkamsárásarmáli fékk úrelt eintak ákæru, sem leiðrétt hafði verið með eðlilegum hætti, segir saksóknari og aðstoðarlögreglustjóri Lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

JÓN H. B. SNORRASON

Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson, verjandi Benjamíns Þórs Þorgrímssonar, kvartaði á föstudag til ríkissaksóknara vegna meintrar misbeitingar á ákæruvaldi, eins og sagt hefur verið frá í Fréttablaðinu.

Jón H. B. Snorrason, saksóknari og aðstoðarlögreglustjóri lögreglu höfuðborgarsvæðisins, segir kvörtun verjandans byggja á misskilningi. „Skýringar á þessu fær ríkissaksóknari," segir Jón.

Í málinu er Benjamín ákærður fyrir tvær líkamsárásir. Önnur þeirra var sýnd í fréttaskýringarþættinum Kompás í september. Í myndskeiði mátti sjá hvar Benjamín hótaði viðmælanda sínum, og réðist í framhaldi á hann.

„Í þessu tilviki voru áhöld um hvort lýsa ætti hótunum sem viðhafðar voru í líkamsárásinni sérstaklega, eða hvort þær væru hluti þess sem fjalla ætti um í því mati sem fram fer í dómnum um alvarleika árásarinnar," segir Jón.

„Það voru til tvö ákæruskjöl. Fyrra skjalið var sent með gögnum máls til dómsins, og var með tveimur ákæruliðum. Svo var tekin ákvörðun hér um að hafa ákæruna í þremur liðum, og þá var sent nýtt ákæruskjal [til dómsins] sem leiða átti til að hitt yrði eyðilagt," segir hann.

Dómarinn tók við nýja skjalinu og gaf út fyrirkall, þar sem hann kallaði til aðila málsins, á grundvelli leiðréttrar ákæru, segir Jón.

„Hefði dómurinn séð einhvern ágalla á þessu hefði hann að sjálfsögðu sent málið heim aftur. Það er enginn ágalli á þessu, þetta gerist allt í höndum dómarans. Það er enginn feluleikur um fyrra skjalið," segir Jón.

Í kvörtun verjandans til ríkissaksóknara, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir að samkvæmt traustum heimildum hafi saksóknari dagsett síðari útgáfu ákæru í málinu aftur í tímann.

„[Dagsetningin] skiptir engu máli í þessu samhengi," segir Jón. „Við erum bara að leiðrétta fyrra skjalið, ekki gefa út nýja ákæru."

Hann bendir á að geri verjandinn athugasemd við vinnubrögð dómara í þessu máli væri eðlilegt að hann leitaði til dómstjóra, jafnframt því að kvarta til ríkissaksóknara. Það hafi hann ekki gert.

Þær upplýsingar fengust hjá ríkissaksóknara í gær að málið væri í vinnslu hjá embættinu.

brjann@frettabladid.is

Okkur er misboðið

Við viljum fá aftur það Ísland sem við þekktum

Við viljum aftur samfélag frelsis, jöfnuðar og samkenndar

Við viljum ekki þjóðfélag markaðshyggju og vaxandi ójöfnuðar

Við viljum að þið gerið okkur kleift að halda heimilum okkar

Við viljum fá sama vöruverð og vexti og eru í nágrannalöndum okkar

Við viljum að þið axlið ábyrgð gerða ykkar – enga pólitíska hvít-þvottarnefnd

Við viljum hreinsun í banka- og embættismannakerfinu

Við viljum flýta kosningum

MÆTUM Á ÚTIFUND Í DAG Á INGÓLFSTORGI KL. 17.00!

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

P & Ó / prod.is

HÚSASMIÐJAN

Aðventu-krans 2.990

Hyasinta 99 kr
Aðeins tvö stk á mann

Hyasintu-skreyting 999

Aðventa í Blómavali

2 stk Jólastjarna 1.199

Jólakúlur
12 stk í pk
999

Sýpris 399 stk

Tilboð
Grenibúnt
499
~~599~~
Nobilis, Norman Silkifura, Thuja

ótrúlegt verð **299** kr/m

Slönguljós
2701576

SAMA VERÐ
ALLAR JÓLASERÍUR Á SAMA VERÐI OG Í FYRRA

Blick

yfir 20 ára reynsla
í Húsasmiðjunni/Blómavali

ódýrt
Hefðbundnar inni og útiseríur, hagkvæmar og fallegar.

inniseríur

10 ljósa	199
20 ljósa	299
35 ljósa	459
50 ljósa	589
100 ljósa	999

útiseríur

40 ljósa	879
80 ljósa	1.399
120 ljósa	2.239
200 ljósa	3.999

Chrissline
útiseríur

Frábær "warmwhite" ljósasería sem endist lengur.

verð frá **1.990**
50 ljósa

Jól í Húsasmiðjunni

frábært verð **899**

Aðventuljós
hvít, viðar og rauð
5899631-3

Verð frá **269**

Jólastyttur
2413457-72

frábært verð **3.999**

Jólahús með ljósi
2713367

Gjöf sem nýtist á góðu verði

GJÖF SEM NÝTIST

blómaval

Skrúfjárnasett
Toolux 75stk
5010139
2.499 ~~4.270~~

Samlokujárn
Bomann Estate
1840843
3.849 ~~4.799~~

Gjafakort
Húsasmiðjunnar/Blómavals

Hefðirnar á aðventu
undirbúningurinn, maturinn, skreytingarnar, tónlistin og bækurnar

Hvernig voru jólin þá?
Viðtöl við fólk sem man tímana tvenna

Jólaskreytingar
frumlegar pakkaskreytingar, kertaskreytingar, borðskreytingar

Njóttu jólanna til fulls.
Fáðu þér áskrift á ***mbl.is/askrift***
eða í síma ***569 1122***

Morgunblaðið

Filon/SIA

„ORÐRÉTT“

Alltaf hress

„Það sem sagt er í trúnaði hér á ritstjórninni kemur þér ekki við.“

AGNES BRAGADÓTTIR, BLAÐAMAÐUR Á MORGUNBLAÐINU
DV 26. nóvember

Hefur það einhver?

„Við höfum ekkert fast í hendi frá 1. janúar.“

EINAR SKÚLASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ALÞJÓÐAHÚSS
Fréttablaðið 26. nóvember

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? KJARTAN BJÖRNSSON:

Undirbýr afmæli

„Ég finn að undirbúningur jólanna er að fara af stað,“ segir Kjartan Björnsson, rakari á Selfossi. Hann segir búið að kveikja á jólaljósum á Selfossi og unnið sé að skreytingum á fyrirtækjum. Kjartan segir nóg að gera í jólaklippingum hjá þeim feðgum á Rakarastofu Björns og Kjartans. „Svo erum við að undirbúa 60 ára afmæli rakarastofunnar. Afi minn, Gísli Sigurðsson rakari og eftirherma, stofnaði rakarastofuna árið 1948 og við erum að heiðra minningu hans með því að minnast þessara tímamóta. Við hyggjumst starfa í að minnsta kosti 60 ár í viðbót.

Svo er ég nýbakaður faðir. Þegar maður er kominn á þennan aldur er maður aðeins dottinn úr æfingu að vakna svona á nóttunni en þetta er allt að venjast og eftir tveggja og hálfs mánaða at tek ég kokhraustur bleiuvakt aðra hverja nótt.“

tilveran
nær og fjær

Kennt að láta í sér heyra

Katrín Oddsdóttir, laganemi við Háskólann í Reykjavík, vakti athygli fyrir snöfurmannlega frammistöðu í ræðustól á mótmælafundi á Austurvelli um síðustu helgi. Hún segir takmörk á þolinmæði fólks og heillavænlegast sé fyrir yfirvöld að bregðast snarlega við kröfum almennings.

LÝÐRÆÐISLEG SKYLDUMÆTING Katrín segir að með því að sitja heima og tuða við sjónvarpsskjáinn sé í raun verið að gefa samþykki sitt fyrir óbreyttri stöðu. Hún býst við fjölmenni í mótmælin hinn 1. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Fólkið sem stjórnar landinu verður að hlusta á almenning. Það er grundvallarforsenda þess að við leyfum okkur að kalla okkur lýðræðisríki. Annars skulum við bara kalla okkur eitthvað annað,“ segir Katrín Oddsdóttir, 31 árs laganemi við HR og sérfræðingur í mannréttindum. Í ræðu sinni á mótmælafundinum á Austurvelli gaf Katrín meðal annars ríkisstjórninni vikufrest til að boða til kosninga, eða verða borin út úr opinberum byggingum að öðrum kosti.

Katrín er á öðru ári við lagadeild HR. Áður hafði hún lagt stund á fjölmiðlafræði og blaðamennsku í Dublin á Írlandi og lauk svo meistaraprófi í mannréttindum frá University of London í Englandi. „Ég er rosalegur eilífðarstúdent og það er nettur Georg Bjarnfreðarson í mér,“ segir Katrín hlæjandi og vísar þar til persónu Jóns Gnarr í sjónvarpsþáttunum Dagvaktinni, sem sífellt stærir sig af mastersgráðunum sínum fimm. „Ég var alin upp af miklum jafnréttis- og friðarsinnum sem kenndu mér að mynda mér skoðanir, láta í mér heyra og reyna að breyta því sem ég get breytt. Ég hef alltaf verið pólitísk en hef haldið mig utan flokka, utan þess að ég var skráð í Kvennalistann þegar hann var og hét,“ segir Katrín.

Að mati Katrínar hafa yfirvöld ekki tekið kröfur mótmælenda nægilega alvarlega. „Það þarf þolinmæði til að mæta niður á Austurvöll og frysta á sér rassgatið án þess að á mann sé hlustað. En sú þolinmæði er ekki endalaus. Fyrr eða síðar fær fólkið algjörlega nóg. Betra er fyrir stjórnmálamenn að bregðast við áður en það gerist.“

Meðal þess sem Katrín og fleiri krefjast er að forseta verði veitt leyfi til að mynda utanþingsstjórn. Landinu yrði þá stjórnað af sérfræðingum fram að kosningum. „Kosningar eru nauðsynlegar. Eins og sést á skoðanakönnunum er þetta fólk ekki með umboð fjöldans. Til dæmis er það mikill misskilningur hjá Ingibjörgu Sólrúnu að halda að hún ein geti leitt okkur út úr ógöngunum. Það þýðir ekki að blindast algjörlega af eigin ágæti.“

Katrín er á þeirri skoðun að fjölmiðlaumfjöllun um mótmælin hafi verið mjög ábótavant. „Ég er menntuð í faginu og fannst umfjöllunin skammarleg fyrstu vikurnar. Varla var minnst á þær þúsundir sem mótmæltu friðsamlega, heldur var einungis vakin athygli á fámennum hópi sem var með ólæti. En fjölmiðlar virðast vera að taka sig saman í andlitinu núna.“

Katrín er virkur félagi í Neyðarstjórn kvenna, hópi sem á upptök sín í Facebook á netinu og í eru nú um 2.100 félagar. Spurð hvort hún hyggi á frama í pólitík segist hún ætla að einbeita sér að Neyðarstjórninni í bili. „Þar eru kraftmiklar konur að búa til „blueprint“ af nýju samfélagi. Ég hef mikla trú á þessum hópi,“ segir Katrín Oddsdóttir.

kjartan@frettabladid.is

Mikil vinna lögð í að uppfæra vefsíðu um Guðmundar- og Geirfinnsmálin:

Áhugi blossar upp reglulega

„Þetta eru gríðarlega yfirgripsmikil málsgögn, yfir 10.000 blaðsíður í 26 bókum. Þetta hefur því verið föndur og dund hjá hópi manna í nokkuð langan tíma,“ segir Tryggvi J. Hübner, gítarleikari með meiru. Hann og fleiri áhugamenn um Guðmundar- og Geirfinnsmálin svokölluðu hafa skannað inn öll málsskjölin sem gefin voru út fyrir lögfræðinga sem störfuðu við málið á sínum tíma og gert aðgengileg á vefsíðu tileinkaðri málinu, Mál214.com. Einnig hefur nýrri bloggsíðu verið komið í gagnið, Mál214.blog.is, þar sem birtast greinar um málið, gestir geta ritað athugasemdir og fundið áhugaverða tengla tengda málinu.

HÆSTIRÉTTUR Dæmt var í Guðmundar- og Geirfinnsmálum árið 1980.

Að sögn Tryggva hefur vefsíðan Mál214.com verið starfandi í um áratug, eða síðan í aðdraganda umsóknar um endurupptöku málanna í Hæstarétti. Mikill áhugi á málunum blossi upp reglulega í þjóðfélaginu, nú síðast í kjölfar útgáfu sjálfsævisögu Erlu Bolladóttur, einnar þeirra sem dæmd var til fangelsisvistar fyrir aðild að Geirfinnsmálinu.

Tryggvi segir afar marga á þeirri skoðun að víða hafi verið pottur brotinn í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. „Það vantar kjarnann í málin. Fólk var dæmt á grundvelli samræmisprófana á sakborningum milli atburða. Ekkert lík fannst, engin vitni, engin efnisleg sönnunargögn og þar fram eftir götunum. Það vantar allt í þetta mál,“ segir Tryggvi.

- kg

TaL

LÆKKAÐU SÍMREIKNINGINN

ALLUR PAKKINN

FRÁ **3.990.-***

*Mánaðargjald á nettengingu, heimasíma og einni GSM áskrift.

HEIMASÍMI NET GSM

Gerðu heimilið jólalegra og vertu í góðu TALsambandi við ástvini um jólin

Þeir sem skrá sig í Allan Pakkann hjá Tali fyrir 15. desember fá að gjöf 2.000 kr. jólainneign í IKEA til að gera heimilið enn jólalegra.

Suðurlandsbraut 24 – 108 Reykjavík – þjónustuver: 1817 – skrifstofa: 445-1600 – www.tal.is – tal@tal.is

Útgjöldin

> Verð á kílói af agúrkum í ágústmánuði hvers árs. Miðað við verðlag á landinu öllu.



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON RITHÖFUNDUR

Waits-tónleikar bestu kaupin

Miðar á tónleika með Tom Waits eru það fyrsta sem kemur upp í huga rithöfundarins Gunnars Theodórs Eggertssonar, þegar hann er beðinn að nefna sín bestu kaup. „Þessir tónleikar höfðu djúp áhrif á mig, það næsta sem ég hef komist trúarlegri upplifun. Og svo sé ég það núna að ég var á síðasta séns að splæsa í þennan lúxus, enda voru tónleikarnir rándýrir og haldnir í Englandi."

Verstu kaupin gerði Gunnar fyrir heilum tíu árum. „Ætli það hafi ekki verið minidiskaspilari, sem átti að vera framtíðin á þessum tíma. Þetta var eitthvert furðulegt millispil, áður en ipod-inn kom til sögunnar. Ég er einmitt nýbúinn að vera að flytja og fann þá poka fullan af minidiskum og snúrum. Ég hlakka mikið til að henda honum."

Af svörunum að dæma er Gunnar ekki mikil eyðslukló. „Það er helst ég eyði fullmikið af peningum í gamlar vínylplötur, þær heilla mig alltaf. En ég sé nú sjaldnast eftir að kaupa þær."

HÚSRÁÐ

NOTA GAMLA HANSKA

■ *Helga Pórey Jónsdóttir háskólanemi segir gamla sturtuhanska góða til að þrífa sturtuna eftir að maður hefur sjálfur verið í sturtu*

„Til þess að þrífa sturtuklefa er langbest að nota gamla sturtuhanska, svona eins og fást til dæmis í Body Shop. Með því að setja slatta af sápu í hanskana og nudda hurðirnar vel og vandlega má ná þeim skínandi hreinum á örskotsstundu. Þetta er stórsniðugt að gera þegar sá sem þrífur er sjálfur í sturtu. þá þarf maður ekki að klöngrast í öllum fötunum inn í sturtuna," segir Helga Þórey Jónsdóttir háskólanemi.

■ **Matreiðsla**

Steikingarfita innkölluð

Brauðgerð Kr. Jónssonar og Co. sf. hefur innkallað og tekið úr sölu steikingarfitu í 2,5 kílógramma fötum þar sem í ljós kom að fitan freyddi of mikið. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu kom gallinn á fitunni í ljós fljótlega eftir að hún hafði verið send í búðir og var því ákveðið að taka hana úr sölu. Steikingarfitan er framleidd af Kjarnavörum fyrir Brauðgerð Kr. Jónssonar og Co. og er búist við að ný sending af steikingarfitunni verði komin í verslanir á næstu dögum svo þeir sem ætla sér að steikja laufabrauð með steikingarfitu frá Brauðgerð Kr. Jónssonar og Co þurfa ekki að bíða lengi eftir nýrri steikingarfitu.



Neytendur: Andvaraleysi unga fólksins

Gáttaður á kortasukki

DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Sigurður Einarsson starfrækir mötuneytið í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Hann er alveg gáttaður á andvaraleysi nemenda þegar kemur að peningamálum. „Þeir reiða fram kortið fyrir öllum sköpuðum hlutum," segir hann. „Jafnvel fyrir einhverju sem kostar svo lítið sem fimmtíukall. Ég hef meira að segja lent í því að kortið var tekið upp fyrir brjóstsykri á tíkall. Þá gaf ég nú bara molann."

Sigurði finnst kostnaður við kortaviðskipti alveg út úr kortinu. „Krakkarnir vita yfirleitt ekkert hvað þeir eru að borga. Unga fólkið hefur gert alls konar samninga við bankana, sumir fá færslugjöld niðurfelld til 18 ára aldurs eða ákveðið margar fríar færslur á ári. Það er samt mikill kostnaður sem smyrst ofan á, bæði fyrir nemendur og fyrir mig sem þarf líka að borga færslugjöld, 8 kr. lágmarksgjald á hverja færslu. Svo borga ég þar að auki leigu fyrir posann."

Í Iðnskólanum í Hafnarfirði var nýlega komið fyrir hraðbanka og í honum kostar ekkert að taka út reiðufé á debetkort. Sniðugast er auðvitað að hafa bara peninga á sér, því þannig fær maður bestu kostnaðartilfinninguna – „Það er allt of sjaldgæft að krakkarnir noti hraðbankann og borgi með peningum. Meirihlutinn man ekki einu sinni PIN-númerin sín," segir Sigurður.

Margir bíða eftir ráðgjöf

Aðsókn í ókeypis fjármálaráðgjöf hefur aldrei verið meiri. Langur biðlisti er eftir aðstoð hjá Ráðgjafarstofu heimilanna. Forstöðumaður segir marga hafa misst trúna á bankakerfinu.

Aðilar sem hringja í dag með það fyrir augum að panta tíma í ráðgjöf þurfa því miður að bíða þar til eftir áramót til að komast að," segir Ásta S. Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu heimilanna. Mikil ásókn er um þessar mundir í fjárhagsráðgjöf hjá Ráðgjafarstofunni, sem einnig býður upp á símaráðgjöf og netspjall sem ætti að vera hægur leikur að nýta sér án þess að þurfa að bíða lengi.

ÁSTA S. HELGADÓTTIR

Ásta segir nokkuð algengt að aðilar sem leita í ráðgjöf hjá stofunni hafi misst trúna á bankakerfið. Litið sé á Ráðgjafarstofuna sem hlutlausa stofnun og því kjósi margir heldur að fá svör við mikilvægum spurningum hjá ráðgjöfum hennar. „Bankarnir eru í síauknum mæli að koma sér upp ráðgjafarþjónustu. Þeir hvetja viðskiptavini til að nýta sér þá þjónustu og sama má segja um okkur. Traust á bankakerfið verður að aukast," segir Ásta.

Hlutverk Ráðgjafarstofunnar er að veita fólki sem á í verulegum greiðsluerfiðleikum og komið er í þrot með fjármál sín endurgjaldslausa ráðgjöf. Þar er fólk aðstoðað við að fá sýn yfir stöðu mála, því hjálpað að gera greiðsluáætlanir, velja úrræði og milliganga höfð um samninga við lánardrottna ef þess er þörf.

Ásta segir vissulega afar bagalegt að biðlistinn eftir ráðgjöf sé svo langur. Hins vegar hafi símaráðgjöfin og ekki síður netspjallið reynst mörgum vel. Íbúum landsbyggðarinnar stendur til boða að senda umsóknir um ráðgjöf í pósti og fá tillögur til úrbóta sendar til baka, auk þess sem ráðgjafi er til viðtals á skrifstofu fjölskyldudeildar Akureyrar vikulega.

Íslendingum í útlöndum sem þarfnast ráðgjafar eða aðstoðar vegna aðstæðna á fjármálamarkaði erlendis, er bent á að snúa sér til næstu sendiskrifstofu Íslands í nágrenni viðkomandi. Upplýsingar um hvar hana er að finna eru á heimasíðu utanríkisráðuneytisins.

kjartan@frettabladid.is

ERFIÐLEIKAR Bankarnir bjóða í síauknum mæli upp á ráðgjafarþjónustu fyrir viðskiptavini.

HVERT SKAL SNÚA SÉR FYRIR ENDURGJALDSLAUSA FJÁRMÁLARÁÐGJÖF?

Skrifstofa Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna er á Hverfisgötu 6, 2. hæð, 101 Reykjavík.

Sjö ráðgjafar starfa hjá stofunni.

Tímapantanir eru í síma 551-4485 alla virka daga frá kl. 9.00-16.00. Símaráðgjöf er alla virka daga á sama tíma.

Netspjall Ráðgjafarstofu fer fram á vefnum fjolskylda.is á afgreiðslutíma skrifstofunnar.

Fyrirspurnir sendist á rad@rad.is

Ráðgjafi frá Ráðgjafarstofu er til viðtals á Akureyri vikulega og tekur viðtöl á skrifstofu fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Tímapantanir eru í síma 460 1420.

Tímapantanir fyrir ráðgjafarþjónustu bankanna fara fram á heimasíðum bankanna, en einnig er hægt að hringja í þjónustuver bankanna til að fá frekari upplýsingar.

MATUR & NÆRING DÓRA S. GUNNARSDÓTTIR MATVÆLAFRÆÐINGUR

Örugg matvæli á jólahlaðborðinu

Tími jólahlaðborðanna er runninn upp. Fólk kemur saman í skammdeginu í heimahúsum eða veitingahúsum og nýtur góðs matar í góðra vina hópi. Að mörgu er að hyggja þegar útbúa á fjölbreytta rétti fyrir hóp fólks. Gestgjafinn vill ekki verða fyrir því að gestir hans veikist eftir neyslu þess matar sem hann býður upp á. En ef farið er að öllu með gát ætti hætta á slíku að vera í lágmarki.

Í eldhúsinu þarf að hugsa um að skilja að vinnslu hrárra og tilbúinna matvæla til að koma í veg fyrir að óæskilegar örverur berist úr hráu kjöti og fiski yfir í soðin matvæli eða matvæli sem ekki á að sjóða.

Hreinlæti kemur í veg fyrir að örverur úr umhverfinu komist í matvælin. Handþvottur skiptir miklu máli því hendurnar koma víða við. Mikilvægt er að þvo hendur vandlega áður en farið er að meðhöndla matvæli og á milli vinnslu mismunandi rétta.

Aðskilnaður í eldhúsi, hrein áhöld, ílát, borð og hreinar hendur eru grundvallaratriði til að koma í veg fyrir að matvælin mengist af óæskilegum örverum.

Rétt hitastig er lykilatriði til að koma í veg fyrir fjölgun örvera í matnum. Ef bera á fram eldaða rétti kalda skal kæla réttinn eins fljótt og unnt er niður í 0-4° C. Best er að kæla matinn niður í grunnum ílátum en einnig getur verið gott ráð að kæla rétti niður í ísbaði ef um mikið magn er að ræða. Kaldir réttir hitna fljótt á hlaðborðinu. Mikilvægt er því að takmarka þann tíma sem köldu réttirnir standa frammi og ganga síðan fljótt frá matarafgöngum.

Heitum réttum þarf að halda vel heitum, að minnsta kosti við 60° C. Ef matur stendur lengi frammi hálfvolgur fara örverurnar að fjölga sér og hættunni er boðið heim.

Áhöld ættu að vera við hvern rétt, það er bæði hreinlegra og snyrtilegra. Falleg og fjölbreytt ílát undir matinn setja svip sinn á jólahlaðborðið en mikilvægt er að nota aðeins ílát og áhöld sem eru sérstaklega ætluð fyrir matvæli, t.d. vörur sem eru merktar með glas- og gaffalmerki.

Gestir veitingahúsa eiga að geta fengið upplýsingar um þekkta ofnæmis- og óþolsvalda í krásum jólahlaðborðsins. Veitingamenn verða því að vera tilbúnir til að veita slíkar upplýsingar sé þess óskað.

Ef ofangreind atriði eru höfð í huga ætti samverustund við jólahlaðborð í skammdeginu að geta orðið eftirminnileg fyrir alla en að sjálfsögðu er það ábyrgð neytandans sjálfs að gæta hófs í mat og drykk.

Ítarefni á www.mast.is. **www.mni.is**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLENSKT Í BÓNUS

ÍSLANDSFUGL FROSNAR KJÚLINGABRINGUR **1498 kr./kg.**

NF FORSTEIKTAR-FROSNAR FISKIBOLLUR **579 kr./kg.**

KF SALTAÐ FOLALDAKJÖT
398 kr./kg. MERKT VERÐ 665 KR./KG.

KJARNAFÆÐI

EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
1455 kr./kg.
MERKT VERÐ 2425 KR./KG.

KJÖTBANKINN UNGNAUTAHAKK
898 kr./kg. MERKT VERÐ 1498 KR./KG.

STJÖRNU OMEGA EGG
6 STK BAKKI **198 kr.** 12 STK BAKKI **298 kr.**

KF KOFAREYKT FOLALDAKJÖT
398 kr./kg. MERKT VERÐ 665 KR./KG.

BÓNUS BRAUÐ 1 KG 26 SNEIÐAR
aðeins 139 kr.

MYLLU BRÚNTERTA 370 G
aðeins 398 kr.

SENSEO ICE CAPPUCCINO
8 BOLLAR **198 kr.**
BOLLI AF CAPPUCCINO Á AÐEINS 25 KR.

COKE
1 LTR.
98 kr

BÓNUS SMÁBRAUÐ FROSIN
15 STK GRÓF OG FÍN **198 kr pokinn.**

TE & KAFFI JÓLAKAFFI **549 kr.**

TRÓPI 1 LTR. **179 kr**

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

FRÁBÆR TILBOÐ í Krónunni!

DÚNDUR tilboð!

998 kr. pk.
Kjúklingur grillaður ásamt Coke 2 l og Stjörnuhrásalati

40% afsláttur

1559 kr. kg
Grísalundir

898 kr. kg
Goða Gourmet ungnautahakk

219 kr. pk
Goða kindakæfa 380g

34% afsláttur

989 kr. kg
Krónu hamborgarhryggur

1398 kr. pk.
Rose kjúklingabringur frosnar 900g

298 kr. pk.
Super baquette með hvítlauk

40% afsláttur

897 kr. kg
Bayonneskinka

944 kr. kg
Ýsuflök roð- og beinlaus frosin

40% afsláttur

519 kr. kg
Móa kúklingalæri krydduð

569 kr. pk
Göl salami 3 tegundir 300g

Verð frá
310 kr. pk.
Merrild Senseo kaffi púðar 4 tegundir

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO • www.expo.is

KRÓNAN
Ný kynslóð lágvöruverðsverslana

Opnunartímar í Krónunni:

Krónan Höfða alla daga 11-19

Krónan Lindum alla daga 11-19

Krónan Granda alla daga 11-19

KRONAN

fyrst og fremst fyrir heimilið

Krónan Breiðholti	Krónan Hafnarfirði	Krónan Mosfellsbæ	Krónan Akranesi	Krónan Vestmannaeyjum	Krónan Reyðarfirði
virka daga 11-21	virka daga 11-21	virka daga 10-20	alla daga 10-19	alla daga 11-19	virka daga 11-19
lau. 11-21 sun.12-21	lau. 11-21 sun. 12-21	helgar 10-19			lau. 11-19 sun.12-16

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
637 **-0,03%**

Fjöldi viðskipta: 19
Velta: 31,7 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
CENTURY ALUM.	+14,54%	ÖSSUR	-0,94%
BAKKAVÖR	+5,24%	MAREL	-0,38%
		FÆREYJABANKI	-0,38%

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: **242,88** +1,36

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 3,82 +0,00% ... Atorka 0,50 +0,00% ... Bakkavör 2,41 +5,24% ... Eimskipafélagið 1,30 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Icelandair Group 13,10 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 78,00 -0,38% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 94,50 -0,94%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN
nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Tiger Woods látinn fjúka

Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors hefur sagt upp styrktarsamningi sínum við kylfinginn Tiger Woods. Ár var eftir af samningnum, sem gerður var 1999, en Woods auglýsti Buick-bíla fyrir GM.

Ástæða uppsagnarinnar er sú að GM, sem rambar á barmi gjaldþrots, reynir nú að skera niður allan óþarfa kostnað, og Woods hefur gert lítið sem ekkert fyrir sölu Buick-bíla. Árið 1999 seldust 445 þúsund slíkir bílar en í fyrra ekki nema 185 þúsund.

Woods mun þó ekki staddur á flæðiskeri, því árstekjur hans eru um 100 milljón dollarar. GM, ásamt Ford og Chrysler, hefur hins vegar óskað eftir 25 milljarða dollara neyðaraðstoð ríkisins.

Svart hagkerfi á netinu

Mikið og blómlegt neðanjarðarhagkerfi virðist þrífast á veraldarvefnum samkvæmt nýrri rannsókn hugbúnaðarfyrirtækisins Symantec, sem meðal annars framleiðir búnað til vírusvarna.

Fyrirtækið fylgdist í eitt ár með spjallrásum þar sem hugbúnaður til að stela persónuupplýsingum og stolnar persónuupplýsingar á borð við kreditkortaupplýsingar ganga kaupum og sölum. Samkvæmt áætlun Symantec nemur þessi markaður 276 milljónum dala á ári.

Samkvæmt rannsókninni kosta stolin kreditkortanúmer á bilinu 10 cent og 25 dollara, en upplýsingar um bankareikninga kosta frá 10 dölum upp í 100 dollara.

Álfélag stekkur úr lægsta gildi

Gengi hlutabréfa í Century Aluminum, móðurfélagi Norðuráls, sem á og rekur álverið á Grundartanga, hækkaði um 14,54 prósent í tuttugu viðskiptum upp á tæpar tuttugu milljónir króna í Kauphöllinni í gær. Það hefur nú hækkað um 45,9 prósent síðan á föstudag fyrir viku.

Gengi bréfa í félaginu var skráð á markað í júní í fyrrasumar og endaði í 3.426 krónum á fyrsta degi. Það fór hæst í 6.150 krónur 15. maí síðastliðinn en hefur fallið jafnt og þétt síðan þá og fór í lægsta gildi frá upphafi á föstudag í síðustu viku, 675 krónur á hlut. - jab

Fönix rís í nýju landi

„Við höfum fundið fyrir miklum áhuga á langtímafjárfestingum hér, bæði frá innlendum og erlendum fjárfestum," segir William Fall, forstjóri Straums. Bankinn hyggst setja á laggirnar fjárfestingasjóð sem vonast er til að hefji starfsemi fyrir árslok.

Stjórn hans verður sjálfstæð og starfsemin aðskilin frá Straumi. Stefnt er að skráningu hans á hlutabréfamarkað.

Sjóðurinn ber heitið Fönix fjárfestir í íslenskri atvinnustarfsemi, bæði fyrirtækjum sem nú þegar eru starfandi en hyggja á breytingar og nýjum sem eiga eftir að líta dagsins ljós. „Það eru mikil tækifæri hér nú. Íslensk fyrirtæki eru almennt vel rekin. Eftir hremmingarnar sem eru að ganga vantar þau aðgang að hlutafé. Þar komum við til sögunnar," segir Fall og bætir við að horft verði til ýmiss konar atvinnustarfsemi.

Straumur mun leggja um 40 milljónir evra inn í sjóðinn í fyrstu skrefum. Það jafngildir sjö milljörðum króna. Stefnt er að því að aðrir fjárfestar leggi til allt að 500 milljónir evra. - jab

UM FÖNIXINN

Í grískri og rómverskri goðafræði má finna söguna um fuglinn Fönix. Hann gat orðið fimm hundruð ára. Þegar fuglinn fann endalokin nálgast flaug hann til Egyptalands og bjó til hreiður sem hann kveikti í. Úr öskunni reis svo nýr fugl.

Standa sterkir eftir högg

Fjárfestingarbankinn Straumur skilaði meira tapi í október en á fyrstu níu mánuðum ársins. Forstjóri bankans segir aðgerðir síðustu tveggja ára skila sér nú.

„Við fengum á okkur högg og stóðum uppi með skrámur. Nú höfum við kortlagt leiðina fram undan," sagði William Fall, forstjóri Straums, þegar hann kynnti uppgjör fjárfestingarbankans í gær.

Í kjölfar bankahrunsins voru viðskipti með hlutabréf Straums stöðvuð og hafa legið niðri í tæpa tvo mánuði.

Fjárfestingarbankinn tapaði 124,7 milljónum evra fyrstu níu mánuði ársins. Það jafngildir 22,7 milljörðum króna. Heldur gaf á bátinn þegar á leið en tap á þriðja fjórðungi nam 145,6 milljónum evra.

Bankinn bætti tíunda mánuðinum við á efnahagsreikninginn til að sýna áhrif bankahrunsins í síðasta mánuði. Tapið í október einum var 25 milljónum evra meira en alla níu mánuðina á undan, 150 milljónir evra.

Þrátt fyrir mjög stór áföll stendur Straumur keikur og situr á ágætum sjóði. Eigið fé hans nam 758 milljónum evra í lok október. Það er rúmlega tvöfalt meira en reglubundin lágmarksupphæð eiginfjár kveður á um.

Fall segir aðgerðir bankans síðastliðin tvö ár hafa skilað sér í hremmingunum nú. Jafnframt vexti í Evrópu, síðast með kaupum á Teathers sem áður heyrði undir eignir gamla Landsbankans, hafi áhættu verið dreift, grynnkað á skuldum og eignir seldar. Þá stefni bankinn enn að tvíhliða skráningu erlendis. Drög að henni voru reifuð fyrir ári en stefnt er að landnámi í Stokkhólmi í Svíþjóð.

Fall segir unnið að því hörðum höndum að tryggja lausafjárstöðu bankans. Muni mestu um þriggja ára sambankalán upp á 200 milljónir evra sem falli á gjalddaga um miðjan næsta mánuð. „Við erum mjög nálægt að ljúka endurfjármögnun vegna þessa. Ég hafði gert mér vonir um að ná því fyrir fundinn [í gær] en því miður verður það ekki fyrr en næstu daga," segir Fall. „Í kjölfarið vonumst við til að viðskipti hefjist að nýju með hlutabréf okkar," segir hann.

jonab@markadurinn.is

WILLIAM FALL Forstjóri Straums segir bankann hafa orðið fyrir áföllum í bankahruninu. Stjórnendur hafi unnið hörðum höndum að undirbúningi fyrir kaldan vetur og standi því sterkari ella. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

AFKOMA STRAUMS*

Tímabil	Hagnaður/tap
Júl-sept 2008	-145,6 milljónir evra
Júl-sept 2007	200 þúsund evrur
Tímabil	**Hagnaður/tap á hlut**
Júl-sept 2008	-0,015 evrur
Júl-sept 2007	0,00 evrur

** Á þriðja ársfjórðungi*

Netverslun minnkar

Samdráttur varð í fyrsta sinn í netverslun í Bandaríkjunum í byrjun nóvember, eftir stöðugan vöxt undanfarin ár. Hann hefur að jafnaði verið 15 prósent á ári.

Samkvæmt rannsókn ráðgjafarfyrirtækisins comScore var netverslun fyrstu þrjár vikur í nóvember fjórum prósentum minni en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt tölum Mastercard nam samdrátturinn 7,5 prósentum fyrstu tvær vikur mánaðarins, auk þess sem þær sýna 3,9 prósenta samdrátt í október miðað við sama tíma í fyrra.

„Alveg er klárt að netverslun Íslendinga hefur dregist saman á síðustu vikum, enda ástandið mjög óeðlilegt," segir Pétur Friðriksson, forstöðumaður úgáfusviðs hjá Borgun, sem þjónustar Mastercard á Íslandi, en segir tölur um netverslun þó ekki liggja á lausu.

Andri Valur Hrólfsson hjá Valitor segir að erfitt sé að mæla netverslun Íslendinga innanlands, því mikið af henni fari í raun í gegnum síma. „Þessi verslun er í raun mjög stutt komin hér," segir hann.

Samkvæmt rannsókn Rannsóknarseturs verslunarinnar í vor hefur netverslun hér dregist saman á hverju ári frá 2005. - msh

Í PÓSTMIÐSTÖÐINNI Sendingar vefverslana heimsins hafa um allangt skeið verið fyrirferðarmiklar í póstsendingum til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leyfa skorður á innheimtukostnað

Innheimtulög taka gildi 1. janúar. Fjármálaeftirlitið sér um eftirlit og framkvæmd.

Innheimta skulda fyrir aðra verður háð leyfi Fjármálaeftirlitsins (FME) um áramót samkvæmt innheimtulögum sem taka gildi fyrsta janúar næstkomandi.

„Til að mega stunda innheimtu fyrir aðra er sett fram það skilyrði að innheimtuaðila hafi áður verið veitt innheimtuleyfi. Það sama á við um aðila sem kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Lögmenn, opinberir aðilar, viðskiptabankar, sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki geta hins vegar stundað innheimtu án innheimtuleyfis," segir í tilkynningu FME, en umsókn um slíkt leyfi á að vera skrifleg á þar til gerðum umsóknareyðublöðum og á að skila fyrir 10. desember næstkomandi.

INTRUM VIÐ LAUGAVEG Fyrirtæki og aðrir sem hafa af því atvinnu að innheimta skuldir fyrir aðra þurfa að sækja um innheimtuleyfi til Fjármálaeftirlitsins fyrir 10. næsta mánaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FME hefur svo jafnframt eftirlit með innheimtustarfsemi þeirra sem leyfisskyldir eru, opinberir aðilar, viðskiptabankar, sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki, en lögin setja ákveðnar kvaðir og upplýsingaskyldu á þá sem innheimta. „Lögin heimila jafnframt viðskiptaráðherra að ákveða í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar og leggja þá skyldu á innheimtuaðila sem stundar innheimtu á grundvelli innheimtuleyfis að hafa í gildi starfsábyrgðartryggingu."

Lögin ná hins vegar ekki til innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum og löginnheimtu. - óká

Þjóðverjar trufla Actavis

Ein auðugasta fjölskylda Þýskalands, sem ber eftirnafnið Merckle, er að skoða sölu á lyfjafyrirtæki sínu Ratiopharm ásamt öðrum eignum með það fyrir augum að grynnka á skuldum sem söfnuðust upp við heldur misfarna skortsölu á hlutabréfum í þýska bílarisanum Volkswagen.

Merckle-fjölskyldan spáði því, líkt og fleiri skortsalar, að gengi Volkswagen myndi lækka. Raunin varð sú að það fjórfaldaðist þegar bílaframleiðandinn Porsche sagðist stefna að 75 prósenta hlut í félaginu í síðasta mánuði. Stóð þá fjölskyldan uppi með gríðarlegt tap.

Ratiopharm er umsvifamikið á samheitalyfjamarkaðnum og etur kappi við Actavis.

Bloomberg-fréttaveitan segir ákvörðun Merckle-fjölskyldunnar geta raskað söluferli Actavis verði bæði félögin sett á markaðinn á sama tíma. - jab

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

Sendum stjórnvöldum skýr skilaboð!
Fjölmennum á útifundinn
á Ingólfstorgi kl. 5 í dag!
VM
Félag vélstjóra og málmtæknimanna

15% afsláttur
af öllum snyrtivörum

Valdar snyrtivörur með
25-50% afslætti

Ráðgjafar frá helstu
snyrtivörumerkjum
veita góð ráð

Shiseido
Kanebo
Origins
Clarins
Lancome
Clinique
Mac
Biotherm
Estee Lauder
Helena Rubinstein

Gildir fimmtudag til sunnudags
Gildir ekki með öðrum tilboðum

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

skoðun

greinar@frettabladid.is

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi.

Það er hættulegt að vera kona

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Í Afríkuríkinu Kongó er hættulegra að vera kona en að vera hermaður. Þetta kom fram í máli hinnar norsku Gro Lindstad á morgunverðarfundi UNIFEM í upphafi árlegs 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi. Gro er yfirmaður UNIFEM á sviði samstarfs við ríkisstjórnir og þjóðþing.

Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi er nú haldið í átjánda sinn. Alþjóðlegur baráttudagur gegn kynbundnu ofbeldi 25. nóvember markar upphaf átaksins en alþjóðlegi mannréttindadagurinn 10. desember er lokadagur þess.

Markmið átaksins er að krefjast aðstoðar og stuðnings til handa fórnarlömbum ofbeldis, styrkja forvarnastarf og þrýsta á um breytingar á löggjöf til að bæta réttarstöðu þolenda ofbeldis. Einnig hefur átakið verið nýtt til að stuðla að því að alþjóðlegum mannréttindareglum sé beitt til að vinna gegn kynbundnu ofbeldi sem mannréttindabroti, heilbrigðisvandamáli og ógn við mannfrelsi og frið um allan heim.

Mannréttindi kvenna eru ekki munaður! er yfirskrift 16 daga átaksins í ár. Sjónum verður sérstaklega beint að því að standa vörð um mannhelgi og mannréttindi kvenna í efnahagskreppunni og áhersla lögð á að opinberar aðgerðir til að vernda mannréttindi kvenna séu ekki munaður sem má láta undan þegar harðnar á dalnum.

Það er þekkt að efnhagslegar þrengingar geta leitt til aukins ofbeldis gegn konum. Fyrir liggur að á þessu hausti hefur verið metaðsókn í Kvennaathvarfið. Það er afar brýnt að fyrirhugaður niðurskurður hins opinbera bitni ekki á þeim samtökum sem sinna þeim sem orðið hafa fyrir kynbundnu ofbeldi og að þeim verði áfram gert kleift að sinna þeim hópi sem til þeirra leitar. Horfast verður í augu við að líkur eru á að hópurinn sem leitar til dæmis til Kvennaathvarfsins og Stígamóta fari stækkandi.

Á upphafsdegi 16 daga átaksins var Ban Ki-moon, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, kynntur alþjóðlegur undirskriftalisti UNIFEM gegn ofbeldi á konum. Meira en fimm milljónir manna og kvenna hafa ritað nafn sitt á listann og með því lýst yfir að þau hafni ofbeldi gegn konum.

Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi á sér stað alla daga um allan heim. Vissulega eru viðfangsefni þessarar baráttu mismunandi eftir heimshlutum.

Á morgunverðarfundi UNIFEM mátti heyra í hugrakkri konu frá Eþíópíu, Emebet Merkuria, sem uppgötvaði þegar hún hafði átt heima á Íslandi um nokkra hríð að mannréttindi hennar voru ekki virt í hjónabandinu. Vera hennar í öðru landi veitti henni nýja sýn á hlutskipti sitt og hér á Íslandi hafði hún net sem gat stutt hana út úr aðstæðum sínum.

Á Íslandi er vissulega ekki jafnhættulegt að vera kona eins og það er í Kongó. Það breytir því ekki að hér á landi eru mannréttindi kvenna ekki þau sömu og mannréttindi karla. Baráttunni lýkur ekki fyrr en því marki er náð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf.
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Stelpur á öllum aldri ath.
Nú er búðin full af skvísufötum, stærðir frá S - 3x.
Kjólar, mussur,skytur,toppar, peysur,leggings,úlpur, gallabuxur í miklu úrvali og margt fl.
Ný föt í hverri viku, og lygilegt verð!
Nýjar vörur á vefsíðu
diddy.is
Verið velkomnar,
alltaf heitt á könnunni.

Nýju vörurnar komnar!
Alltaf sama góða verðið.

Fallegar vörur og frábært verð, sjón er sögu ríkari

Diddy.is
Faxafeni 14 • s: 588 8400

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vetrarkosningar

Geir H. Haarde forsætisráðherra hugnast ekki að slíta þingi og boða til kosninga snemma á næsta ári. Hvort það hefur eitthvað með gengi Sjálfstæðisflokksins í skoðanakönnunum að gera skal ósagt en Geir hefur svarað því til að honum hugnist ekki að kjósa að vetri til. Hugsanlega lumar Geir á frekari upplýsingum um hvernig ástandið verður á Íslandi en hann vill láta uppi, fyrst hann býst við að Íslendingar verði á ný svo háðir veðri og vindum að vetrarkosningar komi ekki til greina.

Minna gjaldþrot

Fjölmenni var á borgarafundi sem haldinn var í Háskólabíói á mánudagskvöldið. Gafst almennum borgurum þar tækifæri til að spyrja ráðherra milliliðalaust út í stöðu lands og þjóðar og hvað ríkisstjórnin hyggist gera til að taka á þeim vanda sem upp er kominn í kjölfar bankahrunsins. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra var á fundinum og sagði hann ríkisstjórnina gera margt til að einstaklingar yrðu minna gjaldþrota. Hugsanlega hefur ráðherrann mismælt sig en gjaldþrota einstaklingum kann að verða nokkur huggun í því að verða þá að minnsta kosti minna gjaldþrota.

Öxl í öxl

Mikið hefur verið rætt um meint dangl Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna, í öxl Geirs H. Haarde forsætisráðherra á Alþingi á mánudaginn. Sjálfir hafa þeir félagar viljað gera lítið úr málinu. Af myndum að dæma mætti þó halda að Steingrímur sé að vekja Geir þar sem hann sefur undir ræðu Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra. Engan skyldi undra þótt Geir láti sér renna í brjóst undir ræðum í þinginu eftir andvökunætur undanfarinna vikna. Hvort um er að ræða stimpingar eða annað skal ósagt látið en aðhald stjórnarandstöðunnar birtist því með ýmsum hætti.

olav@frettabladid.is

Hvert stefnir gengið?

ÞORVALDUR GYLFASON
Í DAG | Gengi krónunnar

Er hægt að sjá fjármálakreppur fyrir? Já, með því að telja byggingarkranana. Ef þeir eru orðnir ískyggilega margir eins og í Bangkok 1996 og í Reykjavík 2006, þá er klár hætta á kreppu. Sumarið 2007 kom hingað til lands einn fremsti fjármálakreppufræðingur heims, Robert Z. Aliber, hagfræðiprófessor í Chicago. Hann kastaði lauslegri tölu á alla byggingarkranana í Reykjavík og nærsveitum og sagði: ég gef ykkur eitt ár. Hann reyndist hafa á réttu að standa.

Gengisfölsunarfélagið er gjaldþrota

Í Taílandi féll gengi batsins um helming í fjármálakreppunni þar austur frá 1997, en helmingur gengisfallsins gekk síðan til baka. Taíland rétti úr kútnum á fáeinum árum. Þetta er algengt munstur í fjármálakreppum. Gengi krónunnar hefur nú fallið um tvo þriðju og á trúlega eftir að falla enn meira, þegar krónan verður sett aftur á flot samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans. Síðan mun gengið væntanlega rísa aftur upp við dogg, en hversu mikið og á hversu löngum tíma er ógerningur að segja. Mér þykir líklegt, að gengi krónunnar verði um helmingi lægra eða þar um bil, þegar um hægist, en það var fyrir kreppu. Ég reisi þá skoðun m.a. á rannsóknum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Ef stjórnvöld reyna að hverfa aftur til hágengisstefnu fyrri tíðar, gæti gengisfallið um tíma orðið minna en ég geri ráð fyrir. Mér sýnist þó, að gamla gengisfölsunarfélagið sé nú loksins komið í þrot vegna þess, að hágengisstefna með gamla laginu útheimtir greiðan aðgang að erlendu lánsfé. Nú er lánstraust Íslands þrotið eða í öllu falli mun minna en áður, svo að rétt gengisskráning kemur ein til greina. Annað er ekki í boði. Raunhæf gengisskráning mun hamla innflutningi og renna styrkari stoðum undir útflutning, sem þjóðin þarf nú sem aldrei fyrr á að halda til að efla atvinnu, treysta innviði, standa skil á erlendum skuldum og renna stoðum undir batnandi lífskjör í framtíðinni.

Verkahringur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur að undanförnu fært út kvíarnar til að svara kalli og kröfum tímans. Hann gætir sín nú betur en áður á að miða efnahagsráðgjöf sína við hvort tveggja í senn: að leysa skammtímavandann, sem við er að glíma á hverjum stað, til dæmis gjaldeyriskreppu eða fjármálakreppu, og treysta um leið hagvaxtargetu þjóðarbúsins til langs tíma litið. Sjóðurinn er þó litblindur í pólitík og verður að vera það. Stjórnmálakreppur eru ekki í verkahring sjóðsins. Þessu er nauðsynlegt að halda til haga vegna þess, að gagnrýnendur sjóðsins lýsa honum iðulega sem alþjóðlegri efnahagslögreglu, sem valtar yfir grunlaus aðildarlönd og neyðir þau í nafni vafasamrar hugmyndafræði til að gera ráðstafanir, sem þau myndu ekki grípa til af fúsum og frjálsum vilja. Þessi gagnrýni á sjóðinn er að minni hyggju misráðin. Hagfræðingar sjóðsins eru ekki í pólitík og verða að beygja sig undir stjórnmálin á hverjum stað, hvort sem þeim líkar það vel eða illa. Allajafna skiptir sjóðurinn sér til dæmis ekki af því, hvort stjórnvöld hækka skatta og aðrar álögur eða draga úr útgjöldum ríkis og byggða til að ná endum saman. Það er innanríkismál og kemur sjóðnum ekki við. Sjóðurinn ætlast til þess eins, að endarnir nái saman.

Lárétt rennibraut í boði

Sjóðurinn getur ekki heldur skipt sér af því, hvort Ísland gengur í Evrópusambandið og tekur upp evru eða ekki. Ákvörðun um það er íslenzkt innanríkismál og kemur sjóðnum ekki við. Hefði ríkisstjórnin sagt við fulltrúa sjóðsins, að hún ætlaði að sækja um aðild að ESB og taka upp evruna við fyrstu hentugleika, þá hefði sjóðurinn þurft að lúta þeirri ákvörðun og taka mið af henni. Og þá er ekki víst, að ákveðið hefði verið að setja krónuna aftur á flot eins og gert var og taka þá áhættu, að krónan eigi eftir að falla talsvert til viðbótar við það gengisfall, sem orðið er. Þá hefði komið til greina að festa gengi krónunnar til dæmis í 150 krónum á hverja evru, nota aukinn gjaldeyrisforða Seðlabankans til að halda genginu föstu þar eða þar um bil og smíða þannig lárétta rennibraut inn í ESB og Myntbandalag Evrópu líkt og Eystrasaltslöndin gerðu snemma á síðasta áratug til að búa sig undir inngöngu í ESB og upptöku evrunnar við fyrstu hentugleika. Ríkisstjórnin virðist ekki hafa ljáð máls á þessum kosti. Hann er enn í boði.

Yfirtók ríkið gömlu bankana?

UMRÆÐAN
Ástráður Haraldsson skrifar um fall bankanna

ÁSTRÁÐUR HARALDSSON

Fall bankanna lagði próf fyrir stjórnvöld. Hvernig tekst að leysa úr ræður miklu um hvernig okkur reiðir af á næstu árum. Affarasælast er frammi fyrir erfiðum verkefnum að halda haus og vinna af einurð og heiðarleika. Það sem átti að gera var einfaldlega að segja satt og fara að lögum. Verkar ekki flókið. Líklega falla stjórnvöld samt á prófinu. Í stað þess að fara að lögum hafa þau keppst við að hanna undanþágur frá lögum. Alþingi hefur haft það hlutverk að ljá undanþágunum formlegt lagagildi. Útaf þessu varð Icesave að óleysanlegu vandamáli. Útaf þessu gæti stofnast til ótakmarkaðrar ábyrgðar ríkisins á skuldum bankanna.

Yfirtaka FME á stjórnun bankanna varð við aðstæður sem að lögum þýddu að þeir voru gjaldþrota. Þá bar að taka bú þeirra til gjaldþrotaskipta. Þetta var ekki gert og sýnist ekki standa til. FME skipaði nýjar stjórnir og kaus að kalla þær skilanefndir. Það heiti er villandi. Þetta eru nýjar stjórnir félaganna en ekki skilanefndir í skilningi laga.

Nú hafa tveir bankanna fengið „greiðslustöðvun“. Ekki þó í skilningi gjaldþrotalaga. Til þess uppfylla þeir ekki lagaskilyrði. Greiðslustöðvunin er á grundvelli nýsettra laga um að slík heimild skuli veitt að kröfu FME þótt skilyrði sem fram að þessu hafa gilt um greiðslustöðvun séu ekki til staðar. Sömu lög banna lögsóknir á hendur bönkunum. Ekki hvarflar að mér að þetta standist. Dómstólar munu ekki telja þessa reglu hafa lagagildi og dæma án tillits til hennar.

Það sem er hættulegt við vegferð FME með gömlu bankana er að málið er rekið á lögfræðilegu einskismannslandi sem m.a. leiðir til þess að margir standa í þeirri trú að ríkið eigi nú gömlu bankana.

Hefur ríkið yfirtekið gömlu bankana? Stóð það til? Ég held ekki. Haldi fram sem horfir er hætta á að þetta verði eigi að síður niðurstaðan. Að stjórnvöld með framgöngu sinni stofni til ótakmarkaðrar ábyrgðar á skuldbindingum gömlu bankanna. Í taugaveiklun og ógáti.

Hættum nú þessu rugli. Segjum satt og förum að lögum. Það er alltaf best.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður og dósent við Háskólann á Bifröst.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Græddu gjafir

Öll jólainnkaupin endurgreidd*

Til: Þín
Frá: Office1

1. 500 kr. inneign á hnattlíkan.
2. 500kr. inneign á púsl
3. 1000kr. inneign á tungumáladisk
4. 500kr. inneign á DVD mynd
5. 500kr. inneign á jólapappír
6. 2000kr. inneign á skrifborðsstól
7. 500 inneign á SES fönduvörur
8. 3000kr. inneign á skrifborð
9. 500kr. inneign á fjölskylduspil
10. 5000kr. inneign á prentara

Samtals Inneign = Kr.14.000.-

Stimpilkortið

Í hvert skipti sem þú verslar bók hjá Office1 færðu stimpil og gjöf í formi inneignar á einhvern ákveðinn vöruflokk eða vöru. Því fleiri bækur sem þú verslar verður gjöfin veglegri. Allir sem nota stimipilkortið eiga svo möguleika á að fá alla jólapakkana endurgreidda*

*Eftir að þú hefur verslað bók eða bækur og fengið stimpil í stimpilkortið fyllirðu út persónuupplýsingar aftan á stimpilkortið sem liggur eintig frammi í öllum verslunum Office1. Síðan setur þú stimpilkortið í jólakassann sem staðsettur er við afgreiðsluborðin í Office1. Vikulega verður heppinn viðskiptavinur dregin út og fær öll jólainnkaupin á kassakvittun þar sem bókakaupin koma fram endurgreidd.

Jólabókabúðin þín

Office1 Superstore

Skeifan 550-4110, Smáralind 550-4140, Kringlan 550-4130, Hafnarfjörður 550-4120, Selfoss 550-4190, Vestmannaeyjar 550-4180, Egilsstaðir 550-4160, Akureyri 550-4150, Ísafjörður 550-4170

Jólin vaxtalaus

fyrsta afborgun í mars

Jólalán Hagkaups

Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar



35%* afsláttur
TILBOÐ 2.590
Bókatíðindaverð 3.990,-

2. sæti**
Ævisögur

30%* afsláttur
TILBOÐ 4.890
Bókatíðindaverð 6.990,-

30%* afsláttur
TILBOÐ 3.280
Bókatíðindaverð 4.690,-



35%* afsláttur
TILBOÐ 2.590
Bókatíðindaverð 3.990,-

40%* afsláttur
TILBOÐ 2.690
Bókatíðindaverð 4.490,-

35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Bókatíðindaverð 4.990,-

30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-



TILBOÐ 890

1. sæti**
Barnabækur

30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Bókatíðindaverð 3.290,-

30%* afsláttur
TILBOÐ 2.440
Bókatíðindaverð 3.490,-

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum
* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.
** Samkvæmt sölulista 17.-23. nóvember

Gildir 27.-30. nóvember

30-70% afsláttur

af vinsælum bókum

1. sæti**
Metsölulisti

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-

35%* afsláttur

TILBOÐ 3.560
Bókatíðindaverð 5.480,-

1. sæti**
Almennt efni

TILBOÐ 2.999

35%* afsláttur

TILBOÐ 3.240
Bókatíðindaverð 4.990,-

5. sæti**
Skáldverk

5. sæti**
Ævisögur

35%* afsláttur

TILBOÐ 3.230
Bókatíðindaverð 4.980,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.480
Bókatíðindaverð 4.980,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-

8. sæti**
Skáldverk

5. sæti**
Almennt efni

30%* afsláttur

TILBOÐ 4.050
Bókatíðindaverð 5.790,-

70%* afsláttur

TILBOÐ 450
Alm. verð 1.499,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-

35%* afsláttur

TILBOÐ 2.910
Bókatíðindaverð 4.490,-

30%* afsláttur

TILBOÐ 3.140
Bókatíðindaverð 4.490,-

Yesmine ÁRITAR
Föstudag í Garðabæ
Laugardag í Kringlu
Sunnudag í Smáralind

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Frestur er á öllu bestur

UMRÆÐAN
Benedikt Jóhannesson skrifar um Evrópumál

BENEDIKT JÓHANNESSON

Margir hafa orð á því hve yfirvegaður Geir Haarde sé í viðtölum. Hann láti vart haggast þó að hart sé að honum sótt. Þetta er rétt og sannarlega lofsvert. Hins vegar er það mjög til baga hve mörgum málum ríkisstjórnin og einkum Sjálfstæðismenn ýta á undan sér og geta ekki tekið af skarið.

Utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, virðist hafa mikla ábyrgðartilfinningu. Ólíkt sumum flokksmönnum sínum segir Ingibjörg Sólrún að þjóðarhag eigi að setja ofar skammtímahagsmunum Samfylkingarinnar. Reyndar leikur hún sama leik og aðrir Samfylkingarmenn og segist mundu mæta á mótmælafund gegn ríkisstjórninni ef hún sæti ekki í henni sjálf. Þetta hefur gefist vel í skoðanakönnunum, því ekki halda leiknum áfram?

Það virðist viss þversögn en ríkisstjórnin, sem hefur að undanförnu sætt miklu aðkasti almennings, gæti enn komist á spjöld sögunnar sem tímamótastjórn. Líklega sér Ingibjörg Sólrún þetta og vill ekki spilla þessu tækifæri með ótímabærum kosningum.

Helst vill almenningur úrlausn sinna mála en aðstæður bjóða ekki upp á skjótan bata. Ríkisstjórnin getur hins vegar markað heillavænlega stefnu til frambúðar, stefnu sem í raun og veru leiddi til þess að eftir nokkur ár væru Íslendingar betur settir en nú og sú staða væri mun styrkari en sú spilaborg sem nú er hrunin.

Mikilvægur þáttur í göngunni út úr vandanum er aðild að Evrópusambandinu.

Enginn útlendingur hefur trú á íslensku krónunni. Á árum áður hélt Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra og síðar seðlabankastjóri því fram að efnahagslögmálin giltu ekki á Íslandi. Stundum hvarflar að manni að eftirmenn hans séu sama sinnis. Norðurlandaþjóðirnar hafa orðið fyrir ágjöf vegna þess að fjárfestar hafa ekki næga trú á þeirra gjaldmiðlum. Eru þær þó mun fjölmennari en Íslendingar. Ytra ræða menn vandann af yfirvegun og hvorki ráðherrar né bankastjórar hæðast að þeim sem vilja tryggja stöðugleika með því að taka upp evru.

Íslendingar þurfa styrkan gjaldmiðil. Það markmið næst hraðast með því að hefja viðræður um aðild að Evrópusambandinu sem allra fyrst. Hins vegar verða forystumenn Sjálfstæðisflokksins að lýsa því yfir fyrir landsfund að þeir telji slíkar viðræður nauðsynlegar. Forsætisráðherra hefur ítrekað sagt að hann hafi efasemdir um ESB-aðild en að það séu ekki trúarbrögð. Mikilvægt er að hann setji hagsmuni þjóðarinnar ofar kreddum. Enginn vafi er á því að kreppan væri ekki svo djúp á Íslandi sem raun ber vitni, ef landið hefði verið aðili að Evrópusambandinu og myntbandalaginu.

Leiðin sem ganga þarf er þessi:

1. Ráðamenn í Sjálfstæðisflokknum lýsi yfir stuðningi við aðildarviðræður. Eðlilegt er að foringjar leiði flokkinn en láti ekki teyma sig áfram.
2. Landsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkir í janúar að þjóðin skuli ganga til slíkra viðræðna.
3. Stjórnarflokkarnir segja að þeir hyggist starfa áfram saman uns tekst að leiða þetta mál til lykta.
4. Undirbúningur viðræðna hefst. Þar er hægt að byggja mikið á starfi nefndar Björns Bjarnasonar um Evrópumál frá því í fyrra.
5. Viðræður hefjast í apríl 2009 og lýkur á árinu.
6. Í upphafi viðræðna lýsa Íslendingar vilja til þess að festa gengi krónunnar við evru, til dæmis á genginu 130. Óskað verður stuðnings ESB við þetta frá 1. júlí 2009. Ef það gengur eftir verður verðbólga á Íslandi svipuð og í ES strax og vextir um 5% hærri en á evrusvæðinu. Hvort tveggja yrði mikil bót fyrir Íslendinga.
7. Samningur um aðild liggur fyrir í árslok.
8. Þjóðaratkvæði um samninginn fer fram snemma árs 2010.
9. Verði hann samþykktur samþykkir Alþingi nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá og þing er rofið.
10. Alþingiskosningar í maí 2010.
11. Nýtt Alþingi staðfestir breytingar á stjórnarskránni og samþykkir samninginn formlega.

Með þessu tryggir núverandi ríkisstjórn að hún verður í framtíðinni talin hafa komið þjóðinni úr hreinum ógöngum í jafnvægisástand. Hér verða áfram vandamál, evran verður ekki orðin formlegur gjaldmiðill og lífskjör verða miklu lakari en þau voru í upphafi árs 2008. En þjóðin verður ekki lengur einangruð og erlendir fjárfestar sjá að þjóðin vill verða hluti af stórri heild en ekki samfélag sérvitringa sem heldur að efnahagslögmálin gildi ekki hjá þeim. En þau gilda nú samt.

Það fer best á því að játa það strax.

Höfundur er ritstjóri Vísbendingar, vikurits um viðskipta- og efnahagslíf. bj@heimur.is

Tómur tryggingarsjóður

UMRÆÐAN
Helgi Áss Grétarsson skrifar um IceSasve

HELGI ÁSS GRÉTARSSON

Fyrir skömmu rituðu íslensk stjórnvöld og Evrópusambandið undir viljayfirlýsingu um lausn Icesave-deilunnar. Í viljayfirlýsingunni felst m.a. að íslenska ríkið ábyrgist greiðslu lágmarkstryggingar innlánseigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. á Bretlandi og í Hollandi. Heildarfjárskuldbinding íslenska ríkisins vegna þessa veltur á því hvernig tekst að koma eignum Landsbanka Íslands hf. í verð. Það viðhorf hefur komið fram opinberlega að íslenska ríkið hafi með viljayfirlýsingunni verið neytt til að taka við skuldum langt umfram það sem því er skylt eftir lögum, sbr. grein Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar í Morgunblaðinu 21. nóvember 2008. Efast má um að þessi skilningur sé réttur. Það stafar ekki síst af því hvernig staðið hefur verið að fjármögnun íslenska innlánatryggingakerfisins.

Fjármögnun innlánatryggingakerfa

Ráða má af aðfaraorðum tilskipunar um innlánatryggingakerfi 94/19/EB að tilgangur hennar sé fyrst og fremst að vernda lágmarkshagsmuni innlánseigenda. Þessir hagsmunir eru skilgreindir í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar, þ.e. innstæður hvers innlánseigenda skulu tryggðar upp að vissu lágmarki sem nemur nú tæpum 21.000 evrum. Að sjálfsögðu þurfa að vera til eignir í innlánatryggingakerfum til að hægt sé að tryggja þessa lágmarksvernd. Gefið er til kynna í tilskipuninni að lánastofnanirnar skuli sjálfar standa straum af kostnaðinum við fjármögnun kerfisins, sbr. fyrri málsliður 24. mgr. aðfaraorða tilskipunarinnar.

Það er flókið að vita á hverjum tíma hversu mikið af eignum þurfa að vera til í innlánatryggingakerfi til að mæta mögulegum heildarskuldbindingum sem leiða af 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Af þessum ástæðum m.a. er ríkjum heimilt að ákvarða greiðslur í kerfið sem hlutfall af heildarinnlánum, sbr. fyrri málsliður 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Skilyrði þess að slík leið sé tæk er að hún tryggi að eignir kerfisins dugi fyrir a.m.k. 90% af þeirri heildarfjárskuldbindingu sem leiðir af lágmarkstryggingu innlánseigenda í 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar. Mælt er fyrir um þetta í síðari málslið 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar sem á ensku er svohljóðandi: „The percentage guaranteed must, however, be equal to or exceed 90% of aggregate deposits until the amount to be paid under the guarantee reaches the amount referred to in paragraph 1.“

Íslenska fjármögnunarleiðin

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999 skal heildareign innstæðudeildar Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (hér eftir nefndur Tryggingarsjóðurinn) nema að lágmarki 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Fjármögnun Tryggingarsjóðsins var því í samræmi við fyrri málslið 4. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Engin íslensk lagaregla kvað á um að heildareignir innstæðudeildar tryggingarsjóðsins þyrftu að hrökkva fyrir 90% lágmarkinu skv. síðari málslið 4. mgr. 7. gr. áðurnefndrar tilskipunar. Í framkvæmd var þeirri reglu ekki heldur fylgt eftir þó að þess hafi verið væntanlega kostur, t.d. með verulegri hækkun á greiðsluhlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða í sjóðinn.

Fram hefur komið að um 15 milljarðar kr. séu nú til í innstæðudeild Tryggingarsjóðsins. Gert er ráð fyrir að heildarfjárskuldbinding vegna lágmarkstryggingar innlánseigenda Icesave-reikninganna nemi samtals 640 milljörðum króna. Sé tekið mið af 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar og síðari málslið 4. mgr. 7. gr. hennar þá hefði tryggingarsjóðurinn þurft að afla a.m.k. 576 milljarða kr. frá Landsbanka Íslands hf. til að tryggingarvernd innlánseigenda í Icesave–reikningunum væri fyrir hendi, þ.e. 90% af 640 milljörðum króna. Þessar tölur sýna augljóslega að íslenska kerfið var illa fjármagnað miðað við þær skýru skyldur sem leiða af 1. mgr. og síðari málslið 4. mgr. 7. gr. tilskipunar um innlánatryggingakerfi.

Það er flókið að vita á hverjum tíma hversu mikið af eignum þurfa að vera til í innlánatryggingakerfi til að mæta mögulegum heildarskuldbindingum sem leiða af 1. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar.

Ályktanir

Í ritinu EES-réttur og Landsréttur, bls. 196-227, eftir Davíð Þór Björgvinsson, núverandi dómara við Mannréttindadómstól Evrópu, er fjallað ítarlega um skaðabótaskyldu ríkja samkvæmt EES-rétti. Með hliðsjón af þeirri umfjöllun og dómafordæmum liggja haldbær lagarök því til grundvallar að íslenska ríkinu hafi verið skylt skv. EES-rétti að tryggja lágmarkshagsmuni innlánseigenda á Icesave-reikningum Landsbanka Íslands hf. á Bretlandi og í Hollandi. Þessi ályktun er í hnotskurn reist á þrennu:

Í fyrsta lagi er hún reist á því að í skjóli starfsleyfa frá íslenskum stjórnvöldum safnaði Landsbanki Íslands hf. háum fjárhæðum annars vegar í útibúi bankans á Bretlandi frá síðla árs 2006 og hins vegar í útibúi bankans í Hollandi frá vormánuðum 2008.

Í öðru lagi er hún reist á því að íslenska ríkið hefur hagað lögum og réttarframkvæmd þannig að haustið 2008 var Tryggingarsjóðurinn nánast tómur í samanburði við mögulegar heildarfjárskuldbindingar sem á sjóðinn gætu fallið.

Í þriðja lagi er hún reist á að brotið hafi verið gegn skýrum ákvæðum í tilskipun um innlánatryggingakerfi með þeim afleiðingum að þeir, sem ákvæðin áttu að vernda, urðu fyrir tjóni.

Höfundur er lögfræðingur.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Trivial Pursuit

Disney ÚTGÁFAN

Opnaðu bókina að hinni dásamlegu veröld Disney...

Spilaðu með uppáhalds Disney persónunum þínum í þessari töfrandi Trivial Pursuit útgáfu. Sérstakir Disney hlutir eru m.a. Disney leikpeð, Disney töfrabókar-spjaldahaldari og sérstakur töfrahattur fyrir yngri þátttakendur.

Trivial Pursuit Disney
7.999.-

Jólin vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ber enginn pólitíska ábyrgð?

UMRÆÐAN
Jón Baldvin Hannibalsson skrifar um pólitíska ábyrgð

JÓN BALDVIN HANNIBALSSON

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið ráðandi afl í stjórnmálum á Íslandi á lýðveldistímanum. Síðastliðin sautján ár hefur flokkurinn farið með allt í senn forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið og stjórn Seðlabankans (í persónum tvegga fyrrverandi borgarstjóra Reykjavíkur). Þar með ber Sjálfstæðisflokkurinn óumdeilanlega höfuðábyrgð á þeirri efnahagsstefnu, sem nú hefur beðið algert skipbrot.

Þegar minnt er á þessa staðreynd bregst formaður Sjálfstæðisflokksins og núverandi forsætisráðherra við með því að segja að það megi ekki perónugera vandann. Meðan allt lék í lyndi og góðærið ríkti (þótt það væri að vísu mestan part tekið að láni) þótti sjálfsagt að persónugera dýrðina í persónu Davíðs Oddssonar forsætisráðherra (1991-2004). En nú þegar spilaborgin er hrunin og þjóðarbúið er ein rjúkandi rúst er bannað að persónugera vandann. Þá er ekkert Davíð að kenna, hvorki sem forsætisráðherra né seðlabankastjóra. Þaðan af síður þykir kurteislegt að persónugera vandann í persónu varaformanns flokksins og fjármálaráðherra (1998-2006). Umræðan verður samkvæmt þessu að fara fram undir nafnleynd.

Hinn aldni hagspekingur Viðreisnar, Jónas H. Haraldz, hefur vakið athygli á því að allt frá því að þáverandi forsætisráðherra lagði niður Þjóðhagsstofnun í einhverju bræðikasti árið 2002 hafi engin samræmd hagstjórn verið í landinu. Með því á hann við að stjórn ríkisfjármála (undir forystu forsætis- og fjármálaráðherra) og stjórn peningamála (undir forystu seðlabankastjóra) eigi að haldast hönd í hönd. Markmiðið með samræmdri hagstjórn er að stuðla að jafnvægi og stöðugleika í hagkerfinu. Til þess að fyrirtæki getið vaxið og dafnað til lengri tíma litið, ekki síst þau sem byggja afkomu sína á útflutningi, verða þau að geta reitt sig á stöðugleika sjálfs gjaldmiðilsins umfram allt annað. Flestum dómbærum mönnum ber saman um að þetta hafi brugðist hrapallega á undanförnum sex-sjö árum.

Heimsmet í útþenslu ríkisbáknsins

Lítum fyrst á ríkisfjármálin. Vegna stórvirkjana fyrir austan og nýrrar álbræðslu í tengslum við þær var þanþol hagkerfisins spennt til hins ýtrasta. Þessar stórframkvæmdir höfðu í för með sér innstreymi erlends lánsfjár sem nam allt að þriðjungi þjóðarframleiðslunnar, auk þess sem boginn var spenntur til hins ýtrasta á vinnumarkaðnum. Til þess að aftra þenslu og viðhalda stöðugleika þurfti ríkisstjórnin að stíga á bremsurnar og draga úr framkvæmdum og neyslu á öðrum sviðum á sama tíma. Það gerði hún ekki. Þvert á móti, ríkisstjórnin kynti með ríkisfjármálastefnu sinni undir þenslunni. Í framhaldi af einkavæðingu bankanna, sem þegar í stað hófu harða samkeppni um markaðshlutdeild inn- og útlána, hækkaði ríkisstjórnin veðmörk fasteignalána. Þar með hratt hún af stað svokallaðri fasteignaverðsbólu, sem kynti enn frekar undir verðbólgu. Útlánaþenslan hækkaði enn frekar verð fasteigna sem aftur varð andlag aukinnar skuldsetningar. Með þessum hætti kyntu stjórnvöld undir skuldsetningu fyrirtækja og heimila með alvarlegum afleiðingum síðar meir, eins og nú hefur komið á daginn.

Þess ber líka að geta sem vel er gert. Svo sem vera bar notaði fjármálaráðherra hluta af sívaxandi tekjustreymi í ríkissjóð af sívaxandi viðskiptahalla til að greiða niður skuldir ríkissjóðs. En þenslan var orðin svo mikil að ríkisgeirinn þandist stjórnlaust út, enda öll aðhaldssemi látin lönd og leið. Ráðuneyti og stofnanir bókstaflega tútnuðu út sem aldrei fyrr. Opinberi geirinn stækkaði úr um 36% af landsframleiðslu í allt að 48%, á fáeinum árum. Þetta hefur verið kallað heimsmet í útþenslu ríkisbáknsins undir handleiðslu forsætis- og fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins. Man einhver eftir slagorðinu um báknið burt? Var einhver að tala um stefnufestu? Þessu til viðbótar voru skattar lækkaðir á fyrirtæki og fjármagnseigendur, sem jók enn á þensluna. Með því að láta persónuafsláttinn til frádráttar tekjuskatti einstaklinga standa í stað í verðbólgunni var skattbyrði hinna verst settu hins vegar aukin um leið og kerfi almannatrygginga var látið drabbast niður með flóknum og fáránlegum skerðingarákvæðum. Heildarniðurstaðan var eftir sem áður sú að opinberi geirinn, þ.e. ríki og sveitarfélög, voru á fullu við að kynda undir þenslu og skuldsetningu þjóðarbúsins.

Og ekki bætti peningamálastjórnin úr skák. Árið 2001 setti Seðlabankinn sér verðbólgumarkmið upp á 2.5% með vikmörkum. Skemmst er frá því að segja að þessi markmiðssetning náðist aldrei nema skamma hríð á tímabili. Reyndar hefur Seðlabankinn verið víðs fjarri því að ná yfirlýstum markmiðum sínum sem eitt út af fyrir sig hefur dregið úr trúverðugleika hans. Seðlabankinn hefði átt að vera sérstaklega vel á verði gagnvart útlánaþenslu bankanna í framhaldi af einkavæðingu þeirra. Margir bentu á það frá upphafi að bankinn ætti að auka bindiskyldu viðskiptabankanna til þess að draga úr útlánagetu þeirra. Seðlabankinn gerði þveröfugt. Hann lækkaði bindiskyldu-na og ýtti þar með undir þensluna. Seðlabankanum er líka skylt að hafa nákvæmt eftirlit með lausafjárstöðu bankanna, sem er þýðingarmikið öryggisatriði, en á því hefur verið alvarlegur misbrestur eins og sérfræðingar hafa bent á.

Peningamálastjórn í molum

Það var þó fyrst og fremst hinn hraði vöxtur bankakerfisins í kjölfar einkavæðingarinnar sem átti að vera Seðlabankanum sérstakt áhyggjuefni. Bankakerfið er sagt hafa þanist út frá því að hafa verið í kringum þriðjung landsframleiðslu fyrir einkavæðingu upp í það að vera undir lokin orðið tólffalt íslenska hagkerfið. Löngu áður en þessi ofvöxtur hljóp í bankakerfið, beint fyrir framan nefið á Seðlabankanum, átti bankinn að grípa í taumana. Annað hvort með því að auka gjaldeyrisforða sinn, þannig að hann gæti talist trúverðugur miðað við skuldbindingar viðskiptabankanna, (sem hefði trúlega reynst okkur ofviða); eða með því að knýja einhvern bankanna, og þá helst þann stærsta þeirra, til þess að flytja höfuðstöðvar sínar erlendis, þar sem hann hefði starfað í skjóli öflugri seðlabanka og þar með dregið úr áhættu íslenska ríkisins (les: skattgreiðenda). Seðlabankinn gerði hvorugt, þrátt fyrir viðvaranir dómbærra manna innanlands og erlendis. Seðlabankastjóri ber fram þær málsbætur að hann hafi í febrúar á þessu ári varað bæði ríkisstjórn og stjórnendur viðskiptabankanna við yfirvofandi hættuástandi. Svarið við því er að Seðlabankinn átti löngu áður, ekki aðeins að hafa varað aðra við, heldur hefði hann átt að grípa til ráðstafana í tæka tíð til að draga úr þeirri áhættu sem viðskiptavinum bankanna og þjóðarbúinu í heild stafaði af skuldsetningu þeirra.

En þenslan var orðin svo mikil að ríkisgeirinn þandist stjórnlaust út, enda öll aðhaldssemi látin lönd og leið. Ráðuneyti og stofnanir bókstaflega tútnuðu út sem aldrei fyrr. Opinberi geirinn stækkaði úr um 36% af landsframleiðslu í allt að 48%, á fáeinum árum.

Margir hafa orðið til þess að benda á að stýrivaxtahækkun bankans gat ekki skilað miklum árangri við ríkjandi aðstæður. Bæði er að langtímalán t.d. á húsnæðismarkaði eru verðtryggð og með föstum vöxtum svo að hækkun stýrivaxta hefur lítil áhrif á þeim markaði til skamms tíma. Aðgengi fólks og fyrirtækja að erlendum lánum á lágum vöxtum fyrir milligöngu viðskiptabankanna var á sama tíma nær takmarkalaust. Hins vegar hafði hækkun stýrivaxta Seðlabankans fyrirsjáanleg og óæskileg hliðaráhrif. Hinn mikli vaxtamunur milli Íslands og annarra landa vakti athygli gjaldmiðla- og vaxtamunarbraskara, sem eygðu von um skjótfenginn gróða með kaupum á íslenskum vaxtabréfum. Innstreymi erlends fjármagns varð til þess að hækka gengi krónunnar langt umfram langtímajafnvægisgengi.Hátt gengi krónunnar örvaði innflutning, jók á skuldsetningu fyrirtækja og heimila og magnaði viðskiptahallann.

Heildaráhrifin af peningamálastjórnun Seðlabankans voru því í reynd þveröfug á við yfirlýsta stefnu. Með þessari stefnu var gengisstöðugleika fyrirsjáanlega stefnt í voða, auk þess sem kynt var undir neysluæði, viðskiptahalla og skuldsetningu. Undir lokin voru íslensk heimili orðin hin skuldsettustu í heiminum.

Þetta var hagkerfi sem bar öll ytri merki óstöðugleika og jafnvægisleysis. Ríkisstjórn og Seðlabanki höfðu í sameiningu, vegna skorts á samræmdri hagstjórn, búið til falska velmegun sem var mestan part fengin að láni. Það mátti lítið út af bera til þess að spilaborgin hryndi. Um leið og lánalínur erlendra banka brugðust, í kjölfar hinnar amerísku bankakreppu, sem nú er orðin alþjóðleg, hrundi spilaborgin. Sérstaða Íslands í þessari bankakreppu er sú að fjármálakerfi þjóðarinnar í heild hrundi til grunna og að gjaldmiðillinn sjálfur var í frjálsu falli, uns hann brotlenti með ósköpum.

Þetta er niðurstaðan af þeirri efnahagsstefnu, sem Sjálfstæðisflokkurinn ber höfuðábyrgð á sl. sautján ár. Það er ekki bara að forsætis- og fjármálaráðherrum flokksins, item seðlabankastjóra, hafi verið mislagðar hendur. Þeir skilja beinlínis við hagkerfið í rjúkandi rúst eins og það hafi lent í stríðsátökum eða náttúruhamförum. Þar með er Sjálfstæðisflokkurinn orðinn að pólitísku þrotabúi, sem ætti sjálfur að sjá sóma sinn í að óska eftir greiðslustöðvun og gjaldþrotameðferð. Ella verða kjósendur að taka af honum ómakið.

Höfundur starfaði með Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn 1991-95.

BÓK BÓKANNA

Aðgengilegt uppflettirit fyrir þá sem vilja glöggva sig á efni Biblíunnar og lykilpersónum hennar. Bókin varpar ljósi á tilurð þessa mikilvægasta rits vestrænnar menningar og hvernig það hefur fengið á sig þá mynd sem við þekkjum nú á dögum.

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Þitt að velja, okkar að styðja

UMRÆÐAN
Lilja Þorkelsdóttir, Katrín Þorgrímsdóttir og Soffía Einarsdóttir skrifa um vinnumarkaðinn

Gífurlegar breytingar hafa átt sér stað á vinnumarkaði og möguleikum til náms undanfarin ár. Dregið hefur úr þeim viðhorfum til starfa sem áður voru viðtekin, þ.e. að fólk finni sér starfsvettvang og haldi sér þar án mikilla breytinga. Í dag er litið svo á að starfsferill sé þróun sem hefjist snemma á ævinni og sé í stöðugri mótun út ævina. Nú þykir sjálfsagt að einstaklingar skipti um starfsvettvang oftar en einu sinni á starfsferlinum og sæki sér sí- og endurmenntun til að fylgja þessari þróun eftir.

Í flóknu nútímasamfélagi hafa breytingar á atvinnumarkaði og örar tækniframfarir gert það að verkum að starfsþróun einstaklinga er ekki eins fyrirsjáanleg og áður. Möguleikar til að skipta um starf og bæta við sig menntun til nýrra starfa hafa tekið miklum breytingum. Mikið framboð er af námsleiðum til að bæta ofan á fyrra nám sem gefa tækifæri á að víkka út starfssviðið. Framboð á námi fyrir einstaklinga með litla eða enga formlega menntun hefur einnig aukist mikið.

Gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöf er mikilvægt fyrir alla þá sem standa frammi fyrir ákvarðanatöku um nám eða starf. Hluti af verksviði náms- og starfsráðgjafa er að aðstoða einstaklinga við að kortleggja áhuga sinn, skoða eigin viðhorf og gildismat. Vel ígrundað náms- og starfsval eykur líkur á meiri starfsánægju og betri lífsgæðum. Rannsóknir hafa sýnt fram á það að öflug náms- og starfsfræðsla ásamt náms- og starfsráðgjöf dregur úr hættunni á brotthvarfi úr námi.

Eitt meginhlutverk Námsflokka Reykjavíkur er að fylgja eftir félagslegri menntunarstefnu Reykjavíkurborgar en í henni felst meðal annars að aðstoða borgarbúa, einkum þeim hópi fólks sem minnsta formlega menntun hefur, að finna nám og störf við hæfi. Liður í því er að bjóða Reykvíkingum upp á náms- og starfsráðgjöf og starfa nú fjórir náms- og starfsráðgjafar á vegum Námsflokka Reykjavíkur við það verkefni. Þeir sinna náms- og starfsráðgjöf á öllum þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur. Stendur þessi þjónusta öllum Reykvíkingum til boða.

Höfundar eru náms- og starfsráðgjafar.

PRJÓN er talið upprunnið í Mið-Austurlöndum og að þaðan hafi það borist til Spánar og Tíbet. Heimildir eru til um prjón á Spáni og Ítalíu frá 1100 til 1500. Þaðan barst það til Frakklands, Englands og Skotlands og á 15. öld voru stofnuð fagfélög prjónameistara víða í Evrópu.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447

25% afsláttur af öllum húsgögnum til áramóta

Opið virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-16
Mikið úrval!

Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Hollt og gott fyrir jólin
með Sollu og Dóru Emils

Þetta er frábært námskeið fyrir alla þá sem elska smákökur, konfekt og deserta og langar til að geta borðað það með góðri samvisku. Ef við erum með gott lífrænt hráefni þá getum við jafnvel náð hjartanu á allra hörðustu sælkerum. Það heyrir sögunni til að hollt sé öðruvísi, nú er úrvalið af heilsuhráefninu orðið svo ótrúlega mikið og flott.
Við lærum eiginlega að galdra…

Verð: 3.500. Skráning: 770 6688 eða solla@this.is

Námskeið í verslun Yggdrasils, Skólavörðustíg 16
Laugardagana 29.nóv og 6.desember kl. 11:00-13:00

Við kennum m.a. :
- Listina að búa til holla og bragðgóða deserta sem þú borðar með góðri samvisku
- Heilsusamlegar en ótrúlega bragðgóðar smákökur
- Að búa til einfalt og fljótlegt konfekt og heimagert súkkulaði

Uppskriftamappa ásamt fullri "sætri" máltíð fylgir.

Yggdrasill

Þrátt fyrir að Gunnar hafi gaman af að klæðast jakkafötum segist hann þó annað slagið fara í gallabuxur og setja upp húfuna svona til að halda í hátíðleika jakkafatanna. MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

Vill vera fínn í tauinu

Misjafnt er hvaða klæðnaður hæfir ungum mönnum en Gunnar Hnefill Örlygsson hefur gaman af að klæða sig upp á og heldur mikið upp á klæðskerasaumuð jakkaföt frá Indlandi sem hann lét sníða á sig.

„Þannig var að ég frétti af klæðskera frá Indlandi hjá félaga mínum Skafta Erni Ólafssyni í Sjálfstæðisflokknum," útskýrir Gunnar Hnefill Örlygsson en hann er formaður Ungra sjálfstæðismanna í Þingeyjarsýslu. „Ég kom mér í samband við klæðskerann, Ravin, og hann tók af mér málin sem voru send út, ég valdi mér efni, og nokkrum vikum seinna fékk ég fötin send. Þetta var fyrir réttu ári."

Ekki var flókið að láta sérsníða jakkafötin og var verðið sanngjarnt. „Þetta var í raun ekkert dýrara en að kaupa jakkaföt út úr búð en fötin eru hins vegar afar vönduð. Starfsmaður JMJ á Akureyri sagði mér að það væri mjög skemmtilegur frágangur á fötunum og efnið er gott," segir Gunnar ánægður.

Hann segist nota fötin töluvert og þykir sérstaklega gaman að fara í jakkaföt þegar ekki er tilefni til þess. „Ég nýt þess að vera fínn í tauinu við hin ýmsu tilefni en ég nýt þess sérstaklega þegar fólk á síst von á. Ég hef til dæmis mætt í jakkafötum í skólann bara af því það er fimmtudagur og kemur það skemmtilega á óvart," segir Gunnar brosandi og bætir við: „Ég á nokkur jakkaföt en þetta eru fyrstu klæðskerasaumuðu jakkafötin mín og ég mun örugglega gera þetta einhvern tíma aftur."

Að mati Gunnars er hins vegar mikilvægt þegar menn klæða sig upp á að þeir lykti vel og leggur hann áherslu á að úða á sig vellyktandi. „Nauðsynlegt er að setja á sig ilmvatn eða rakspíra. Mitt uppáhald er Attitude frá Armani, en það þykir mér setja punktinn yfir i-ið," segir hann kíminn.

hrefna@frettabladid.is

TÍSKA

SAUMANÁMSKEIÐ og fatahönnunarnámskeið geta verið sniðug fyrir þá sem hafa áhuga á að fara að búa til sín eigin föt. Mímir-símenntun og Kvöldskóli Kópavogs standa til dæmis fyrir ýmsum spennandi námskeiðum.

Sparifötin komin. Skoðaðu úrvalið
www.vefta.is
Hólagarði & Mjódd
Vefta
Tískuföt

Vefta • Lóuhólum 2-4 • S: 557 2010 • & Þönglabakka 6 • S: 578 2051

Stríðsárastíll og renessans

Rowan, eitt framsæknasta prjónahönnunarfyrirtæki heims, gerir fortíðinni hátt undir höfði í viðamiklu hátískublaði í tilefni 30 ára afmælis. Storkurinn í Kjörgarði er með umboð fyrir Rowan.

„Það er alltaf einhver sem dregur vagninn í framþróun og vöruhönnun og í þeim flokki er Rowan," segir Guðrún Hannele Henttinen, prjónahönnuður og eigandi Storksins og telur marga kaupa Rowan-blöðin til að fá innblástur í sitt handverk.

Rowan er breskt garnfyrirtæki sem gefur út tvö stór prjónablöð á ári, auk annarra minni á tveggja mánaða fresti. Meðal prjónahönnuða á þess snærum er hinn heimsþekkti Kaffee Fassett. Þrjú þemu eru í nýja afmælisblaðinu, elegans, stríðsáratíll og renessans. Peysurnar bera nöfn gamalla kvikmyndastjarna eins og Hayworth og einnig listmálara endurreisnartímans.

Storkurinn hefur selt Rowangarn í hátt í tvo áratugi. Ull, móher og silkiblöndur koma þar við sögu. „Mjög fínt garn og litirnir eru himneskir. Vissulega dýrt enda er Storkurinn sælkeraverslun hannyrðakonunnar," segir Guðrún brosandi og bendir á að mikil vinna sé í að prjóna fína peysu. Ekki sé heldur um einnotaflík að ræða heldur eilífðarfjárfestingu.

Guðrún kveðst vera með garn í öllum verðflokkum og segir áhuga á prjóni og hekli mikinn um þessar mundir. „Hannyrðir eru ástríða hjá mörgum," segir hún. „Það er ríkt í eðli okkar að nota huga og hönd til að skapa."

gun@frettabladid.is

„Storkurinn er sælkeraverslun hannyrðakonunnar," segir Guðrún Hannele. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Elegans er eitt þemað í nýja afmælisblaðinu frá Rowan.

Afturhvarf til stríðsáranna einkennir þessa peysu.

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics
NÝTT!!
Plokkari með ljósi

SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

FIMMTUDAGS
ecco TILBOÐ
Voyage
44633 51052
Litir: Svart, brúnt
Stærðir:
36 - 42
~~23.995~~
17.995
Winter Z.
11823 52733
Litir: Svart, brúnt
Stærðir:
36 - 42
~~24.995~~
17.995
Loðfóðraðir
Stream
49464 00101
Litir: Svart
Stærðir:
41-47
~~20.995~~
15.995
Boston
42454 00101
Litir: Svart
Stærðir:
41 - 47
~~20.995~~
14.995
KRINGLAN SMÁRALIND LAUGAVEGUR
the most comfortable place on earth
ecco

LAGERSALA
LAGERSALA
Opið hús í Heildverslun að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.
SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA
KOMIÐ OG GERIÐ GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN

teg. 4331 - létt fylltur toppur með spöngum í BC skálum á kr. 4.685,- buxur í stíl kr. 1.950,-

MISTY - LAUGAVEGI 178, 105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

ALLT MATUR
Alla föstudaga

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Botox í barnaskólann!

Á sama tíma og meðalaldur hækkar er sífellt meiri áhersla lögð á að berjast gegn Elli kerlingu. Síðustu ár hefur snyrtivöruiðnaðurinn unnið hörðum höndum að því að finna upp nýjar töfralausnir til að minnka hrukkumyndun og halda húðinni við. Oft eru þessar vörur margfalt dýrari en ódýrustu krem eins og Nivea svo dæmi sé tekið en kannarnir hafa þó sýnt að oft er nákvæmlega sami árangur af því að nota einföldustu vörur eins og þessar dýru. Auðvitað er borgað fyrir merkið en einnig er æ algengara að sjaldgæf efni sem eiga að vera rík af áhrifum séu notuð. Ekki skrítið þegar litið er á þær gríðarlegu upphæðir sem þessi iðnaður veltir. Árangurinn af þessum undralyfjum er þó ekki alltaf eins og loforðin gefa til kynna.

Algengasta svarið við hrukkumyndun hefur hingað til verið að gangast undir andlitslyftingu eða láta skera burt sérstaklega stóra poka eða hrukkur. Æ algengara er hins vegar að fólk leiti til sérfræðinga sem vinna með bótox og viðskiptavinirnir verða sífellt yngri, jafnvel um þrítugt, þannig á að koma í veg fyrir að fyrstu hrukkurnar sjáist. Læknar eru sumir hverjir jafnvel farnir að mæla með bótoxi við sjúklinga (viðskiptavini?) sína. Á sama tíma dregst fjöldi andlitslyftinga verulega saman því bótox er lítil aðgerð samanborið við andlitslyftingu og núorðið þekkist varla lengur að allt andlitið sé strekkt.

Í Frakklandi var efnið Vistabel, sem er notað til að sprauta í hrukkur, leyft árið 2003 og frá því ári hafa 120.000 manns farið í slíka aðgerð en í Bandaríkjunum voru 2,8 milljónir sjúklinga meðhöndlaðir bara á síðasta ári.

Kannski er ekki svo skrítið að bótox hafi náð þvílíkum vinsældum þar sem ekki er um skurðaðgerð að ræða heldur einfalda sprautun sem getur farið fram í hádegishléinu á miðjum vinnudegi. Nýjustu kenningar halda því meira að segja fram að ef byrjað sé nógu snemma á meðferðinni minnki bótoxið hrukkumyndunina að því er talið er vegna þess að vöðvarnir í andlitinu sem við notum til dæmis þegar við brosum eru að hluta til lamaðir og þess vegna helst húðin slétt. Hins vegar er reynslan ekki enn það mikil að hægt sé að fullyrða að engin eftirköst eða eitrunaráhrif fylgi bótoxinu eftir áralanga notkun. Áhrifin hverfa hins vegar á sex mánuðum og þá þarf að endurtaka aðgerðina sem hér í landi kostar 400 evrur í hvert sinn.

Emilíana Torrini söngkona sagði einu sinni í viðtali að ítölsk amma hennar hefði borið ólívuolíu á svæðið undir augunum. Kannski að lýsið okkar geri sama gagn og ætti að nota að innan sem að utan.

bergb75@free.fr

Huldar frá toppi til táar

Fyrirsæturnar voru í aukahlutverki á tískuvikunni í Kúala Lúmpúr.

Alþjóðlega íslamska tískuvikan fór fram í Kúala Lúmpúr, höfuðborg Malasíu, í fjórða sinn í vikunni en þemað að þessu sinni var ást.

Markmið hátíðarinnar er að gera Malasíu að miðstöð tísku sem lýtur lögmálum íslamstrúar, en áhrif hennar verða sífellt meiri í landinu.

Á sýningunni mátti sjá flíkur yfir 100 fatahönnuða og var í flestum tilfellum um að ræða alklæðnað frá toppi til táar. Efnin fengu því að njóta sín til fulls en fyrirsæturnar sem flíkurnar báru voru lítt sjáanlegar.

- ve

Hér gefur að líta hönnun hins malasíska Calvins Thoo. NORDICPHOTOS/AFP

ALLT HEIMILI

Mánudaga og fimmtudaga

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Fyrir dömur og herra.

Nýkomið úrval af vönduðum kuldaskóm úr leðri, gæruskinnfóðraðir. Margar gerðir.

Dömustærðir: 36 - 43
Verð frá: 19.700.- til 21.700.-

Herrastærðir: 41 - 48
Verð frá: 13.800. - til 24.775.-

Misty skór
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 - 18 • lau: 10 - 14
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf

teg. 4331 - létt fylltur toppur með spöngum í BC skálum á kr. 4.685,- buxur í stíl kr. 1.950,-

MISTY - LAUGAVEGI 178, 105 REYKJAVÍK sími 551-3366
misty@misty.is www.misty.is
opið mán-fös kl **10-18** lau kl.**10-14**

20% afsláttur af öllum fatnaði

Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 10-16
LAURA ASHLEY
Faxafeni 14 | 108 Reykjavík | sími 5516646

Í tilefni af 10 ára afmæli ecco búðarinnar á Laugavegi bjóðum við

15% AFSLÁTT AF ÖLLUM SKÓM

fimmtudag
föstudag
og laugardag

LAUGAVEGUR

the most comfortable place on earth | ecco®

HEIMILI

SÍTRÓNUR eru náttúrulegt bleikiefni. Hvítir sokkar verða til dæmis alveg hvítir aftur ef þeir eru soðnir í vatni með nokkrum sítrónusneiðum. Það sama má gera við hvítu borðtuskurnar.

Þéttikantar
framleiddir eftir máli á allar gerðir kælitækja.
NÝVAKI
Dvergshöfða 27 • S. 557 2530

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Ódýrt !
Leikföng og gjafavörur
extrakaup
EXTRA GÓÐ KAUP
Extrakaup • Síðumúla 1 (Ármúla megin) • Sími :869-8171

TILBOÐ VIKUNNAR
6 MÁN. VAXTALAUST 34.317 per mán.
Jólin vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups
199.900kr
Verð áður 259.900.-
Relax 3 sæta sófi M8229
Einnig fáanlegt 2 sæta og stóll
Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum
Tilboðið gildir til 2. desember
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÞINN RÉTTUR
Almannatryggingalög kynnt fyrir þér

Tekjuáætlun þín stýrir greiðslum

Tekjuáætlun er forsenda greiðslna frá Tryggingastofnun. Til að lífeyrisþegar fái þær greiðslur sem þeim ber og þátttaka vistmanna í dvalarkostnaði sé rétt þurfa fullnægjandi upplýsingar um tekjur þeirra að liggja fyrir.

Það er fyrst og fremst í þágu greiðsluþega að leiðrétta tekjuáætlun ef hún er ekki rétt. Með vandaðri tekjuáætlun er hægt að koma í veg fyrir rangar greiðslur sem þarf að leiðrétta síðar. Greiðslur eru endurreiknaðar og leiðréttar þegar álagning skattayfirvalda liggur fyrir.

Undir lok hvers árs er öllum lífeyrisþegum send tekjuáætlun næsta árs sem þeir þurfa að fara yfir og leiðrétta ef þörf þykir. Í henni eru tekjur forskráðar og miðaðar við síðustu gildandi tekjuáætlun. Forskráðar tekjur eru hækkaðar samkvæmt tillögum stjórnvalda um almennar vísitöluhækkanir. Lífeyrisþegi getur einnig skoðað tekjur sínar í staðgreiðsluskrá RSK, á vefnum www.skattur.is, til að tekjuáætlun sé sem réttust.

Vakin er athygli á því að nú er hægt að vinna við tekjuáætlanir rafrænt á þjónustuvef Tryggingastofnunar, www.tryggur.is. Þar fæst samstundis bráðbirgðaútreikningur greiðslna. Notaður er veflykill ríkisskattstjóra til auðkenningar.

Lífeyrisþegar geta fengið ráðgjöf hjá starfsfólki Tryggingastofnunar eða hjá umboðsmönnum um allt land en einnig farið á þjónustu- og upplýsingavefi Tryggingastofnunar; www.tryggur.is og www.tr.is

Sérstök athygli er vakin á að lífeyrisþegar og vistmenn á dvalar- og hjúkrunarheimilum bera sjálfir alla ábyrgð á að tekjuáætlun þeirra sé rétt. Þeim er skylt samkvæmt lögum að láta stofnunina vita af tekjubreytingum hjá sér. Ávallt þarf að skrifa undir tekjuáætlun en þó þarf maki aðeins að skrifa undir ef hjón skila einni sameiginlegri tekjuáætlun.

Þinn réttur getur verið margs konar í almannatryggingakerfinu. Með mánaðarlegum dálki vill Tryggingastofnun vera þér, lesandi góður, innan handar með því að kynna fyrir þér ýmis ákvæði almannatryggingalaganna og þannig benda á mögulegan rétt til greiðslna sem er þér ef til vill ekki kunnugur.

TRYGGINGASTOFNUN *Sjá vefinn www.tr.is*

Skart úr gleri verður til sölu.

Gjafir á góðu verði

Tréútskurður, leirlist og bútasaumur er meðal þess sem Handverkssala Ljóssins skartar á sunnudaginn.

Fallegar jólagjafir á góðu verði verða á handverkssölu á Langholtsvegi 43 á sunnudag frá klukkan 10 til 15. Þar verða munir gerðir úr leir, tré, gleri, þæfðri ull og silki svo nokkuð sé nefnt. Dúkkuföt er eitt af því sem búið er að nostra við í Ljósinu, skartgripir og bútasaumur líka.

Auk handverkssölunnar verður bæði kökubasar og flóamarkaður í Ljósinu á sunnudag, ásamt kaffi og vöfflum á góðu verði. Allur ágóði rennur til Ljóssins, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvar fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur. *- gun*

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

JÓLADAGATÖL
Skemmtilegu jóladagatölin
fást í Samkaupum, Nettó, N1, Olís og söluturnum.
Það ættu allir að finna mynd við sitt hæfi.

Arsenal, Chelsea, Liverpool og Manchester United,
Barbie, High School Musical, The Simpsons o.fl.
Innco ehf. | Sími: 586 9200 / 862 9201 | innco@simnet.is

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 27. NÓVEMBER 2008

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppáhalds búðingur landsmanna í yfir hálfa öld!

"Bragð sem vekur góðar minningar"

Íslensk framleiðsla síðan 1957.

Fann upp hjólið

Hugvitskonan Guðrún Guðrúnardóttir á heiðurinn að gifstöppunum sem nú fást í helstu byggingarvöruverslunum og eru ætlaðir til að fylla upp í smágöt í veggjum. Fyrirtækið hennar heitir Gips-Plug ehf. og heimasíða þess er www.plasterplug.net. Guðrún sagði okkur söguna bak við tappann. „Þetta kom þannig til að ég var að rífa niður rekka af veggjum og eftir sátu um 70 göt. Ég rauk út í búð og bað um gifstappa sem ég var alveg viss um að væru til því ég sá þá fyrir mér – en enginn kannaðist við þá. Fyrsta tappann hannaði ég 2006 en vissi ekki að ég væri að finna upp hjólið.

„Ég sá gifstappana fyrir mér og trúði ekki að þeir væru ekki til," segir Guðrún. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

Tappinn er í framleiðslu í dag, ótrúlega einfaldur að gerð og í notkun. Hann er í sölu hérlendis og kynningu erlendis og boltinn farinn að rúlla. En einkaleyfi og markaðssetning er langt og erfitt ferli og tekur á taugarnar. Það er ekkert nema þrjóska og þolinmæði sem gildir og óbilandi trú á því sem maður er með í höndunum."

Þess má geta að Guðrún hefur verið með pökkun tappanna í Kína fram að þessu en er ákveðin í að færa hana heim. „Nú er tími til kominn fyrir okkur frumkvöðlana í sprotafyrirtækjunum að standa saman og vera á Íslandi," segir hún. *- gun*

Vörumerkið Stóruvellir er gæðastimpill á tólg og tólgarkertum.

Vildi hafa tólgina eins og hjá mömmu

Fullvinnsla íslenskra landbúnaðarafurða á sér að mestum hluta stað í þéttbýli. Þó finnst á Stóruvöllum í Bárðardal snoturt fyrirtæki sem framleiðir tólg og kerti. Garðar Jónsson veitir fyrirtækinu forstöðu.

„Þegar ég var á sjó frá Þorlákshöfn fyrir nokkrum áratugum fengum við alltaf saltfisk á laugardögum eins og siður var og mér þótti svo mikið hráabragð af hamsatólginni. Ég vildi hafa hana eins og mamma mín gerði hana. Þá datt mér þetta í hug." Þannig lýsir Garðar tildrögum þess að hann byrjaði að framleiða tólg sem nú fæst um allt land.

Garðar er uppalinn á Stóruvöllum og kveðst hafa starfað við ýmislegt til hliðar við búskapinn áður en hann hóf tólgargerðina haustið 1992 sem hann lýsir svo. „Við prófuðum þetta fyrst, ég og konan mín, bara í eldhúsinu en árið 1994 breyttum við gömlu mjólkurhúsi í tólgarsmiðju. Svo brann það og þá komum við upp bráðabirgðaaðstöðu í gámum. Hún brann til kaldra kola og við vorum dálítið lengi að ákveða hvort við ættum að halda áfram. En það varð úr. Við byggðum sérstakt hús, 160 fermetra og það veitir ekkert af því."

Útikerti er afurð sem bæst hefur við framleiðsluna á Stóruvöllum. „Við prófuðum að gera önnur kerti en komumst ekki nógu langt í þróunarvinnunni. Kannski tökum við upp þráðinn aftur þegar harðnar meira á dalnum," segir Garðar og bætir við. „Annars þurfum við ekki að skrúfa okkur eins mikið til baka eins og sumir aðrir í kreppunni því við tókum ekki þátt í kapphlaupi síðustu ára. Við söfnum bara í kisturnar okkar á haustin, kannski aðeins meira nú en áður. Ef ekkert verður hægt að flytja inn þá verða menn bara að lifa af

Tólginni hellt í form til storknunar. MYND/ÚR EINKASAFNI

Friðrika Sigurgeirsdóttir, Garðar Jónsson, Kristín Ketilsdóttir, Þuríður Sveinsdóttir, Sigríður Baldursdóttir.

því sem landið gefur. Vonandi eru sem flestir meðvitaðir um það."

Garðar kveðst framleiða úr um 55 tonnum af mör á ári sem hann fær í sláturhúsi Norðlenska á Húsavík og hann heldur uppi atvinnu í sveitinni með sínu litla fyrirtæki. „Yfir vetrartímann erum við fjögur til fimm að bjástra við þetta. Konurnar sem eru í þessu með mér fara heim á vorin í sauðburðinn og koma ekki á sumrin nema í neyðartilfellum. Við tökum upp þráðinn aftur í ágúst af fullum krafti til að undirbúa jólavertíðina því um það bil þriðjungur af framleiðslunni selst í desember, það fer svo mikið út á skötuna á Þorláksmessu. Svo er nauðsynlegt að fá kleinubragð af kleinunum og laufabrauðsbragð af laufabrauðinu." *- gun*

Veljum íslenskt
– okkar hagur!
ÍSLAND 2008
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-2133

Herdís Egilsdóttir segir áhugann fyrir hönnun alltaf hafa blundað í sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Skart er meðal þess sem Herdís gerir, armbönd, hálsfestar og ýmislegt fleira.

Herdís notar roð í kortaveskin.

Fræið spíraði í margar áttir

Herdís Egilsdóttir hannar skart og fylgihluti í takmörkuðu upplagi.

Herdís Egilsdóttir er landsmönnum að góðu kunn fyrir ritstörf sín og einstakar kennsluaðferðir og var á dögunum heiðruð fyrir framlag sitt til kennslu með verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar. Herdísi er þó fleira til lista lagt þar sem hún hefur undanfarin ár fengist við hönnun skarts og annarra fylgihluta.

„Roð er nýjasta hráefnið sem ég hef verið að leika mér með. Ég fæ það sent frá Sauðárkróki og nota í veski, töskur og alls kyns skartgripi. Þetta er síðan allt hannað hvert fyrir sig. Ég geri aldrei tvennt eins," segir Herdís og bætir við að áhuginn fyrir hönnun hafi í raun alltaf blundað í sér.

„Ég var farin að búa til mikið úr leðri, sauma dragtir og bróðera fyrir vini og kunningja upp úr 1970 og svo breiddist þetta út. Þá var ég að safna fyrir íbúð, en það er alveg sama því mér líkaði þetta strax," útskýrir Herdís sem hefur frá upphafi fengist við hönnunina heima við og ætlar að halda því áfram. „Ég hef reyndar fyrir löngu lagt leðrið á hilluna þótt ég noti það reyndar til að fóðra veskin."

Spurð hvort mikill munur sé á skrifunum og hönnuninni svarar Herdís: „Nei, veistu að ég held að ef maður er með skapandi gen þá sé engin leið til að reikna út hvar það getur sprungið út. Þetta er raunverulega eitt fræ sem spírar í margar áttir. Ég held að mitt fræ hafi spírað í margar áttir, en náð styttra."

Herdís segist hanna vörurnar í takmörkuðu upplagi, bæði af því að hún standi ein að hönnuninni og eins vegna þess að aldrei hafi staðið til að fara út í fjöldaframleiðslu. „Svo hafa mínir viðskiptavinir viljað eitthvað einstakt. Þess vegna get ég líka tekið við sérpöntunum," segir hún og bætir við að áhugasamir geti haft samband við sig einfaldlega með því að slá á þráðinn.

- rve

SIGRÍÐUR HELGADÓTTIR
HÆFILEIKARÍK KONA SEM ER M.A. LEIKKONA, FYRIRSÆTA OG ÆVINTÝRAKONA SEM AÐ NÝTUR ÞESS AÐ FERÐAST. HÚN Á 35 AFKOMENDUR.

3JA LAGA ANORAKKUR: TINNA CM-008
FLÍS JAKKI: ELVA CM-803
ULLARBOLUR: HALLGERÐUR CM-911

INNSTA LAG

HALLGERÐUR

Hálfrenndur ullarbolur með kraga. Gerður úr mjúkri Merino ull. Hentar innanundir allan fatnað. Einnig til fyrir herra.

Stærðir: XS-2XL

Verð 8.490 ISK

MILLILAG

ELVA

Kassísk flíspeysa. 2 vasar og rennilás sem hægt er að renna í báðar áttir. Tecnopile® flísefni frá Pontetorto. Mest selda flíspeysan frá Cintamani!

Stærðir: XS-3XL

Verð 12.990 ISK

YSTA LAG

TINNA

Aðsniðinn 3ja laga anorakkur. Vatnsheldur rennilás í hálsmáli og frá faldi út að olnbogum. Stillanleg teygja í hettu og ekta loðkragi. Loðkraga er hægt að taka af.

Stærðir: XS-3XL

Verð 36.990 ISK

3JA LAGA KERFI

INNSTA LAG - heldur húðinni þurri og hitastigi í jafnvægi

MILLILAG - létt og þægileg peysa sem temprar hitastigið

YSTA LAG - verndar gegn veðri og vindum

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3805

CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVIK, S. 517 8088



Að ofan gefur að líta hefðbundið laufabrauðsjárn en að neðan sést laxarotarinn eftir Ægi sem lumar á fágætum eiginleika á hinum enda rotarans. Þar er tól til að losa fiskinn af önglinum jafnvel þótt fiskurinn hafi kokgleypt.

Flugbeitt og fögur hjól

„Ég er alinn upp í Hafnarfirði og á Vestfjörðum og þekkti ekki laufabrauðsgerð eða hafði smakkað laufabrauð þegar ég keypti mér rennibekk fyrir 22 árum og í pakkanum fylgdi uppskrift að laufabrauðsjárnsmíð," segir Ægir Björgvinsson rennismiður sem nú er einn fárra sem eftir eru af þeim sem í tímans rás hafa smíðað laufabrauðshjól.

„Í fyrstu hafði ég engan hug á þessari smíði, en fór svo að kíkja á möguleikann að búa þetta til og hafði samband við Gerði Hjörleifs hjá Íslenskum heimilisiðnaði, sem greip mig traustataki og sagðist hafa leitað að mér síðastliðin tvö ár, en þá hafði smíði laufabrauðsjárna legið í láginni um skeið," segir Ægir, sem ásamt eiginkonu og börnum, hefur vart undan við smíðarnar þegar hausta tekur og jólin færast nær, en laufabrauðsjárn hans seljast jafnóðum upp í verslunum.

Ægir Björgvinsson rennismiður stendur vaktina fram að jólum við smíði laufabrauðsjárna FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Undanfarin ár hefur laufabrauðsgerð færst suður að norðan og breiðst út hjá fjölskyldum sem kjósa frekar að kaupa sín járn í stað þess að fá þau lánuð hér og hvar. Margir vilja tryggja að börn sín eigi sín eigin járn þegar fjölskyldan kemur saman til að skera út og steikja, og eins hafa járnin verið vinsæl í gjafir, enda sniðug og eiguleg gjöf þegar fólk á orðið allt milli himins og jarðar," segir Ægir sem smíðar eingöngu úr eðalmálmum, kopar og ryðfríu stáli, en gripirnir eru einstaklega fallegir, sterkir og vandaðir; með flugbeittum hjólum, en frá fyrstu tíð hefur Ægi verið metnaðarmál að hjólin séu vel brýnd svo skera megi deigið í stað þess að merja undir hjólinu. - þlg

Hitaplattinn Heitt/Kalt er úr níðsterku, hitaþolnu sílikoni og myndar útlínur Íslands og ellefu stærstu jökla landsins. MYND/STEFÁN PÉTUR

Útlínur Íslands

Stefán Pétur Sólveigarson er iðnhönnður frá Mývatnssveit en býr og starfar í Reykjavík á Vinnustofu Atla Hilmarssonar. Hann hefur nýverið hannað sniðugan hitaplatta sem hann kallar Heitt/Kalt.



Plattinn myndar útlínur Íslands sem og útlínur ellefu af stærstu jöklum landsins. Hann er úr hitaþolnu sílikoni sem þolir allt að 200° C og má því setja hann í uppþvottavél.

„Fyrir mér er fátt íslenskara en landið og kindin. Mig langaði að gera hitaplatta sem minnir okkur á hvað landið okkar er fallegt og sem getur kennt heimilisfólkinu staðsetningu og nöfn jökla Íslands," segir Stefán Pétur áhugasamur.

Hægt er að skoða verk Stefáns Péturs á heimasíðu hans www.solson.is en einnig má nálgast vörur frá honum á íslensku hönnunar- og sölusíðunni www.birkiland.is. - hs

„Lífið snýst um jólabaksturinn," segir Hjalti Nielsen, framkvæmdastjóri Fróns, en smákökurnar streyma af færibönd unum til neytenda þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mjólkurkexið vinsælast

Mjólkurkexið frá Frón á sér stað í hjarta flestra Íslendinga og kynslóðir hafa alist upp við að dýfa kexinu í mjólkurglasið eða kaffibollann.

„Þessa dagana snýst líf okkar um jólabaksturinn og jólin eru eiginlega búin hjá okkur þegar þau loksins koma," segir Hjalti Nielsen, framkvæmdastjóri kexverksmiðjunnar Fróns, en þessa dagana streyma jólasmákökurnar af færibandinu til neytenda.

„Vanilluhringirnir eru langvinsælustu jólasmákökurnar frá okkur, en við bökum um fjórtán tegundir fyrir þessi jól. Við höfum einnig framleitt smákökudeig undanfarin ár og erum með fjórar tegundir núna. Við stefnum á að koma fram með nýjar tegundir af smákökudeigi árlega."

Nýlega flutti Frón í nýtt húsnæði á Tunguhálsi. Vélakostur var endurnýjaður svo afkastageta verksmiðjunnar hefur aukist.

Austurvegur 6, fnr. 216-7707, 680 Þórshöfn, þingl. eig. Ingibjörg Jóna Kristjánsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Sjóvá-Almennar tryggingar hf, fimmtudaginn 4. desember 2008 kl. 14:00.

Ásgata 17, fnr. 216-7096, 675 Raufarhöfn, Norðurþingi, þingl. eig. Björk Baldursdóttir og Byggingafélagið Húsafell ehf, gerðarbeiðendur Norðurþing og Vátryggingafélag Íslands hf, fimmtudaginn 4. desember 2008 kl. 11:30.

Eignarhluti gerðarþola á Vatnsenda lóð, fnr. 221-7717, Þingeyjarsveit, þingl. eig. Birkir Björnsson, gerðarbeiðandi Sýslumaðurinn á Akureyri, þriðjudaginn 2. desember 2008 kl. 11:00.

Sýslumaðurinn á Húsavík
26. nóvember 2008.

Til leigu

Til leigu gott 490 fm verslunar- og þjónusturými á góðum stað við Gylfaflöt í Grafarvogi.
Laust strax

Uppl. í síma 893 4890 & 893 4891.

Fasteignir

RE/MAX LIND

Glæsilegur sportbar til sölu í Grafarvogi
Er með leyfi fyrir 170manns, selur veitingar(pizzu).

Sjón er sögu ríkari. Góð velta.

Verð kr. Tilboð

Friðfinnur Magnússon
sölufulltrú
Gsm: 823-8964

Þórarinn Jónsson
löggiltur fasteigna- og skipasali

Bæjarlind 14-16 • 201 Kópavogur • sími: 520-9500

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

FLESHLIGHT.IS

Fasteignir

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Pétur Þ. Sigurðsson hrl.
löggiltur fasteignasali

Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Fást á yfirtöku á láni ásamt 3 milljónum í reiðufé
Parhúsalóðir við Leirvogstungu í Mosfellsbæ

Parhúsalóðir við Kvíslartungu 31 og 33 í Leirvogstunguhverfi í Mosfellsbæ. Jarðvegspúði er kominn. Allar teikningar fylgja; Arkitektateikningar, Verkfræðiteikningar og Raflagnateikningar. Byggingarleyfisgjöld eru fullgreidd. Hægt er að hefja framkvæmdir strax. Lóðirnar fást á yfirtöku á áhvílandi láni ásamt reiðufé, eftirstöðvar 14.9 milljónir á hvorri lóð. Möguleiki er á að yfirtaka bara aðra lóðina. Skipti koma einnig til greina
Allar upplýsingar á skrifstofu Fjárfestingar í síma 562-4250 eða 896-8750.

- **Bein kaup:** fjársterkur aðili leitar að húsnæði undir veitingarekstur, næg bílastæði skilyrði, staðsetning á höfuðborgarsvæðinu opin.
- **Bein kaup:** Hús með 2-3 íbúðum, lágmarksstærð 70 fm. og 3ja herbergja á svæði 101 eða 107.
  Möguleiki á hluta af greiðslu í dollurum.
- **Bein kaup:** rólegt hverfi (ekki umferðarhávaði), miðsvæðis, amk 130 fm. bílskúr og útsýni.
- **Bein kaup:** 101,105,107, 3-4 herbergja, 80-110 fm. max 25 M
- **Bein kaup:** RVK eða Kópavogur (eldri hverfin), sérinngangur, 1. eða 2. hæð eða lyfta, í góðu standi, max 38 M, amk 110 fm.
- **Makaskipti** – veðbandalaust sumarhús á 21.900.000 vill fá í skiptum eign í 101 eða 107, verð skiptir ekki máli en kaupverð er sumarhús og yfirtaka lána. Kostur ef það er í leigu.
- **Makaskipti:** vantar sérbýli, helst í Kópavogi, 200 fm + , amk 4 svefn og bílskúr í skiptum fyrir 208 fm. parhús með 2 útleiguíbúðir, mikið endurnýjað, milligjöf 5-7 M.
- **Makaskipti:** 4ra herbergja í Vöngunum í Hafnarfirði, max 25 M, í skiptum fyrir 3ja herbergja í sama hverfi

Nánari upplýsingar veitir:
Ásdís Ósk Valsdóttir,
löggiltur fasteignasali
í email: asdis@remax.is
eða síma: 863-0402

1.490

Vnr. 51880251-2
Aðventuljós
Aðventuljós, rautt eða hvítt.

Vnr. 88968450
Grenilengja
Grenilengja, 2,7 m, 400 sprota.
890

400 SPROTA

Ódýrt

HVERGI BETRA VERÐ Á JÓLASEL

Tvöfaldir Vildarpunktar!
16. okt.-30. nóv.
Gildir af allri veltu
Kortið sem kemur þér út
KREDITKORT

HÓ HÓ HÓ... KOMDU Í BYKO OG GERÐU BETRI KAUP!

2.990
Fullt verð: 3.990

Vnr. 49800310-1
Jólasveinn
Jólasveinn með tónlist 36 cm.

Syngjandi jólasveinn

Verð frá 289
20 ljósa

Vnr. 88949620-96
Innisería
Innisería, 20/35/50 eða 100 ljósa. glærar, rauðar, hvítar eða marglitar perur.

INNISERÍA

Ódýr

Frábært verð!

Verð frá 789

Vnr. 88900722-67
Útisería
Útisería, 40/60/80 eða 120 ljósa, marglit, blá, græn eða rauð. Best er að úða allar útiseríur með sílikon-spray til að tryggja betri endingu.

ÚTISERÍA

Vnr. 88949761
Útisería
Útisería kónísk 135, ljósa, 4x1,4 m. Best er að úða allar útiseríur með sílikonspray til að tryggja betri endingu.

3.990

ÚTISERÍA

JÓLAGLÝJUM!

9.999
Fullt verð: 12.990

ÚTISKRAUT

Vnr. 88902900
Hreindýr
Upplýst hreindýr og sleði, 150x42 cm. Tilvalið í garðinn.

Ódýrt

SÉRTILBOÐ FYRIR KORTHAFA

1.990
Fullt verð: 3.990

Vnr. 49800208
Útifígúra
Jólasveinn með poka að fara ofan í strompinn.

ÚTIFÍGÚRA

ÚTIFÍGÚRA

Frábært verð!

Vnr. 88902957
Útifígúra
Jólasveinn með bjöllu, 43x47 cm. Best er að úða allar útifígúrur með sílikonspray til að tryggja betri endingu.
3.990
Fullt verð 6.590

ÚTISERÍA

Verð frá
Vnr. 88902944-7
Útisería 3.990
Útisería, LED greni 24V, hvítar eða bláar perur, 24x110 cm eða 120x145 cm. Best er að úða allar útiseríur með sílikonspray til að tryggja betri endingu.
120x125 cm
kr. 5.990

Vnr. 88902999-3004
Útijólatré
Ljósa jólatré 90cm-180cm.

Best er að úða öll útijólatré með sílikonspray til að tryggja betri endingu.

90 cm **8.990 kr.**
150 cm **13.990 kr.**
180 cm **16.990 kr.**

ÚTIJÓLATRÉ

Verð frá
8.990
Fullt verð: 12.990

ÚTISERÍA

Verð frá
Vnr. 88949201-37
Útisería 3.690
STARLIGHT útisería 20/40/60 eða 80 ljósa, glær, rauð, eða marglit, perustærð 3,5 cm. Best er að úða allar útiseríur með sílikonspray til að tryggja betri endingu.

Verð frá
1.990

Vnr. 88900789-94
INNISERÍA
Innisería
Gardínuinnisería 12 eða 36 díóðuljósa blá eða hvít 120x40 cm eða 120x120 cm.

ÚTISERÍUR

SYSTEM LED LJÓSADÍÓÐUKERFI

SYSTEM LED

Hægt að tengja saman allar gerðir og lengdir.

ÚTISERÍA

Verð frá
Vnr. 88949245-58
Útisería 3.990
Netasería, 100/150/200 eða 360 ljósa, glær eða marglitar. Best er að úða allar útiseríur með sílikonspray til að tryggja betri endingu.

Vnr. 88949750/62
Innisería
Stjörnusería 24 ljósa eða 36 ljósa.
Verð frá
3.990

INNISERÍA

3.990

Vnr. 88902960
Innisería
Kristalsinnisería, 15 LED ljós, 3 m.

INNISERÍA

BYKO

EXPO • www.expo.is

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru,

Elínar Þórðardóttur
frá Miðhrauni, Reykjavíkurvegi 31, Reykjavík.

Vandamenn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Garðar Rafn Ásgeirsson
Svarfhóli, Stafholtstungum,

andaðist á Sjúkrahúsi Akraness mánudaginn 24. nóvember síðastliðinn.

Ragnhildur Einarsdóttir

Jósef Jóhann Rafnsson — **Líney Traustadóttir**
Sólrún Anna Rafnsdóttir — **Jón Finnsson**
Ásgeir Rafnsson — **Rebekka Guðnadóttir**
Hrafnhildur Jónína Rafnsdóttir — **Nelson Patricio De Brito**

barnabörn og barnabarnabörn.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval
Yfir 40 ára reynsla

Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Við hönnum legsteininn að þínum óskum.

Komdu við eða kíktu á heimasíðuna og skoðaðu úrvalið.

15% lækkun
á innfluttum legsteinum.

www.shelgason.is
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

Akurnesingar og nágrannar
athugið !

LJÓS Á LEIÐI

verða afgreidd í kirkjugarðinum eftirtalda daga:
Laugardaginn 29. nóvember kl. 11 – 16.
Sunnudaginn 30. nóvember kl. 11 – 16.
Sunnudaginn 7. desember kl. 13 – 16.

ATHUGIÐ !
Afgreiðsla er í vinnuskúr í kirkjugarðinum.
Gjald fyrir krossinn verður óbreytt kr. 4.800.-

Lionsklúbbur Akraness.

Nánari upplýsingar veita
Valdimar Þorvaldsson í síma 899-9755 og
Benjamín Jósefsson í síma 861-3951.

Athygli skal vakin á því að þessa daga verður einungis leyfður einstefnuakstur í kirkjugarðinum. Ekið verður inn í garðinn á núverandi stað, en útakstur verður um hliðið í ofanverðum garðinum að austanverðu.
Annar akstur vélknúinna ökutækja um garðinn er ekki leyfður á áðurnefndum dögum. Bent skal á að hægt er að leggja bifreiðum á bílastæðinu við Garðahúsið.

Kirkjugarður Akraness.

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Vilborg Bjarnadóttir
frá Skáney,

lést á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, sunnudaginn 16. nóvember. Útförin fer fram frá Reykholtskirkju laugardaginn 29. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er vinsamlegast bent á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi.

Bjarni Marinósson — **Birna Hauksdóttir**
Jakob Marinósson — **Anna Sigurðardóttir**
Þorsteinn Marinósson — **Agnete Kristoffersen**

barnabörn og barnabarnabörn.

Elsku drengurinn okkar og bróðir,

Kristinn Kolbeinsson
Birkimörk, Hveragerði,

sem andaðist á Landspítalanum miðvikudaginn 19. nóvember, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 28. nóvember kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

Kolbeinn Sigmundsson — **Hólmfríður Halldórsdóttir**
Þorgrímur Kolbeinsson — **Hulda Kolbeinsdóttir**

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Helgi Magnús Arngrímsson
Réttarholti, Borgarfirði eystri,

sem lést á Sjúkrahúsinu á Egilsstöðum laugardaginn 22. nóvember, verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 29. nóvember kl 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en til minningar um Helga bendum við á minningarsjóð Helga Magnúsar, 0305-13-301330 kt. 300456-5299 eða Sjúkrahúsið á Egilsstöðum.

Bryndís Snjólfsdóttir
Birgitta Ósk Birgisdóttir — **Guttormur Pálsson**
Hafþór Snjólfur Helgason — **Berglind Ósk Guðgeirsdóttir**
Elsa Arney Helgadóttir — **Gunnlaugur Garðarsson**
Eyrún Hrefna Helgadóttir
og barnabörn.

Hjartkær móðir okkar og tengdamóðir,

Ásta Gunnþórunn Þórarinsdóttir
frá Höfða, Vatnsleysuströnd,

er lést að heimili sínu, Sóltúni 2 í Reykjavík, sunnudaginn 16. nóvember sl., verður jarðsungin frá Kálfatjarnarkirkju föstudaginn 28. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarsjóð hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

Guðrún Jóna Jónsdóttir — **Karl Hirst**
Þórunn Bjarndís Jónsdóttir
Guðbjörg Kristín Jónsdóttir — **Örn Harðarson**
Anna Jónsdóttir — **Friðrik Georgsson**
Gróa Margrét Jónsdóttir — **Hákon Guðmundsson**
Ingigerður Jónsdóttir — **Stefán Eggertsson**
Jón Ástráður Jónsson — **Ingibjörg Elín Bjarnadóttir**

Elskuleg frænka okkar,

Þóra Helgadóttir
frá Merkigarði,

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks sunnudaginn 16. nóvember, verður jarðsungin frá Reykjakirkju laugardaginn 29. nóvember kl 14.00.

Elín I. Karlsdóttir — **Arnþór Pálsson**
Ólafur Guðmundsson — **Sigríður Sæmundsdóttir**
Sigurbjörg Guðmundsdóttir — **Auðunn Ágústsson**
Helgi Þór Sigurðsson

og fjölskyldur.

JIMI HENDRIX FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1942.

„Margir eru duglegir að apa eftir mér, jafnvel þegar ég geri mistök.“

Jimi Hendrix andaðist árið 1970, 27 ára gamall. Hann er mesta gítargoðsögn samtímans.

tímamót

timamot@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ÞJÓNA MYNDLISTARMÖNNUM Guðfinna segir að fyrirtækið muni gera sitt besta til að halda áfram að veita góða þjónustu líkt og verið hefur.

LITIR OG FÖNDUR: 30 ÁRA VERSLUN

Alltaf gaman

Fyrir 60 árum stofnaði August Håkanson, skiltamálari og myndlistarmaður, Skiltagerðina sem gerði líkt og nafnið gefur til kynna skilti en verslaði aðallega með myndlistarvörur. Út frá því fyrirtæki varð síðar til verslunin Litir og föndur sem fagnar nú þrjátíu ára afmæli.

„Skiltagerðin var stofnuð árið 1948 og er jafngömul mér en árið 1978 var fyrirtækinu deilt niður og Skiltagerðin var rekin sem innflutningsverslun en verslunin Litir og föndur komst í mína eigu,“ segir Guðfinna Hjálmarsdóttir myndlistarkona og eigandi Lita og föndurs. Nokkrum árum síðar tók hún við innflutningsversluninni sem þá hlaut nafnið Handlist. Árið 1997 voru fyrirtækin sameinuð undir nafninu Litir og föndur – Handlist ehf.

„Upphaflega var þetta lítil verslun á Skólavörðustíg 15. Síðan færðum við okkur á númer 14 og 16 og við höfum stækkað við okkur smám saman en höfum þó haldið okkur við Skólavörðustíginn,“ útskýrir Guðfinna en nú er verslunin til húsa í gamla Vogue-húsinu á Skólavörðustíg 12. „Þegar við stækkuðum við okkur gátum við sameinað föndurdeildina og myndlistardeildina undir eitt þak. Fyrir um fjórum árum síðan opnuðum við svo aðra verslun á Smiðjuvegi 4 í Kópavogi.“

Móðir Guðfinnu, Þórunn Thorlacius, hvatti hana á sínum tíma til að fara út í sjálfstæðan rekstur. „Hún var Vestur-Íslendingur og viðskiptamenntuð frá Kanada. Á þeim tíma var ég komin talsvert í myndlistina og hafði verið í Myndlistaskólanum í Reykjavík í nokkur ár. Þá var búðin auglýst og móður minni þótti þetta henta mér vel en faðir minn var þá nýlátinn og nýtti ég föðurarfinn til kaupa á versluninni,“ segir Guðfinna en móðir hennar átti líka hlut í versluninni og fylgdist vel með meðan hún lifði. „Nú er eldri sonur minn mín hægri hönd og maðurinn minn er líka þarna þannig þetta er fjölskyldufyrirtæki með mikla sál og góða reynslu.“ Rekstur inn hefur að sögn Guðfinnu gengið vel en yfirbyggingin hefur ávallt verið lítil og skynsemi fylgt í fjárútlátum.

„Þó að ég sé búin að vera hér innanbúðar í þrjátíu ár þá hefur aldrei komið sá dagur að mér hafi leiðst í vinnunni því þetta er allt á mínu áhugasviði,“ segir Guðfinna ánægð og nefnir að kúnnahópurinn sé einstaklega skemmtilegur. „Þetta er allt skapandi fólk sem vill gera eitthvað fallegt og heilbrigt og það er svo gefandi. Viðskiptavinirnir eru allt frá börnum upp í ellilífeyrisþega sem hafa nú tíma til að sinna áhugamálum. Við reynum að vera lifandi verslun og bjóðum líka upp á ýmis námskeið í myndlist og föndri.“

hrefna@frettabladid.is

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Þorvaldur Halldórsson
skipstjóri og útgerðarmaður,
Vörum, Garði,

sem lést laugardaginn 22. nóvember, verður jarðsunginn frá Útskálakirkju laugardaginn 29. nóvember kl. 14.00.

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Valgerður Þorvaldsdóttir — **Bragi Guðmundsson**
Halldór Kristján Þorvaldsson — **Kolbrún Þórlindsdóttir**
Ingimar Jón Þorvaldsson — **Elín Kjartansdóttir**
Vilberg Jóhann Þorvaldsson — **Helena Rafnsdóttir**
Þorvaldur Þorvaldsson — **Mikkalína Þ.K. Finnbjörnsdóttir**

barnabörn og barnabarnabörn.

GLÆSILEG JÓLATILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF HEITUM TILBOÐUM

AÐEINS ÞESSA HELGI

500GB
SPECIAL EDITION 720p

INOi margmiðlunarspilarinn frá Argosy er með 720p upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- Hlaðinn öllum helstu tengjum

29.900

5ms

20”LCD
CRYSTALCLEAR SKJÁR

Stórglæsilegur 20” WideScreen Benq skjár með Senseye tækni og glansáferð sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt.

- 20” WideScreen LCD skjár
- CrystalClear glansáferð
- 1000:1 skerpa og Senseye tækni
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1680x1050 WideScreen upplausn
- Senseye tækni tryggir myndgæðin
- VGA, DVI og HDCP tengi
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

BenQ

29.900

Birt með fyrirvar um breytingar, prentvillur og myndbrengl

HS-1200
ÞRÁÐLAUS HEYRNATÓL

Loksins er komið þráðlaust hágæðaheyrnatól með innbyggðum þráðlausum míkrafón. Nýja HS-1200 hátalarakerfið sendir stafrænt merki fyrir fullkominn tærleika og gæði.

- Stafræn þráðlaus heyrnatól
- Innbyggður þráðlaus míkrafónn
- 2.4GHz tækni fyrir alveg tært hljóð
- X-Fi fyrir krystaltæran hljóm í tónlist
- CMSS-3D hljómtækni fyrir leikina
- Sérhnappur fyrir MSN Live Messenger
- Hleðslurafhlaða og USB hleðsla
- Mjúkir eyrnapúðar fyrir hámarks þægindi

CREATIVE®

14.900

5.1 A500
A500 HLJÓÐKERFI

Eitt mest selda hljóðkerfið frá Creative með 5 öfluga hátalara og öflugu bassaboxi. Samspil af tærum og öflugum hljóm sem á sér ekki hliðstæðu og hvergi á betra verði.

- 47W RMS skila hörku hljóm
- 5 öflugir 6W RMS hátalarar
- Öflugt 17W RMS viðar bassabox
- 2ja tommu driver fyrir tæran hljóm
- Fjarstýring fyrir meiri þægindi
- Glæsileg og vönduð ný hönnun

CREATIVE®

6.990

ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Vírus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND

CREATIVE®

6.990
FATAL1TY HEYRNATÓL

AÐEINS ÞESSA HELGI

4.990
CREATIVE 2GB MP3 SPILARI

TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

NÝ VERSLUN
VELKOMIN Í NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN Í BORGARTÚNI 31

Regatta
GREAT OUTDOORS™

STÖNDUM SAMAN GEGN KREPPUNNI!

OKKAR FRAMLAG

50% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM VÖRUM TIL JÓLA

Nýjar vörur
á alla fjölskylduna

flíspeysur
softshell
buxur
vesti
skyrtur
bolir
úlpur
jakkar
snjóbuxur
brettaföt
skíðaföt
undirföt
skór
smávara ofl.

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18. LAUGARD. 11 – 16.

ÚTIVIST&SPORT
www.utivistogsport.is
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

Ekkert niðurhal

Í niðurhalssamfélagi nútímans finnst mér ég stundum vera alveg úti á þekju. Ég dánlóda aldrei neinu, ef ég missi af uppáhaldsþætti í sjónvarpinu þá missi ég af honum algjörlega, nema svo vilji til að einhver sem ég þekki kaupi seríuna á DVD og láni mér.

Ég hleð heldur aldrei niður tónlist af netinu, einstaka sinnum að ég hlusta á eitt og eitt lag, algjör forneskja auðvitað, enda starað á mig í forundran af félögum mínum þegar ég er að falast eftir diskum að láni til að spila í geislaspilaranum mínum, enda keppast allir við að úthúða geisladiskum þessi dægrin, það eru plötur, ipod eða ekkert.

Ég átti nú einu sinni lasinn plötuspilara og nokkrar plötur en var annars meiri kasettumanneskja, tók upp plötur, í heild sinni og hlutum og á einhvers staðar kassettur í kassa fullar af tónlist í lélegustu gæðum mögulegum. Plöturnar örfáu eru líka í kassa en geisladiskarnir taka hilluplass í stofunni og hefur sú ráðstöfun valdið hnussi hjá tæknivæddara fólki sem segir að maður eigi að hafa bara allt í tölvunni.

Í grunninn er mér bara ekki nægilega vel við tölvur held ég, síðan myndir komust allar á tölvutækt form þá fæ ég regluleg panikköst hugsandi um allar fjölskyldumyndirnar sem bara eru til á stafrænu formi. Tölvur eiga líka til að snúast gegn mér, neita að framkvæma skipanir sem ég gef en þýðast svo næsta mann eins og ekkert sé.

Sú andspyrna er kannski meginorsök þess að ég geri lítið í tölvunni annað en að lesa vefsíður og svo auðvitað vinna. Þegar kemur að því að kynnast nýrri tónlist þá kaupi ég diska eftir að hafa fengið góðar ábendingar og ég get fullyrt að ég verð örugglega síðust manna til að tileinka mér rafrænar bækur.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

RUGLVERÐ LIFIR 29.11.08

ÍSLENSKA SÍA IS BTT 44267 11.2008

ATH kl. 20.
Í ár hafa staðið yfir hátíðarhöld vegna 100 ára afmælis Hafnarfjarðar. Af því tilefni kom út diskurinn ALDARBLIK sem hefur að geyma mörg ástsæl einsöngslög; Draumalandið, Maístjörnuna, Sjá dagar koma, Ég bið að heilsa, Á Sprengisandi, Í fjarlægð og Sólsetursljóð. Í kvöld fara fram útgáfutónleikar í Hafnarborg. Flytjendur verða Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Ágúst Ólafsson barítón og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari, Kór Flensborgarskólans og úrval hafnfirskra hljóðfæraleikara. Aðgangur er ókeypis.

menning

menning@frettabladid.is

Sölkukvöld á Lokakaffi

Í kvöld verður upplestrarkvöld á vegum bókaútgáfunnar Sölku á Lokakaffi beint á móti Hallgrímskirkju. Að þessu sinni verður Sölkukvöldið tileinkað fræðibókunum. Þær bækur sem leika aðalhlutverkið þetta kvöldið eiga það sameiginlegt að spyrja spurninga, lýsa annars konar ljósi á sögguna og varpa upp nýjum sannleika.

BÓKMENNTIR Þórhallur Heimisson prestur les upp úr bók sinni um Maríu Magdalenu í kvöld á vegum Sölku.

Bækurnar og höfundar þeirra eru: Ást, kynlíf og hjónaband eftir dr. Sólveigu Önnu Bóasdóttur. Sólveig Anna veltir því fyrir sér hvort kristin kynlífssiðfræði líti niður á líkamann, torveldi konum og börnum að ráða yfir eigin líkama og hvort geti verið að neikvæð sýn á konur og líkamann hvetji til ofbeldis gegn þeim? Þá verður lesið úr bókinni María Magdalena – vændiskona eða vegastjarna eftir sr. Þórhall Heimisson. Hver var María Magdalena? Hvers vegna hvílir svo mikill leyndardómur yfir sögu hennar og hvers vegna hafa svo margir augljóslega lagt mikið á sig til að hylja sporin sem hún markaði, spyr Þórhallur.

Hildur Hákonardóttir les upp úr bók sinni um kartöfluna, Blálandsdrottningunni, og segir frá því þegar Van Gogh ætlaði að gera vinkonu sinni kartöflunni greiða en endaði með því að gera henni óleik. Slæðusviptingar eftir Höllu Gunnarsdóttur blaðamann er ferðasaga sem byggist á viðtölum við þrettán íranskar konur um líf þeirra og störf. Lesandinn kynnist sögu og menningu fólksins sem byggir þetta umtalaða land og við kynnumst röddum þeirra sem sjaldan heyrist í.

Upplesturinn á Lokakaffi hefst kl. 20 í kvöld.

> Ekki missa af

Á hverju fimmtudagskvöldi fram að jólum verður samræðusamkoma undir heitinu Ljáðu þeim eyra klukkan 20 á Súfistanum. Þar munu tveir höfundar kynna bækur sínar og einn framsögumaður frá Reykjavíkur-Akademíunni spjalla um þema sem tengist bókunum út frá sínum sjónarhóli. Tónlist verður í umsjá Hjörleifs Valssonar fiðluleikara. Síðan verða almennar samræður og gestir hvattir til að leggja orð í belg. Í kvöld eiga stefnumót kl. 20 þeir Guðjón Friðriksson og Einar Kárason og kynna texta úr sögum sínum: Saga af forseta og Ofsa. Á eftir framsögu og bókakynningum verða samræður fram eftir kvöldi.

METSÖLULISTINN

Tíu mest seldu bækurnar í öllum flokkum dagana 19. -25. nóv

EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR

1.	**Myrká** *Arnaldur Indriðason*	Vaka-Helgafell/Forlagið
2.	**Fíasól er flottust** *Kristín Helga Gunnarsdóttir*	Mál og menning/Forlagið
3.	**Auðnin** *Yrsa Sigurðardóttir*	Veröld
4.	**Vetrarsól** *Aðunn Jónsdóttir*	Mál og menning/Forlagið
5.	**Jólasyrpa 2008** *Walt Disney*	Edda útgáfa
6.	**Ofsi** *Einar Kárason*	Mál og menning/Forlagið
7.	**Fyrir frostið – kilja** *Henning Mankell*	Mál og menning/Forlagið
8.	**Silfurskeiðin** *Ýmsir*	Bjartur
9.	**Útkall - Flóttinn frá Heimaey** *Óttar Sveinsson*	Útkall
10.	**Bríslingur** *Christopher Paolini*	JPV útgáfa/Forlagið

HAGKAUP

1.	**Þú getur** *Jóhann Ing og fleiri*	Hagkaup
2.	**Myrká** *Arnaldur Indriðason*	Vaka-Helgafell/Forlagið
3.	**Jólasyrpa 2008** *Walt Disney*	Edda útgáfa
4.	**Minnisbók handa ...** *Helen Exley*	Steinegg
5.	**Bríslingur** *Christopher Paolini*	JPV útgáfa/Forlagið
6.	**Af bestu lyst 3** *Nanna Rögnvaldsdóttir ritstýrir*	Vaka-Helgafell/Forlagið
7.	**Fíasól er flottust** *Kristín Helga Gunnarsdóttir*	Mál og menning/Forlagið
8.	**Heimsmetabók Guinnes 2009** *Ýmsir*	Vaka-Helgafell/Forlagið
9.	**Útkall – Flóttinn frá Heimaey** *Óttar Sveinsson*	Útkall
10.	**Auðnin** *Yrsa Sigurðardóttir*	Veröld

Philip Jenkins í heimsókn

Píanóleikarinn Philip Jenkins verður sérstakur gestur Tríós Reykjavíkur í Hafnarborg, á hljómleikum á sunnudagskvöld kl. 20. Á efnisskránni núna verður sónata í a-moll fyrir fiðlu og píanó eftir Schumann, dúett fyrir fiðlu og selló eftir Haydn og píanótríó í B-dúr eftir Schubert, sem jafnframt er eitt vinsælasta kammerverk allra tíma.

TÓNLIST Philip Jenkins

Tónleikarnir eru liður í tónleikaröð tríósins í samstarfi við Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar og bera yfirskriftina: Klassík við kertaljós. Þeir eru nú orðnir árviss viðburður í tónleikaröð tríósins þar sem sérstök stemning skapast við hlustun fagurrar tónlistar við kertaljós í svartasta skammdeginu. Efnisskráin miðast við að veita birtu og yl inn í vitund áheyrenda.

Tríó Reykjavíkur kemur nú fram 19. árið í röð í samvinnu við Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Á þessum tíma hefur tríóið haldið marga tugi tónleika í Hafnarborg, frumflutt fjölda nýrra verka auk þess að gefa áheyrendum sínum ávallt kost á að heyra hin hefðbundnu verk gömlu meistaranna. Fjöldi listamanna í hæsta gæðaflokki, bæði erlendir og íslenskir, hafa komið fram á tónleikaröðinni.

Philip Jenkins er Íslendingum að góðu kunnur, en hann starfaði á Akureyri um tíma snemma á áttunda ártugnum. Seinna var hann prófessor við Royal Academy of Music í Lundúnum, yfirmaður píanódeildar við Royal Scottish Academy of Music í Glasgow, en kennir nú við hinn virta Guildhall School of Music í Lundúnum. Meðal kennara hans á námsárunum var Dame Myra Hess. Philip hefur átt afar gæfuríkan feril sem einleikari og jafnframt í kammertónlist. Sem slíkur hefur hann ferðast heimshorna á milli. Hann hefur leikið inn á hljómdiska m.a. fyrir Chandos, Saga,

Gaudeamus og Merlin. Philip er mjög eftirsóttur kennari og heldur reglulega mastersnámskeið í Evrópu, Bandaríkjunum og Austurlöndum fjær. Hann situr oft í dómnefndum alþjóðlegra keppna. Margir nemenda hans hafa unnið til verðlauna í alþjóðlegum keppnum. Philip Jenkins hefur margoft komið fram á Íslandi og unnið með nokkrum helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar t.a.m. Einari Jóhannessyni og Sigrúnu Eðvaldsdóttur. Um tíma starfaði hann í píanótríói ásamt Guðnýju Guðmundsdóttur og Hafliða Hallgrímssyni. Tríóið kom fram víða, m.a. á alþjóðlegu listahátíðinni í Bergen og á Listahátíð í Reyjavík.

pbb@frettabladid.is

Jólasýningar á aðventunni

Nú er kominn sá tími að leikhúsin dusta rykið af árlegum jólasýningum og yngstu áhorfendur fá tækifæri til að herða hugann við jólagaman af ýmsu tagi. Það eru bæði sjálfstæðir leikhópar og stofnanir sem setja jólaleiki á svið.

HVAR ER STEKKJASTAUR? Möguleikhúsið býður upp á sýninguna sem hefur verið á ferðalagi um Norðurland þessa vikuna.

Aðventusýning Þjóðleikhússins, Leitin að jólunum, fer nú á fjalirnar fjórða árið í röð. Fyrsta sýning verður á laugardag en sýnt er allar helgar á aðventunni. Höfundur verksins er Þorvaldur Þorsteinsson en tónlistina semur Árni Egilsson. Tveir skrýtnir og skemmtilegir náungar, Raunar og Reyndar, taka á móti litlum leikhúsgestum í anddyri Þjóðleikhússins. Með þeim í för eru tveir hljóðfæraleikarar og saman leiða þeir börnin með leik og söng vítt og breitt um leikhúsið. Börnin ferðast inn í ævintýraveröld jólanna og sjá leikþætti um jólin í gamla daga og í nútímanum. Raunar og Reyndar eru ekki alveg sammála um ýmislegt sem tengist þessari hátíð ljóss og friðar og fleiri fígúrur skjóta upp kollinum, t.d. jólakötturinn og hin umtalaða kvensnift Grýla. Leikarar í sýningunni eru Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Edda Björg Eyjólfsdóttir, Ólafur Egill Egilsson, Þóra Karítas Árnadóttir og Þórunn Lárusdóttir. Hljóðfæraleikararnir Darri Mikaelsson og Vadim Federov taka einnig þátt í sýningunni.

Norðan heiða

Norður á Akureyri var á laugardag frumsýning á Láp, Skráp og jólaskapinu eftir Snæbjörn Ragnarsson. Sýningunni var afar vel tekið af börnum jafnt sem fullorðnum. Mikil eftirspurn er þegar eftir miðum á sýningarnar sem verða allar helgar fram að jólum. Lápur og Skrápur eru einu tröllabörnin í Grýluhelli sem hafa ekki enn komist í jólaskap. Grýla, mamma þeirra, rekur þá því af stað úr hellinum og bannar þeim að koma aftur fyrr en þeir eru búnir að finna jólaskapið. Lápur og Skrápur leita um allt og leitin ber þá inn í svefnherbergi Sunnu litlu. Hún ákveður að hjálpa þeim bræðrum og saman lenda þau í alls konar ævintýrum. Það er Guðjón Þorsteinn Pálmarsson (Denni) sem leikstýrir en hann lék í Maríubjöllunni og Litlu hryllingsbúðinni hjá LA leikárið 2006-2007. Leikmynd hönnuðu og unnu Dýri Bjarnar Hreiðarsson og Bjarki Árnason. Búninga hannaði Sunna Björk Hreiðarsdóttir og gervin vann leikhópurinn.

Í Hafnarfirði

Leikhópurinn Á senunni í samstarfi við Hafnarfjarðarleikhúsið sýnir í desember í Hafnarfjarðarleikhúsinu Ævintýrið um Augastein en sýningin var líka á fjölum leikhússins í fyrra. Steinn gamli í minjagripabúðinni segir okkur uppáhaldsjólaævintýrið sitt, söguna af litla drengnum sem lenti fyrir tilviljun í höndum jólasveinanna rétt fyrir jól. Á þeim tíma voru jólasveinarnir engir aufúsugestir, enda þjófóttir og stríðnir.

Lukkuleikhúsið býður upp á leikinn um Lísu og jólasveininn eftir Bjarna Ingvarsson. Sýningartími er 40 mínútur og undirbúningur tekur annað eins: Lísa er 8 ára stelpa sem býr með mömmu sinni og pabba á ótilgreindum stað á Íslandi. Það er komið fram í desember og jólaspenningurinn farinn að gera vart við sig. Kvöld eitt þegar Lísa er að fara að hátta finnur hún jólasvein inni í herberginu sínu. Sýningin er ætluð börnum frá 2 til 10 ára. Sýningapantanir og nánari upplýsingar eru veittar í síma 5881800 eða 8977752.

Möguleikhúsið

Möguleikhúsið býður upp á sýninguna Hvar er Stekkjastaur? sem hefur verið á ferðalagi um Norðurland þessa vikuna. Það er kominn 12. desember, en jólasveininn Stekkjastaur kemur ekki til byggða. Þegar Halla fer að athuga hvernig á því standi kemst hún að því að jólasveinunum er orðið svo illa við allan ysinn og þysinn í mannheimum að þeir hafa ákveðið að hætta að fara til byggða um jólin. Tekst Höllu að fá þá til að skipta um skoðun? Sýningartími er um 45 mínútur og er sýningin ætluð krökkum á aldrinum 2-9 ára. Möguleikhúsið býður einnig upp á aðra sýningu á aðventunni: „Þegar hátíð fer í hönd, búa menn sig undir hana, hver á sína vísu.“ Þannig hefst saga Gunnars Gunnarssonar, Aðventa. Hér er sagt frá svaðilförum vinnumannsins Benedikts sem fer til fjalla í vetrarríki aðventunnar að leita þess fjár sem eftir varð er smalað var um haustið. Það er köllun hans að koma þessum villuráfandi sauðum í öruggt skjól fyrir hátíðirnar. Þetta er klassísk saga um náungakærleika og fórnfýsi.

Fyrir áhorfendur frá 13 ára aldri og er sýningartími um 60 mínútur. Nánari upplýsingar: s. 562 2669/897 1813 - moguleikuhusid@moguleikuhusid.is Brúðuleikur Bernts

Fígúra sýnir Pönnukökuna hennar Grýlu. Enn á ný kemur Bernd Ogrodnik með pönnukökuna rúllandi, inn í líf barnanna á aðventunni, eins og hann hefur gert síðustu ár við miklar vinsældir. Pönnukakan hennar Grýlu er skemmtileg og falleg jólasaga sem er unnin upp úr evrópskri þjóðsögu sem flestir ættu að kannast við. Sýningartími er um 40 mínútur og hún er ætluð krökkum frá 0–8 ára. Allar nánari upplýsingar og bókanir í símum 466 1520 og 895 9447.

Önnur brúðusýning í boði er Jesúbarnið sem Sögusvuntan byggir á rússnesku jólaævintýri. Blandað saman lifandi hörputónlist og brúðuleik. Sögumaður og brúðuleikari: Hallveig Thorlacius. Hörpuleikari: Marion Herrera. Pantanir má gera á: hallveig@xx.is.

Kómedíuleikhúsið sýnir Jólasveina Grýlusyni, sprellfjörugan leik um gömlu íslensku jólasveinanna og ýmsum spurningum reynt að svara um þessa skrítnu kalla. Hvers vegna er Stúfur minnstur jólasveinanna? Af hverju er Stekkjastaur svona hár til hnésins? Var fjórtándi jólasveinninn til? Eru Askasleikir og Bjúgnakrækir tvíburar? Allt þetta og miklu meira fáum við að heyra um í sýningunni um Grýlusynina. þetta er ferðasýning sýnd á höfuðborgarsvæðinu dagana 1.–11. desember 2008. Sýningartími er um 55 mín. og hún er ætluð 2ja ára og eldri. Pantanir má gera á :komedia@komedia.is

Stelpur á jólum

Stopp leikhópurinn býður upp á ferðasýninguna Jólin hennar Jóru. Þar segir frá Jóru litlu en hún er tröllastelpa sem býr uppi í fjöllum. Einn daginn stelur hún jólakíkinum hans Skrepps en hann er einn besti aðstoðarmaður jólasveinanna. Allt er í pati því án kíkisins góða geta þeir ekki vitað hvort börnin séu þæg og góð til að fá í skóinn. Fer Skreppur því af stað til að hafa upp á kíkinum en það verður ekki auðvelt því Jóra er farin til mannabyggða, að upplifa þessi jól sem allir eru að tala um. Sýningin er um 30 mínútur og er ætluð krökkum að níu ára aldri. Nánari upplýsingar og pantanir: eggert@centrum.is

Ein leikhúsið er á ferð með Óskina sem fjallar um vináttu lítillar stúlku og snjókalls. Hún heitir Þrúður og vill vera trúður, hann heitir Snjólfur snjókall og þarf að komast upp í fjall – því hann er að bráðna. Á leiðinni upp í fjall lenda þau í ýmsum ævintýrum. Á vegi þeirra verða meðal annars úlfurinn ógurlegi, Grýla skítafýla og bangsi bestaskinn sem huggar við kinn.

Nánari upplýsingar: sigrunsol@hive.is

JANIS Sýningin heldur áfram eftir jól.

Janis áfram

Rokksöngleikurinn Janis 27 eftir Ólaf Hauk Símonarson hefur verið sýndur í Íslensku óperunni við miklar vinsældir í allt haust og verður síðasta sýning haustsins næstkomandi föstudag, 28. nóvember, kl. 20. Sýningar hefjast að nýju eftir áramót og verður fyrsta sýningin þá 10. janúar, en næstu þar á eftir 23. og 31. janúar. Söngleikurinn hefur gengið frá því snemma í vetur, annar tveggja söngleikja sem Ólafur er með á sviðum Reykjavíkur, en Fólkið í blokkinni gengur enn fyrir fullu húsi í Borgarleikhúsi og verður sýningum þar haldið áfram allt til jóla.

ENDURÚTGEFIN Ég var einu sinni nörd.

Nörd á DVD

Hið klassíska uppistand Jóns Gnarr, Ég var einu sinni nörd, er nú að koma út aftur á DVD, en diskurinn hefur ekki verið til um árabil. Uppistandið sló í gegn í Loftkastalanum fyrir um tíu árum og VHS-spólan varð vinsæl. Nýja endurútgáfan er með nýtt útlit og inniheldur fullt af aukaefni. Þar á meðal er þáttur tekinn upp í ár þar sem Jón Gnarr og Pétur Jóhann Sigfússon líta yfir farinn veg.

Til styrktar UNIFEM

Gala-sýning verður haldin í Iðnó í kvöld til styrktar UNIFEM á Íslandi, sem er þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna. Um er að ræða leikverkið Dansaðu við mig eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann í uppfærslu Leikhúss andanna.

Leikstjórn á Dansaðu við mig er í höndum Jóns Gunnars Þórðarsonar og leikendur eru Þrúður Vilhjálmsdóttir og Höskuldur Sæmundsson. Miðaverð er 3.200 krónur og renna 1.000 krónur af hverjum seldum miða óskiptar til UNIFEM. Innifalið í verðinu er appelsínugulur kokkteill, sem er litur Unifem á Íslandi. Kokkteillinn hefst klukkan 19.30 og sýningin sjálf kl. 20.00. Áður en sýningin hefst mun Ragnheiður Gröndal stíga á svið og flytja lag.

Sögufrægt hús í niðurníðslu

Þær fréttir berast nú frá Úkraínu að hin fræga villa rússneska leikskáldsins Antons Tsjekov á Jalta, Hvíta sumarhúsið, sé við það að falla í mikla niðurníðslu. Hefur alþjóðleg nefnd mektarmanna hafið söfnun til að koma húsinu til bjargar. Þar dvaldi skáldið lengi, Gorkí naut einveru í hinum stóra garði á landareigninni, Rakhmaninoff var þar langdvölum og þar samdi Tsjekov mörg sín helstu verk. Í hverfinu umhverfis húsið eru nú sumarskemmtistaðir ölvaðra rússa sem þangað hópast í frí en Jalta var lengi vinsæll sumardvalarstaður efnamanna en nú ríkir pöpullinn þar um slóðir.

Tsjekov kom til Jalta 1899, fluttist þangað til að tefja berklana sem þjáðu hann. Hann var orðinn alvarlega veikur 1904 og fluttist í heilsubæinn Badenweiler í Svartaskógi þar sem hann lést mánuði síðar.

Villan á Jalta var sérhannað hús eftir hans tilsögn, frægt fyrir sína sjö útganga, á þremur hæðum með sérstökum gluggum sem voru engir eins. Húsið var gert að safni strax 1921 og þar eru enn margir munir sem voru í eigu skáldsins, en við hrun á ríkjum þar eystra skall voðinn á: hiti var tekinn af húsinu 2005 og veggfóðrið myglaði í vetrarveðrum. En það er hið pólitíska ástand sem er erfiðast við að eiga. Í Jalta er stór Rússanýlenda, en héraðið tilheyrir nú Úkraínu. Rússar vilja ekki kosta til viðgerðirnar og Úkraínumenn ekki heldur. Bankar hafa lagt til nokkurt fé, en leikhús honum helgað í fæðingarbæ hans er í fjárhagsvanda þótt John Malkovich og Kevin Spacey hafi safnað fé því til stuðnings. Mektarmenn á borð við Tom Stoppard, Kenneth Branagh og fleiri hafa safnað fé til að halda Hvíta sumarhúsinu við. Stoppard hefur lýst heimsókn þangað sem líkast því að ganga inn í tímavél. Þar sé allt eins og það var 1904. Heyra megi hlátur úr næsta herbergi og Gorkí bregði fyrir í garðinum. En eins og skáldið lýsir og við þekkjum svo vel er glæsileikinn forgengilegur rétt eins og allur heimsins auður.

MENNING Frægt málverk af Tsjekov frá hans mektarárum.

Ráð við kvefi

Bólgu í munni og hálsi má lina með því að...
- Sjúga Strepsils-hálstöflur
- Drekka heita drykki - til dæmis kamillute með hunangi
- Forðast tóbaksreyk

Stíflaðar nasir má lina með því að...
- Nota nefúða - til dæmis Otrivin
- Sofa með hátt undir höfði - sem dregur einnig úr hósta

Þegar maður er með kvef og særindi í hálsi er almennt gott að...
- Drekka mikið af vökva
- Þvo hendurnar oft
- Forðast líkamlega áreynslu
- Lofta vel og vandlega heima fyrir en forðast þó vind og kulda
- Nota snýtupappír og henda eftir notkun

Otrivin auðveldar þér andardrátt þegar þú ert með kvef!
- Otrivin skal úða einu sinni í hvora nös eftir þörfum, 2-3 sinnum á dag.
- Nota í mesta lagi 10 daga í röð.

OTRIVIN nefúði og nefdroparnir innihalda xýlómetasólin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðrar bólgu í ennis- og kinnholum. Otrivin virkar fljótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhúð og sviðatilfinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. **Otrivin 1 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 10 ára. **Otrivin 0,5 mg/ml:** Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Einungis ætlað 2-10 ára börnum að læknisráði. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhúð. Sjúklingar með gláku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xýlómetasólin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

Strepsils, við særindum í hálsi!
Strepsils er fáanlegt með fjórum bragðtegundum:
- Ávaxtabragði
- Sítrónu- og hunangsbragði
- Sítrónu- og jurtabragði (sykurlaust)
- Mentólbragði

STREPSILS töflur innihalda: Amýlmetakresól 0,6 mg, 2,4 tvíklóróbensýlalkóhól 1,2 mg. Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst. fresti. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt í eina viku. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislík viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakki af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnupakkningum. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

Bandarísk bókmenntaverðlaun

Peter Matthiessen, rithöfundur og stofnandi Paris Review, hlaut á miðvikudag National Book Award fyrir skáldsögu sína Wednesday night for Shadow Country sem er endurritun á verki hans frá áttunda áratugnum. Hann hefur áður fengið þessi verðlaun fyrir eitt sitt frægasta verk, The Snow Leopard. Baráttumaðurinn og umhverfisverndarsinninn er á áttugasta og fyrsta aldursári. Sagan er steypt úr þremur skáldsögum sem gerast í Flórída-fenjunum í Shadow County og lýsir hnignun á plantekru frá borgarastyrjöldinni til kreppuáranna í fjölskylduhögum, atvinnu- og umhverfismálum. Það tók hann sex ár að umskrifa verkið, stytta það og breyta og loks að skrifa það að nýju.

Önnur verk sem voru tilnefnd voru Home eftir Marilynne Robinson, The Lazarus Project eftir Aleksandar Hemon, The End eftir Salvatore Scibona, Telex from Cuba eftir Rachel Kushner. Vinningsverkið í almennum flokki var The Hemingses of Monticello sem er líka fjölskyldusaga sem rekur örlög afkomenda Sally Hemings sem var ambátt á heimili Thomasar Jefferson. Höfundur hennar er Annette Gordon-Reed, lagaprófessor við New York Law School og prófessor í sögu við Rutgersháskólann. Þetta er önnur bók hennar um efnið; hún kannaði samband þeirra Jeffersons og Hemings í verkinu Thomas Jefferson and Sally Hemings: An American Controversy.

Barnabókaverðlaunin vann Judy Blundell, sem skrifar undir nafninu Jude Watson. Saga hennar heitir What I Saw and How I Lied,


PETER MATTHIESSEN

sem lýsir ungri konu sem rýfur blekkingavef þegar faðir hennar kemur heim með ókunnan mann frá vígvöllum seinna stríðs. Ljóðabók ársins er safn úr fyrri ljóðabókum Marks Doty, Fire to Fire, Each winner of the awards founded in 1950 and sponsored by the non-profit National Book Foundation gets $10,000.

Verðlaunin voru sett á stofn 1950 og fylgir hverri viðurkenningu peningaupphæð sem nú eru tíu þúsund dalir. Verðlaunaafhendingin var tilfinningaþrungin því margir ræðumenn lýstu von sinni um breytta tíma undir nýrri ríkisstjórn Bandaríkjanna.

- pbb

Sinfónían í kvöld

Á morgun heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands tónleika í Háskólabíói þar sem flutt verður hið sívinsæla verk Myndir á sýningu eftir Modest Músorgskíj í hljómsveitarbúningi Maurice Ravel. Verkið samdi Músorgskíj fyrir píanó, innblásinn af yfirlitssýningu á verkum vinar síns, listmálarans og hönnuðarins Victors Hartmann. Í snilldarlegri hljómsveitarútsetningu Ravels hefur verkið verið eitt það vinsælasta á efnisskrám hljómsveita allar götur síðan.

Þá mun Sif Tulinius, 2. konsertmeistari hljómsveitarinnar, leika einleik í fiðlukonsertinum Fylgjum eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Sif hefur verið áberandi í íslensku tónlistarlífi undanfarin ár, leikur með öllum helstu tónlistarhópum landsins og kemur reglulega fram sem einleikari bæði með Kammersveit Reykjavíkur og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Fylgjur samdi Þorkell árið 1978 fyrir fiðluleikarann og stjórnandann Paul Zukofsky, en umskrifaði verkið síðar fyrir hjónin Leif og Hannele Segerstam.

Að lokum er á dagskránni Sinfónía nr. 98, sú er ein af Lundúnasinfóníum Haydns, en þar samdi tónskáldið mörg af sínum merkustu verkum sem talin eru meðal helstu meistaraverka klassíska tímans. Stjórnandi á tónleikunum er Rumon Gamba og hefjast þeir kl. 19.30.

TÓNLIST Modest Mussorgsky tónskáld.
FRÉTTABLAÐIÐ/

Tónleikakynningar Vinafélags Sinfóníuhljómsveitarinnar eru skemmtileg viðbót við upplifunina. Þær hefjast kl. 18 á Hótel Sögu og kosta 1.200 kr. Að þessu sinni mun Ingibjörg Eyþórsdóttir segja frá verkunum sem flutt verða.

- pbb

Gaman á Græna hattinum

Það verður gaman á Græna hattinum um helgina: á föstudagskvöld er það Margrét Guðrúnar og Bandið hans pabba en þá sveit skipa ekki ómerkari menn en: Ásgeir Óskarsson (Pelican, Stuðmenn, Þursaflokkurinn) trommur, Björgvin Gíslason (Náttúra, Pelican), gítar, Tómas Tómasson (Stuðmenn, Þursaflokkurinn) bassi og Margrét Guðrúnar píanó og söngur. Efnið sem þau flytja er að mestu leyti lög og textar Margrétar sem eru blús- og poppblendin auk þess sem blúsættuð lög úr ýmsum áttum fá að fljóta með. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og opnar húsið kl.21.

Á laugardagskvöld er það svo stórsveitin Dúndurfréttir sem flytur „Dark side of the Moon“ í heild sinni ásamt Andreu Gylfadóttur og Steinari Sigurðssyni saxófónleikara. Auk þess flytja þeir önnur stórvirki Pink Floyd eins og „Shine on you Crazy Diamond“, „Comfortably Numb“ o. fl.

TÓNLIST Björgvin þenur strengi á Græna hattinum annað kvöld.
MYND FRÉTTABLAÐIÐ/

Tvennir tónleikar verða haldnir, þeir fyrri kl.20.00 en þeir seinni kl.23.00. Húsið opnar kl.19.00. Miðasala er á midi.is.

- pbb

„...fyrst á visir.is“
visir.is
...ég sá það á visir.is

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

Þjóðleikhúsið
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Leitin að jólunum
Þorvaldur Þorsteinsson
Aðventusýning Þjóðleikhússins hefst 29/11
Örfá sæti laus í desember

Utan gátta
Sigurður Pálsson
Snarskemmtileg sýning. ★★★★ JVJ, DV
fös. 28/11 uppselt
lau. 29/11 örfá sæti laus
Sýningum lýkur 13. desember!

Hart í bak
Jökull Jakobsson
Verk sem snertir okkur öll. ★★★★ EB, FBL
fim. 27/11 uppselt, fös. 28/11 uppselt,
lau. 29/11 uppselt
Aukasýningar í sölu

Skilaboðaskjóðan
Þorvaldur Þorsteinsson
og Jóhann G. Jóhannsson
sun. 30/11, örfá sæti laus
Allra síðasta sýning

Gefum góðar stundir
Gjafakort Þjóðleikhússins
er sígild gjöf
kynntu þér málið á
www.leikhusid.is

Gjafakort á Kardemommubæinn

Saga baráttumanns

Benedikt Davíðsson
markaði á starfsævi sinni
djúp spor í verkalýðs-
og félagsmálasögu Íslendinga.
Saga hans eftir Hauk Sigurðsson
er óskabók allra áhugamanna um
stjórnmál og verkalýðsbaráttu.

Bókin er prentuð á Íslandi

Ómissandi bók fyrir alla áhugamenn um stjórnmál

JPV útgáfa
www.forlagid.is

TÍMARIT

Tímaritið Jón á Bægisá, 12. hefti, er nýkomið út. Efnið er fjölbreytt að vanda. Ástráður Eysteinsson fjallar um afar forvitnilegt efni fyrir þýðendur og bókmenntafræðinga, en það er staða þýðingar Magnúsar Ásgeirssonar á skáldsögunni Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson eftir að höfundurinn þýddi verkið sjálfur og nýtti sér þýðingu Magnúsar óspart við það. Ingibjörg Haraldsdóttir skrifar um ljóða- og leikritaþýðingar sínar í grein sem hún kallar „Að þýða upphátt". Kendra Willson fjallar ítarlega um ljóðstafi og viðtökur ljóðaþýðinga í ljósi ýmissa álitamála um stuðlaðar og óstuðlaðar þýðingar. Þá er merkileg grein eftir Halldór Jakobsson (1735-1810), sýslumann, en hann á kannski heiðurinn að því að hafa gefið út fyrsta ritið helgað þýðingum á íslensku á því herrans ári 1803 og gaf út á eiginn kostnað, en annars er hann einkum kunnur fyrir skrif sín um íslensk eldfjöll. Katelin Parsons, meistaranemi í þýðingafræði, fann þennan bækling við rannsóknir sínar í hirslum Þjóðarbókhlöðunnar og ritar hún einnig stuttan inngang að þessari merku ritgerð Halldórs Jakobssonar. Að venju eru birtar þýðingar á sögum og ljóðum. Jón á Bægisá er tímarit um þýðingar og birtir þýðingar á erlendum bókmenntum og efni um þýðingafræði, þýðingastarfið og gildi þýðinga fyrir íslenska menningu. Í ritnefnd sitja Gauti Kristmannsson, Guðrún Dís Jónatansdóttir, Ingibjörg Haraldsdóttir og Sigurður A. Magnússon. Tólfta hefti af Jóni á Bægisá er 142 blaðsíður. Útgefandi er Ormstunga.

Út er komið þriðja tölublað listtímaritsins Sjónauka, eina listtímaritið á Íslandi. Tímaritið ber titilinn Gildi / Value og hefur að geyma greinar, viðtöl og verk listamanna á íslensku og ensku. Listamaður blaðsins að þessu sinni er Ásmundur Ásmundsson og fylgir verk eftir hann með blaðinu, Mega Mix – The Soundtrack of Our Lives, þar sem Ásmundur syngur af innlifun. Þeir Markús Þór Andrésson og Valur Brynjar Antonsson skrifa ítarlega texta um verk Ásmundar. Meðal annars efnis er þýðing Benedikts Hjartarsonar á grein Walter Benjamin, Kapitalismi sem trúarbrögð, Gauti Sigþórsson skrifar um miðlun hrifa í samtímanum. Viðtöl eru m.a. við Níels Hafstein á Safnasafninu sem segir frá starfi sínu og kenningum og rætt er við Mariu Lind sem er sænskur sýningarstjóri og deildarstjóri sýningarstjórnar í Baard College í New York.

Tímaritið Börn og menning er nýkomið út. Meðal fjölbreytts efnis má nefna grein eftir Ármann Jakobsson um vinsælar bækur sem komu fyrst út á fimmta áratug síðustu aldar. Greinin ber titilinn Adda trúlofast og Beverly Gray leitar að gulli; Í árdaga unglingabókanna á Íslandi. Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir skrifar um svokallaðar skvísusögur og heitir grein hennar Dramadrottningar með beygluð og brotin hjörtu, Guðlaug Richter fjallar um nýjar bækur Jónínu Leósdóttur, og ber grein hennar yfirskriftina Hinsegin unglingabækur um sanna vináttu, og Sigurður Ólafsson skoðar nokkrar bækur Helga Jónssonar og heitir hans innlegg Metsöluhöfundur barnanna; Afþreyingarbækur fyrir yngri borgara. Í blaðinu er einnig grein um bækur Kristínar Steinsdóttur sem gerast á Austurfirði og í Reykjavík og önnur um samkynhneigðar verur í heimi múmínálfa Tove Jansson. Þá er að vanda í Börnum og menningu fjallað um ýmsar nýútkomnar barnabækur. Börn og menning, sem gefið er út af Íslandsdeild IBBY, er eina íslenska tímaritið sem eingöngu fjallar um barnabókmenntir og annað menningartengt efni fyrir börn. Blaðið kemur út tvisvar á ári og ritstjóri er Þórdís Gísladóttir.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 27. nóvember 2008

Tónlist

Tónlistarskólinn á Akureyri, Hvannavöllum 14.

18.00 Fimmtudagstónleikar nemenda Tónlistarskólans.

17.00 **Sturtusöngkvöld – Michael J. Clarke** og **Daníel Þorsteinsson** bjóða upp á söngstund þar sem fólki býðst að koma og syngja íslensk lög við píanóundirleik. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Tónleikar

20.00 **Egill Ólafsson** og **Valgeir Guðjónsson** verða með tónleika í Norræna húsinu.

20.00 **Eyjólfur Eyjólfsson** tenór, **Ágúst Ólafsson** barítónn og **Ástríður Alda Sigurðardóttur** píanóleikari verða með útgáfutónleika ásamt hljómsveit og Kór Flensborgarskólans. Tónleikarnir fara fram í Hafnarborg, Strandgötu 34 í Hafnarfirði.

20.30 **Stórsveit Suðurlands** verður með tónleika á Riverside Hótel Selfossi við Eyraveg. **Guðlaug Dröfn Ólafsdóttir** djasssöngkona mun koma fram með hljómsveitinni.

21.00 **Stefán Hilmarsson** og **Eyjólfur Kristjánsson** verða með ljúfa tónleika í Dómkirkjunni í Reykjavík. Aðgangur er ókeypis.

22.00 **Bít Box Funkmaster 2000** spila í kvöld á Glaumbar við Tryggvagötu. Aðgangur ókeypis.

Leiklist

20.00 **Gala-sýning** til styrktar UNIFEM á Íslandi, á leikverkinu Dansaðu við mig í Iðnó við Vonarstræti. **Ragnheiður Gröndal** flytur tónlist fyrir sýningu.

Opnanir

17.00 Fimm sýningar verða opnaðar í START ART listamannahúsi. Laugaveg 12b. Það eru sýningar **Sigrúnar Eldjárn**, **Hrafnhildar Sigurðardóttur**, **Láru Garðarsdóttur**, **Sigrúnar Sigvaldadóttur** og **START ART hópsins**.

Síðustu Forvöð

Bjarni Björgvinsson sýnir málverk í Grafíksafni Íslands, sal Íslenskrar grafíkur við Tryggvagötu (hafnarmegin). Sýningu lýkur á sunnudag og er opin kl. 14-16.

Bækur

20.00 **Margrét Pála**, **Hörður Torfa**, **Guðmundur Andri** og **Stefán Máni** munu lesa upp úr verkum sínum í Bókasafni Hafnarfjarðar, Strandgötu 1.

20.00 Upplestur í Te & kaffi á 2. hæð bókabúðar Máls og menningar við Laugaveg. **Bryndís Schram**, **Erla Bolladóttir**, **Ástráður Eysteinsson** og **Hallgrímur Helgason** lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum.

20.00 **Sölkukvöld** verður haldið á Café Loka, Lokastíg 28 þar sem kynntar verða bækurnar Ást, kynlíf og hjónaband eftir dr. Sólveigu Önnu Bóasdóttur, María Magdalena – vændiskona eða vegastjarna eftir sr. Þórhall Heimisson og Blálandsdrottningin eftir Hildi Hákonardóttur.

Samræðustund

20.00 **Súfistinn** og **ReykjavíkurAkademían** standa fyrir samræðustund í Súfistanum, 2. hæð í Iðuhúsinu við Lækjargötu. Árni Daníel Júlíusson verður með spjall og Guðjón Friðriksson og Einar Kárason kynna bækur sínar.

Myndlist

Jónas Viðar hefur opnað sýningu á nýjum málverkum í Jónas Viðar Gallery við Kaupvangsstræti á Akureyri.

> Í SPILARANUM

Pétur W. Kristjánsson - Algjör sjúkheit
Coldplay - Prospekt's March (ep)
Ragnheiður Gröndal - Bella & Her Black Coffee
Guns N' Roses - Chinese Democracy
Belle & Sebastian - The BBC Sessions
Skakkamanage - All Over the Face

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Kínverjar brjáláðir

Svo virðist sem Axl Rose, söngvari Guns ´N´ Roses, sé orðinn óvinur kínverskra stjórnvalda rétt eins Björk Guðmundsdóttir varð eftir tónleika sína þar í landi í mars.

Bálreiðir Kínverjar hafa bannað nýjustu plötu sveitarinnar, Chinese Democracy, og segja hana eitraða árás á þjóðina. Þetta kemur fram í grein um plötuna sem birtist í dagblaðinu Global Times, sem stærsti kommúnistaflokkur landsins gefur út.

Titillag plötunnar, sem hefur ekki verið spilað í Kína vegna viðkvæms textans, fjallar um bann gegn trúarhreyfingunni Falun Gong þar í landi. Þar syngur Rose: „Ef stóri veggurinn ykkar fellur, getið þið kennt ykkur sjálfum um."

Opinber heimasíða Guns ´N´ Roses hefur einnig verið bönnuð í Kína. Þrátt fyrir að platan sé ekki seld í búðum verður hún væntanlega fáanleg í sjóræningjaútgáfu, rétt eins og aðrar „hættulegar" plötur sem hafa verið bannaðar þar í landi á undanförnum árum.

AXL ROSE Söngvari Guns ´N´ Roses er ekki í náðinni í Kína vegna útgáfu plötunnar Chinese Democracy.

> Plata vikunnar

Jeff Who? - Jeff Who?

★★★★

„Önnur fín popprokkplata, full af lögum sem límast á heilann."

TJ

Blender gerir upp árið

Plata rapparans Lil´ Wayne, Tha Carter III, hefur verið kjörin plata ársins af bandaríska tónlistartímaritinu Blender. Listar yfir plötur ársins fara smám saman að birtast og ríður Blender á vaðið með þessum nýja lista.

Í öðru sæti lenti Girl Talk með plötuna Feed the Animals og í því þriðja varð TV on the Radio með Dear Science. Rokkarnir í Metallica voru síðan næstir á blaði með Death Magnetic og í fimmta sæti varð Hot Chip með stuðplötuna Made in the Dark. Á meðal annarra á topp tíu voru Of Montreal, Vampire Weekend og Fall Out Boy.

LIL´ WAYNE Rapparinn Lil´ Wayne á plötu ársins samkvæmt bandaríska tímaritinu Blender.

STÓRBÓK SIGUR RÓSAR

Jólabókin í ár fyrir harða **Sigur Rósar**-aðdáendur er eflaust viðhafnarútgáfan af Með suð í eyrum við spilum endalaust. Þetta er 200 bls. myndabók í stóru broti ásamt CD og DVD. Myndirnar eru úr bókinni.

Coxon kallaður til æfinga með Blur

Damon Albarn hefur staðfest að Blur ætli að koma aftur saman á næsta ári með gítarleikarann Graham Coxon innanborðs. „Blur ætlar að æfa saman og síðan kemur í ljós hvort við erum til í tuskið," sagði Albarn, skömmu áður en hann flutti óperu sína Monkey: Journey to the West í London.

Síðasta plata Blur, Think Tank, kom út fyrir fimm árum og spilaði Coxon þá aðeins í einu lagi eftir að hafa yfirgefið sveitina árið áður. Eftir plötuna fór Blur í pásu og Albarn sneri sér að teiknimyndasveitinni Gorillaz. Síðast gaf hann út plötu með hljómsveitinni The Good, the Bad and the Queen.

BLUR Damon Albarn hefur staðfest að hljómsveitin Blur ætli að koma saman á nýjan leik. Gítarleikarinn Graham Coxon mætir til æfinga eftir áramót.

Vinningar verða afhendir hjá ELKO Lindum – Skógarlind 2. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

Stórbók og fleiri gersemar

Viðhafnarútgáfur af ýmsu tagi hafa verið algengar í tónlistarútgáfu undanfarin ár og verða sífellt íburðarmeiri. Trausti Júlíusson spáði í þróunina og skoðaði nýja spariútgáfu Sigur Rósar-plötunnar Með suð í eyrum við spilum endalaust.

Viðhafnarútgáfur hafa verið algengar í tónlistarútgáfu undanfarin ár. Algengast er að gefa út afmælisútgáfur af eldri verkum eða veglegar yfirlitsútgáfur, en upp á síðkastið hefur færst í aukana að búa til spariútgáfur af nýjum plötum líka. Þegar Sigur Rós var að klára Með suð í eyrum við spilum endalaust í vor ákvað sveitin að hafa sjálfa plötuna í mjög einföldum umbúðum en leggja þess í stað þeim mun meira í viðhafnarútgáfuna sem átti að koma út um haustið. Hún er nú komin og það verður að segjast eins og er að þetta er engin venjuleg útgáfa.

Stóra stássstofubókin

Viðhafnarútgáfan af Með suð í eyrum er í raun 200 bls. innbundin myndabók í stóru broti (24 x 30 cm). Aftast í henni eru svo tveir vasar fyrir plötuna sjálfa og DVD-diskinn sem fylgir með. Þetta er myndabók og efniviðurinn er gerð plötunnar, fyrstu tónleikarnir á tónleikaferðinni, Náttúruhljómleikarnir o.fl. Ljósmyndarinn Eva Vermandel fylgir sveitinni í gegn um allt ferlið og myndirnar sýna m.a. upptökur, tónleika, æfingar, partí og myndbandagerð. Á DVD-disknum eru tvær kvikmyndir eftir Nicholas Abrahams, Við spilum endalaust, sem fæst við sama efni og ljósmyndabókin, og Árabátur at Abbey Road sem fjallar um upptökur á laginu Árabátur með sinfóníuhljómsveit og drengjakór. Auk þess er myndbandið við lagið Gobbledigook á disknum.

Bókin er í takmörkuðu upplagi og hvert eintak númerað. 300 eintök fara í sölu hér á landi. Hverri bók fylgir líka filmubútur úr upprunalegu filmunni sem Gobbledigook myndbandið var gert úr. Bókina var hægt að panta í forsölu á vef Sigur Rósar. Þeir sem það gerðu fengu nafn sitt prentað á þakkarlista í bókinni sjálfri. Það er skemmtilegt hvað það leynast snjallir markaðsmenn í herbúðum þessara ljúfu og hálfheilögu manna.

Gdansk-röð Davids Gilmour

Það hefur líka færst í aukana að gefa samhliða út margar mismunandi útgáfur af sama titlinum. Gott dæmi um þetta er tónleikapakkinn Live in Gdansk með David Gilmour. Hann kemur í fimm mismunandi útgáfum, sú dýrasta hefur að geyma 3 CD og 2 DVD og kostar tæpar tíu þús. kr. á Amazon. Tónleikarnir eru reyndar mikið eyrnakonfekt fyrir Gilmour- og Pink Floyd-aðdáendur. Roxy Music-gítarleikarinn Phil Manzanera spilar með karlinum og svo eru þetta líklega síðustu upptökur hljómborðsleikarans Ricks Wright sem lést á árinu.

Brjáláðir Dylan-aðdáendur

En það eru ekki allir jafnhrifnir af viðhafnarútgáfum. Þegar áttunda Bootleg Series-plata Bobs Dylan, Tell Tale Signs, kom út í haust fékk hún allstaðar frábæra dóma. Meðaleinkunn hennar hjá yfirlitssíðunni Metacritic er t.d. 86/100. Ef maður skoðar plötuna hins vegar á Amazon kemur í ljós að meðaleinkunn notenda þar er bara tvær og hálf stjarna af fimm. Ástæðan er ekki sú að Dylan-aðdáendum mislíki tónlistin heldur eru þeir æfir yfir því að þriggja diska munaðarútgáfan kosti 85 pund (18 þús. kr.). Slíkt okur vilja gamlir Dylan-menn ekki láta bjóða sér! Til samanburðar má geta þess að Sigur Rósar-bókin kostar tæpar tíu þúsund hér á landi sem er nokkru lægra verð heldur en í Bretlandi.

Sjúklegt basl og dálítið stress

Rapparinn Addi Intro úr hljómsveitinni Forgotten Lores er að gefa út sína fyrstu sólóplötu, Tivoli Chillout. Platan átti að koma út hjá Geimsteini en vegna kreppunnar og vandræða með gjaldeyri ákvað fyrirtækið að fresta útgáfunni fram í apríl. Það hugnaðist Adda ekki og ákvað hann að gefa hana út sjálfur með öllu því veseni sem því tilheyrir.

„Þetta er sjúklegt basl og dálítið stress," segir Addi sem naut aðstoðar Hrynjanda sem er útgáfufyrirtæki föður hans, Ingva Þórs Kormákssonar úr JJ Soul Band. „Ég eyddi tveimur vikum í hana alveg á milljón og síðan varð „coverið" til á fjórum dögum. Við vorum tveir sveittir að vinna það langt fram á nótt."

ADDI INTRO Addi Intro, sem starfar í Skífunni, gefur út plötuna Tivoli Chillout.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Addi vill reyndar ekki meina að þetta sé hans fyrsta sólóplata, heldur sé hún frekar samstarfsverkefni hans og þess fjölda rappara sem að henni koma. Á meðal þeirra eru Dóri DNA, Bent og félagar hans úr Forgotten Lores. „Án þeirra hefði þetta engan veginn verið hægt," segir Addi, sem flutti til Íslands frá Danmörku fyrir ári og byrjaði skömmu síðar á plötunni.

Hann segir rappið engan veginn búið að vera þó að hann sé einn örfárra rappara sem gefa út fyrir þessi jól. „Ég er ekki að reyna að vekja íslenska hiphop-senu því persónulega finnst mér hún ekki hafa sofnað. Það eina sem sofnaði var útgáfan," segir hann og telur ekki nóg að gefa eingöngu út á Myspace eins og sumir hafa gert. „Ég fyrir mitt leyti vil eiga grip og vera með í þessari plötusölu."

- fb

NÝJAR PLÖTUR

FM Belfast
How To Make Friends

★★★★★

Með How to Make Friends hefur FM Belfast tekist að búa til hina fullkomnu partípoppplötu fyrir árið 2008. Hvergi veikur blettur.

TJ

Buff
Buff

★★★★

„Strákarnir eru fullsæmdir af þessari fínu plötu og ættu endilega að setja stefnuna á að toppa hana. Það eru allir nauðsynlegir hæfileikar innanborðs til þess."

DR. GUNNI

KK
Svona eru menn

★★★

KK er á persónulegu nótunum og sýnir alla sína styrkleika á mjög góðri plötu. Eins og sköpuð fyrir tíðarandann.

KG

Baggalútur
Nýjasta nýtt

★★★★

Piparsveinageimaldarpartípopp með kokteilpinna- og diskóívafi. Tvímælalaust besta plata Baggalúts.

DR. GUNNI

Bragi Valdimar Skúlason og Memfismafían
Gilligill

★★★★

Skemmtileg barnaplata með frumsömdum lögum og textum. Krakkarnir vilja heyra hana aftur og aftur og það er nóg kjöt á beinunum til þess að þeir fullorðnu hafi gaman af henni líka.

TJ

Motion Boys
Hang On

★★★★

Fágunin og glæsileikinn einkenna þessa fyrstu plötu Motion Boys. Hún er frábærlega unnin og full af grípandi og melódískum popplögum.

TJ

Vicky
Pull Hard

★★★

Kröftug frumraun frá hinni efnilegu Vicky þótt kappið beri fegurðina ofurliði á stöku stað.

KG

Steini
Humon Comfort

★★

Steini hefur hæfileika. Hann þarf bara að semja eftirminnilegri lög.

DR. GUNNI

The Viking Giant Show
The Lost Garden of the Hooligans

★★★

Hressileg og skemmtileg rokkplata sem hefur yfir sér mjög alþjóðlegan blæ, en sérkenni vantar.

TJ

Uppselt á Emilíönu

Emilíana Torrini er loksins á leiðinni heim til að halda tónleika. Þeir verða í Háskólabíói laugardaginn 13. desember. Tvö ár eru liðin síðan söngkonan kom síðast fram á Íslandi. Miðasalan hófst í gær á midi.is. Aðeins 750 miðar voru í boði og seldust þeir allir samdægurs.

Nýjasta plata Emilíönu, Me and Armini, hefur gengið mjög vel. Rúmlega 5.000 eintök hafa selst á Íslandi og „Jungle drum" er eitt vinsælasta lag landsins um þessar mundir. Emilíana og hljómsveit hafa nýlokið tónleikaferð um Evrópu og Ástralíu. Snemma á nýju ári er stefnan sett á tónleikaferð um Bretland og Bandaríkin. Meðal liðsmanna sveitarinnar er Sigtryggur Baldursson, en samstarf hans og Emilíönu á sér langa sögu.

SYNGUR Í HÁSKÓLABÍÓI Emilíana Torrini snýr aftur.

Taka upp nýja plötu

Breska hljómsveitin Muse hefur hafið upptökur á sinni fimmtu hljóðversplötu. Tvö ár eru liðin frá útkomu síðustu plötu hennar, Black Holes and Revelations.

„Það væri gaman ef við gætum gefið plötuna út á síðari hluta næsta árs en við höfum ekki sett okkur nein markmið," sagði bassaleikarinn Chris Wolstenholme. „Okkur finnst mikilvægara að búa til bestu plötu okkar til þessa og ef það þýðir að hún komi ekki út fyrr en 2010 verður að hafa það."

Hugsanlega verður á plötunni lag sem er það flóknasta sem forsprakkinn Matt Bellamy hefur samið. „Ég hef unnið í mörg ár að einu lagi sem er í þrem hlutum, og það er í raun meiri sinfónía en lag," sagði Bellamy.

MUSE Hljómsveitin Muse er byrjuð að taka upp sína fimmtu hljóðversplötu.

ELDVARNAÁTAKIÐ 2008

ALLTAF Á VAKTINNI

Rannsóknir sýna að á fjölda heimila eru alltof fáir reykskynjarar – jafnvel enginn. Þó vitum við að reykskynjarar hafa bjargað fjölda mannslífa.

Hlutverk slökkviliðsmanna er að **bjarga fólki** og verðmætum.

Þitt hlutverk er að gæta eigin öryggis og fjölskyldunnar.

Hættu að leika þér að eldinum. Leitaðu upplýsinga um eldvarnir hjá slökkviliðinu þínu eða á lsos.is

www.lsos.is

www.tm.is

Brunamálastofnun

112 EINN EINN TVEIR

Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna stendur að Eldvarnaátakinu í samvinnu við TM og slökkviliðin í landinu.
Aðrir helstu stuðningsaðilar átaksins eru Brunamálastofnun, 112 og Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

> GIBSON Í DÓMSMÁLI

Dómari í Los Angeles hefur gert leikaranum og leikstjóranum Mel Gibson að svara til saka fyrir dómstólum hörðum ásökunum Benedicts Fitzgerald, handritshöfundar The Passion of the Christ. Fitzgerald telur að Gibson skuldi sér tíu milljónir dollara fyrir starf sitt við myndina og krefst þess að sinn fyrrverandi vinnuveitandi útskýri mál sitt.

bíó

bio@

KVIKMYNDANJÖRÐURINN JÓN EIRÍKUR JÓHANNSSON REKSTRARSTJÓRI

Mynd um Jón Hreggviðsson á Akrafjalli

Hver er þín eftirlætiskvikmynd? Ég verð að fá að segja tvær. Fight Club, ég man alltaf þegar ég kom út af henni í fyrsta skiptið, og La vita e bella. Það er eitthvað frábært við hana sem kemur manni í gott skap.

Hvort finnst þér betra að fara í bíó eða að horfa heima? Engin spurning, bíó. Það er upplifun sem þú nærð ekki fram heima í stofu.

Hver er þinn eftirlætiskvikmyndaleikstjóri? Joel og Ethan Coen. Nýjasta myndin Burn after Reading er algjör snilld ásamt öðrum myndum þeirra.

Hver er ofmetnasta kvikmynd allra tíma? Vá, held að þær séu allt of margar. Ég hef t.d. aldrei séð neitt við Pirates of the Caribbean.

En hver er vanmetnasta kvikmyndin? Mitt liv som hund, frábær sænsk mynd, leikstýrð af Lasse Hallström. Ég sá hana í Laugarásbíói þrivar sinnum og bróðir minn sá hana held ég átta sinnum í kringum 1988, minnir mig.

Hvaða kvikmynd myndirðu vilja endurgera og hvernig myndirðu breyta henni? Trading Places á vel við núna, þarf líklega ekki að breyta miklu.

Fengirðu fjármagn og frjálsar hendur til að gera hvaða kvikmynd sem er, hvað myndirðu gera? Ég myndi gera mynd um Jón Hreggviðsson og taka hana upp á fallegasta fjalli landsins, Akrafjalli.

MADAGASCAR Teiknimyndin Madagascar: Escape 2 Africa verður frumsýnd um helgina.

Eitthvað fyrir alla

Vestrinn Appaloosa, teiknimyndin Madagascar: Escape 2 Africa og heimildarmyndin Religulous verða frumsýndar um helgina. Ed Harris leikstýrir og fer með aðalhlutverkið í Appaloosa sem fjallar um tvo vini sem eru ráðnir til að sjá um löggæslu í litlum bæ. Starfið verður flóknara en þeir bjuggust við þegar ung ekkja kemur í bæinn. Á meðal fleiri leikara eru Jeremy Irons og Viggo Mortensen. Myndin fær 7,3 af 10 á síðunni Imdb.com og 78% á Rottentomatoes.com.

Madagascar: Escape 2 Africa er framhald af Madagascar sem kom út fyrir þremur árum. Í þetta sinn eru vinir okkar strandaglópar á Madagascar og búa til ótrúlega áætlun um að komast aftur heim til New York. Á meðal þeirra sem tala fyrir dýrin eru Ben Stiller, Chris Rock, Jada Pinkett Smith, David Schwimmer og Sacha Baron Cohen. Myndin fær 7,3 á Imdb.com og 60% á Rottentomatoes.com.

Græna ljósið sýnir heimildarmyndina Religulous þar sem Larry Charles, leikstjóri Borat, gerir hinn þekkta grínista Bill Maher út af örkinni til að kryfja trúarbrögð heimsins eins og þau hafa aldrei verið krufin áður. Myndin fær góða dóma, eða 7,6 á Imdb.com og 71% á Rottentomatoes.

Kominn á beinu brautina

Leikstjórinn Kevin Smith hefur sent frá sér gamanmyndina Zack and Miri Make a Porno sem verður frumsýnd hérlendis um helgina. *Freyr Bjarnason* **leit yfir feril þessa athyglisverða leikstjóra.**

Á FRUMSÝNINGU Kevin Smith (lengst til hægri) ásamt aðalleikurum Zack and Miri Make a Porno, þeim Seth Rogen og Elizabeth Banks. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Hinn 38 ára Kevin Smith er fæddur og uppalinn í New Jersey þar sem flestar myndir hans gerast. Hann vakti fyrst athygli með Clerks sem kostaði einungis rúma 27 þúsund dollara og var tekin upp í sömu verslun og Smith starfaði í á sínum yngri árum. Eftir að hafa fengið tvenn verðlaun á Cannes-hátíðinni 1994 var hún sýnd í Bandaríkjunum þar sem hún náði inn 3,1 milljón dollara þrátt fyrir að vera sýnd í frekar fáum kvikmyndahúsum.

Allir vegir færir

Næsta mynd Smiths, Mallrats, fékk dræmar viðtökur og græddi aðeins 2,2 milljónir á miðasölunni vestanhafs þrátt fyrir að vera sýnd í mun fleiri bíósölum en Clerks.

Smith lagði ekki árar í bát því gamanmyndin Chasing Amy festi hann í sessi sem einn efnilegasta leikstjóra Bandaríkjanna. Ben Affleck var í einu aðalhlutverkanna og náði myndin inn tólf milljónum dollara og varð þar með langvinsælasta mynd Smiths. Chasing Amy varð ofarlega á lista yfir bestu myndir ársins 1999 og leikstjóranum voru allir vegir færir.

Dogma hét næsta mynd Smiths, sem gat, þegar þarna var komið sögu, valið úr stjörnum í myndir sínar. Ben Affleck var mættur aftur til leiks, núna ásamt vini sínum Matt Damon, Chris Rock, Sölmu Hayek og Alan Rickman. Einnig komu við sögu fastaleikarar úr eldri myndum Smiths, þeir Jason Lee og Jason Mewes.

Myndin vakti reiði kaþólskra siðapostula í Bandaríkjunum vegna viðkvæms umfjöllunarefnis en náði engu að síður miklum vinsældum þrátt fyrir að hafa einnig fengið misjafna dóma gagnrýnenda.

Misheppnuð rómantík

Eftir fjaðrafokið í kringum Dogma ákvað Smith að gera „órugga“ mynd og varð Jay and Silent Bob Strike Back fyrir valinu. Þar voru tvær persónur sem höfðu verið í litlum hlutverkum í myndum hans til þessa, þar á meðal hann sjálfur, komnar í aðalhlutverkin. Myndin varð álíka vinsæl og Dogma en fékk einnig svipaðar viðtökur gagnrýnenda, sem voru sumir farnir að efast um snilli Smith.

Næst á dagskrá var rómantíska gamanmyndin Jersey Girl með Ben Affleck og Liv Tyler í aðalhlutverkum. Skemmst er frá því að segja að hún hlaut slæmar viðtökur, enda Affleck enn að jafna sig á hörmunginni Gigli og misheppnuðu ástarsambandi við Jennifer Lopez. Myndin náði ekki inn fyrir kostnaði og Smith var kominn í vanda.

Lætur ekki deigan síga

Í Clerks II, sem kom út fyrir tveimur árum, reri hann á öruggari mið. Myndin gerðist tíu árum á eftir fyrstu myndinni og fjallaði um sömu vitleysingana, þá Dante og Randal. Hún hlaut fínar viðtökur gagnrýnenda og þénaði jafnframt 25 milljónir dollara.

Smith var kominn á beinu brautina á ný og þar hefur hann haldið sig með Zack and Miri Make a Porno sem fór beint á toppinn í Bandaríkjunum.

Fjallar hún um þau Zack (Seth Rogen) og Miri (Elizabeth Banks) sem hafa verið vinir ævilangt. Vegna peningaleysis ákveða þau að búa til klámmynd en þegar kvikmyndavélarnar fara að rúlla átta þau sig á að þau bera meiri tilfinningar hvort til annars en þau héldu.

Þrátt fyrir að hafa misstigið sig nokkrum sinnum á ferli sínum hefur Kevin Smith aldrei látið deigan síga og sannast það á þessari nýju mynd. Forvitnilegt verður að sjá hvernig hann heldur á spöðunum í framtíðinni.

Benjamin fær frábæra dóma

Nýjasta mynd Davids Fincher, The Curious Case of Benjamin Button, fær frábæra dóma á bandarísku kvikmyndasíðunum Variety.com og Hollywoodreporter.com.

Myndin, sem skartar Brad Pitt í aðalhlutverki, verður frumsýnd um jólin vestanhafs en kemur hingað til lands í janúarlok. Hún er byggð á smásögu F. Scott Fitzgerald frá árinu 1921 og fjallar um mann sem fæðist gamall en yngist eftir því sem árin líða.

„The Curious Case of Benjamin Button er virkilega gefandi upplifun sem er sögð af meiri dýpt en Hollywood er þekkt fyrir,“ segir í dómi Variety. „Þessi skrítna, sögulega frásögn af manni sem eldist aftur á bak er sögð á fullkominn og sígildan hátt þar sem nostrað er við hvert smáatriði. Myndin er bæði nógu aðgengileg og sérstæð til að ná almennum vinsældum, ef heppnin og tíðarandinn eru með í för.“

Gagnrýnandi Hollywood Reporter er einnig afar hrifinn og líkir myndinni við Forrest Gump rétt eins og gagnrýnandi Variety. Kemur það ekki á óvart enda er sami handritshöfundurinn á bak við þær báðar, Eric Roth. „Frábærlega vel gerð og vel leikin af Brad Pitt, sem sýnir þarna sína bestu frammistöðu til þessa,“ sagði í dómi Variety.

THE CURIOUS CASE OF BENJAMIN BUTTON Nýjasta mynd Davids Fincher og Brads Pitt verður frumsýnd vestanhafs um jólin.

Þú færð Jólagjafirnar í Casa

vönduð og klassísk hönnun

20 % AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
RITZENHOFF
vörum

Tilboðið gildir frá 27.11.08 til 29.11.08

20% afsláttur
AF ÖLLUM
kertastjökum

Tilboðið gildir frá 27.11.08 til 29.11.08

Við erum flutt í Skeifuna 8

Kíktu við og upplifðu það vandaðasta í húsgögnum og gjafavöru

Casa

HÚSGÖGN Kósý

Casa | Skeifunni 8 | Casa | Kringlunni
Sími: 588 0640 Fax: 588 0641
casa@casa.is | www.casa.is

> **SIRKUS-AFMÆLI**

Britney Spears verður 27 ára þriðjudaginn 2. desember, og hyggst af því tilefni halda veglega veislu á skemmtistaðnum Tenjune. Talið er öruggt að þema kvöldsins verði sirkus enda kemur plata söngkonunnar, Cirus, út þennan sama dag. Ekki er vitað hvort K-Fed fær boðskort.

fólk

folk@frettabladid.is

Moka Myrká Arnaldar út

„Já, Myrká mokast út. Mikil söluaukning milli ára," segir Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins.

Útgefendur Arnaldar Indriðasonar tefldu nokkuð djarft þegar þeir boðuðu að fyrsta prentun á nýjustu bók hans yrði í þrjátíu þúsund eintökum. Eru þess engin dæmi að skáldsaga sé prentuð hér á landi í svo mörgum eintökum. Síðasta bók Arnaldar, Harðskafi, seldist í tæplega þrjátíu þúsund eintökum um síðustu jól. En svo virðist sem Forlagsmenn hafi síður en svo ofmetið vinsældir Arnaldar því þegar er um þriðjungur bókarinnar farinn og ekki kominn desembermánuður enn. „Þetta er ótrúlegt," segir Egill og bendir á að Myrká hafi fengið afbragðs dóma. Svo virðist sem það ætli að ganga eftir sem margir hafa bent á: að kreppan kunni að reynast bókinni vel. Egill gefur í sjálfu sér ekki mikið út á það. Segir of snemmt að segja til um það. En langsamlega stærstur hluti bóksölunnar er eftir og í sögulegu tilliti hefur bókin staðið af sér kreppur. Myrká kom út fyrir tæpum mánuði og Forlagsmenn eru nú þess albúnir að leggja í aðra prentun – nokkuð sem þeir sáu ekki fyrir.

- jbg

ARNALDUR INDRIÐASON Ekkert lát er á vinsældunum og nú stefnir í enn eitt metsöluárið hjá honum.

Lindsay dettur í það

Bandaríska leikkonan Lindsay Lohan virðist vera farin að drekka að nýju. Dagblaðið The Sun greinir frá því að á öryggismyndavél á klúbbi í Washington hafi sést til hennar við áfengisdrykkju. Lindsay hefur sem kunnugt er átt í miklum vandræðum með áfengisneyslu sína síðustu árin.

Síðustu mánuði hefur hún helst verið í fréttunum fyrir samband sitt við plötusnúðinn Samönthu Ronson. Kærastan virðist hafa haft góð áhrif á Lindsay því lítið hefur verið um drykkju undanfarið. Illar tungur segja þetta merki um að brestir séu komnir í sambandið.

Jolie ólétt aftur

Bandaríska vikutímartið In Touch hyggst ekki draga til baka frétt sína þess efnis að Angelina Jolie og Brad Pitt eigi von á sínu fjórða barni (það er að segja fjórða barnsins sem verður til í getnaði milli karls og konu því skötuhjúin eiga jú einnig þrjú ættleidd börn). Þess í stað birtir tímaritið frétt þess efnis á forsíðu sinni og kemur heftið í bandarískar bókaverslanir í dag.

Talsamður leikaranna hefur neitað þessum orðrómi og því hafa aðrir fréttamiðlar gefið lítið fyrir þessar fréttir In Touch. En blaðið stendur fast á sínu og segir Angelinu ekki geta beðið eftir barninu. Hún sé full tilhlökkunar yfir fjölguninni en hins vegar fari minna fyrir gleði Brads Pitt sem hefur víst talið að sex væru alveg nóg.

Angelina Jolie hefur verið dugleg við að predika fjölgun mannkynsins með Brad Pitt. Hún sagði við útgáfu á mynddiski Kung Fupanda að allt gæti gerst. „Við Brad elskum börn og erum ótrúlega hamingjusöm yfir þessu barnaláni." Nú stefnir sem sagt allt í að í Brangelinu-fjölskyldunni verði níu manns og ekki ólíklegt að það fari fram nafnakall þegar fjölskyldan bregður sér út fyrir landsteinana. Svo engin verði skilinn eftir.

ÓLÉTT... AFTUR Bandaríska vikublaðið In Touch ætlar ekki að gefast upp á frétt sinni um að Angelina Jolie sé ólétt. Blaðið stendur við frétt sína.

Madonna eltir kvæntan mann

Madonna og hafnaboltastjarnan Alex Rodriquez gáfu sögusögnum um meint ástarsamband sitt byr undir báða vængi þegar til þeirra sást læðast frá borði einkaflugvélar á flugvelli í Miami. Madonna hefur ekki verið þekkt fyrir að vera við eina fjölina felld og það kemur því fáum óvart að hún skuli vera jafn snögg að næla sér í arftaka Guy Ritchie þótt blekið á skilnaðarpappírunum sé varla þornað. Madonna var með tónleika í Miami og bauð Alex að koma til sín að sögn breska götublaðsins The Sun.

Reyndar hafa sögusagnir um ástir þeirra Madonnu og Alex legið ansi lengi í loftinu. Eiginkona hafnaboltahetjunnar frá New York, Cynthia, hefur áður lýst því yfir að söngkonan sé hjónadjöfull og að hún hafi orðið til þess að hjónaband þeirra stóð höllum fæti. Fullar sættir tókust hins vegar í því máli og er Alex enn kvæntur maður. Bandarískir fjölmiðlar veltu vöngum yfir því hvort Madonna og Alex hygðust eyða þakkargjörðarhátíðinni saman og hafði New York Daily Post eftir nánum vinum Cynthiu að Alex ætlaði að yfirgefa börnin yfir þessa miklu fjölskylduhátíð. Aðrir greina hins vegar frá því að Alex hafi snúið heim úr Miami-ferðinni eftir að hafa fengið skilaboð frá eiginkonu sinni þar sem honum var hótað öllu illu. Hin opinbera útskýring er hins vegar sú að málið sé allt tómur miskilningur, Alex hafi aldrei ætlað að eyða neinum tíma með Madonnu yfir þakkargjörðarhátíðina heldur hygðist hann vera með fjölskyldu og vinum á Manhattan.

HJÓNADJÖFULL Madonna reynir allt hvað hún getur til að koma upp á milli Alex Rodriguez og eiginkonu hans, Cynthiu.

MERGJAÐAR BÆKUR

BRÍSINGUR

Þriðja bókin um drekariddarann Eragon er komin út á íslensku og gagnrýnendur eru sammála um að hún gefi fyrri bókunum ekkert eftir. Getur Eragon orðið leiðtoginn sem sameinar uppreisnaröflin og sigrar konunginn?

Bókaflokkur fyrir alla unnendur ævintýrasagna sem nýtur fádæma vinsælda um víða veröld.



„Paolini grípur aftur um þræðina sem gera sögu Eragons svo spennandi ...
Ef ég hefði lesið þessa bók þegar ég var 13 ára hefði ég vakað alla nóttina.“

THE WASHINGTON POST

LJÓSASKIPTI

Isabella elskar Edward – jafnvel þótt hann sé vampíra! Fyrsta bókin í mögnuðum bókaflokki sem hefur slegið í gegn um allan heim – hjá unglingum jafnt sem fullorðnum – og selst í milljónum eintaka.

„Kolsvört ástarsaga.“
BOOKLIST

„Besta bók áratugarins hingað til.“
AMAZON.COM

Kvikmyndin TWILIGHT er væntanleg.
Skoðaðu sýnishorn á
www.stepheniemeyer.com!

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Alsvalasta röddin

Hið rúmlega áttræða unglamb Skapti Ólafsson býr yfir einhverri alsvölustu rödd Íslandssögunnar. Þessi frábæra rödd hefur verið heldur vannýtt í gegnum tíðina, og þess vegna löngu kominn tími á plötu í fullri lengd með þessum frumherja rokksins á Íslandi. Víst er að margir gleðjast, enda hefur djúp röddin hreiðrað um sig í þjóðarsálinni í gegnum lög eins og *Allt á floti* og *Ó nema ég*.

Á skífunni leitar Skapti í upprunann og kyrjar sígild djass- og dægurlög frá þeim tíma sem hann hóf feril sinn sem söngvari, auk Lou Reed-lagsins *Perfect Day*, sem Skapti flutti á síðasta ári í söngleiknum *Ást*. Kvartettinn sem sér um létt-djassaðan undirleikinn er vel skipaður hæfileikamönnum og hentar rólyndisyfirbragði Skapta vel í flestum tilvikum, auk þess sem spilararnir komast oft á flug milli erinda. Það gefur fyrirheit um að tónleikar með þessum herramönnum yrðu eflaust afbragðsskemmtun.

Hins vegar má setja spurningarmerki við lagavalið. Sú hugmynd sem lagt var upp með, að söngvarinn túlki þau lög sem vinsæl voru á sokkabandsárum hans, er góð og gild, en örlítið meiri ævintýramennska hefði verið vel þegin. Sum lögin, eins og *Smoke Gets in your Eyes*, *Everybody Loves Somebody* og *Pennies from Heaven* eru svo margspiluð og rótgróin að annað tveggja þyrfti til að gera þau áhugaverð á nýjan leik; kraftaverk eða gjörbreyttar útsetningar. *Skapti* býður upp á hvorugt.

Einnig verður að segjast að það fer Skapta mun betur að syngja á íslensku en ensku. Höfundareinkenni Þorsteins Eggertssonar eru greinileg í tveimur textum sem samdir voru fyrir plötuna, *Amapóla* og *Kátínulagið*. Að hluta til þess vegna koma þau lög, auk sænska þjóðlagsins *Kata mín og ég*, betur út en flest önnur á plötunni.

Að því sögðu má þó ljóst vera að rödd Skapta Ólafssonar er ein af gersemum íslenskrar tónlistarsögu. Hún ein, auk fínnar frammistöðu undirleikaranna, gerir *Skapta* að ágætis skemmtun. Tónleikaprógramm hlýtur að vera næst á dagskrá. **Kjartan Guðmundsson**

TÓNLIST

Skapti

Skapti Ólafsson

★★★

Dásamleg röddin og góð frammistaða undirleikara gera fyrstu breiðskífu Skapta að ágætis skemmtun, þótt lagavalið sé heldur óspennandi.

Árni Þórarinsins kenndur í Frakklandi

„Þegar ég heimsótti einn skólann hlaut ég hátíðlegar viðtökur, krakkar stóðu í röðum og vildu fá bókina áritaða og hljómsveit skólans tók mergjaða útgáfu af „Season of the Witch“, segir Árni Þórarinsson rithöfundur.

Árni er nýlega kominn frá Frakklandi þar sem hann var að kynna og árita bækur sínar. Blaðið greindi nýverið frá því að franskir útgefendur Árna á forlaginu Métalié væru ánægðir með sinn mann en Tími nornarinnar hefur verið að gera það gott á metsölulistum í Frakklandi. Árni fékk heldur betur staðfestingu á því að franskir lesendur kunni að meta bókina og kom honum í opna skjöldu hversu víðlesnar bækur hans eru orðnar í Frakklandi. Er Árni jafnvel á því að þarlendir stúderuðu og skildu bækur hans betur en menn gera hér. Tími nornarinnar er nú orðin skyldulesning í sumum menntaskólum í Frakklandi og franskir menntskælingar leggja mun dýpri og úthugsaðri skilning í plottið en hann hefur áður kynnst. **- jbg**

ÁRNI ÞÓRARINSSON Hlaut höfðinglegar móttökur í Frakklandi á dögunum.

ELÍN EYÞÓRS Semur lögin, syngur og spilar á gítar á sinni fyrstu plötu, See you in dreamland.

Mamma og pabbi hjálpa

„Ég er búin að vera að syngja í þrjú fjögur ár,“ segir Elín Eyþórsdóttir átján ára sem hefur gefið út sína fyrstu plötu, See you in dreamland. „Ég söng fyrst á kaffi Hljómalind þegar ég sá að maður gæti troðið þar upp og lét bara mína nánustu vita. Þar söng ég frumsamin lög og spilaði á gítar, sem ég var þá að byrja að læra á. Mamma og pabbi reyndu svo að koma mér á framfæri í einhverjum afmælum hjá ættingjum,“ útskýrir Elín sem á ekki langt að sækja tónlistarhæfileikana því hún er dóttir söngkonunnar Ellenar Kristjánsdóttur og tónlistarmannsins Eyþórs Gunnarssonar. Aðspurð segist hún ekki upplifa það sem pressu og segist njóta mikils stuðnings foreldra sinna. „Mamma og pabbi hafa alveg stutt mig í þessu og það er væri ekki hægt að ímynda sér betri foreldra í þessari stöðu,“ segir Elín.

„Á plötunni er átta lög eftir mig og tvö bónus lög sem eru upptökur af þekktum lögum sem ég söng á Q-bar með blúsbandinu Köttum. Eitt laganna samdi ég með vinkonu minni Myrru Rós Þrastardóttur sem teiknaði einnig myndina framan á plötuumslagið og svo söng Sigga systir mín bakraddir,“ bætir hún við og segist ánægð með viðtökurnar sem diskurinn hefur fengið. „Nú erum við að vinna í að koma honum á fleiri staði,“ segir Elín sem heldur á Vestfirði í næsta mánuði og spilar á Café Rosenberg 5. og 6. desember. **- ag**



Stelpupakki

Sæktu tvær 15“ pizzur með tveimur áleggs-tegunundum, 2 ltr. Coke og stóran skammt af brauðstöngum á 4.500.- kr. og þú færð dvd myndina --*Sex and the City*– frítt með.

Strákapakki

Sæktu tvær 15“ pizzur með tveimur áleggs-tegunundum, 2 ltr. Coke og stóran skammt af brauðstöngum á 4.500.- kr. og þú færð dvd myndina --*3:10 To Yuma*– frítt með.

Sjö Hróa Hattar staðir
Eitt símanúmer 55 44444

Kópavogur: **Smiðjuvegi 2, Reykjavík: Fákafeni 11, Hringbraut 119, Langarima 21,** Hafnarfjörður: **Hjallahrauni 13,** Mosfellsbær: **Þverholti,** Selfoss: **Austurvegi 22.**

Skítatúr Spocks í spinningsal

Hljómsveitin Dr. Spock var á framandlegum slóðum í hádeginu í gær þegar hún hélt útgáfutónleikana sína í spinningsal Sporthússins í Kópavogi. Múgur og margmenni svitnuðu við grjóthart rokkið með gula hanska á höndunum. Voru gestir ekki bara aumir í afturendanum eins og vanalega eftir spinningtíma heldur flestir með hvínandi són í eyrunum líka.

„Þetta var frábærlega skemmtilegt," sagði Óttarr Proppé, sem útilokar ekki frekari spilamennsku fyrir líkamsræktarfólk.

Verið var að kynna aðra breiðskífu Spocksins í fullri lengd, Falcon Christ. Fyrsta upplag plötunnar inniheldur auka DVD-disk með tónleikum Dr. Spock á Nasa á Iceland Airwaves í fyrra. Þetta voru fyrstu tónleikarnir í svokölluðum Skítatúr sem hljómsveitin fer með sveitunum Agent Fresco og Slugs. Báðar þessar sveitir gefa nú út sínar fyrstu plötur. Í kvöld spila sveitirnar á Laugarvatni. Á föstudagskvöldið verða þær á Paddy's í Keflavík og á laugardagskvöldið í félagsmiðstöðinni X-ið á Stykkishólmi. Skítatúrnum lýkur svo í Bíóhöllinni á Akranesi á sunnudagskvöldið. - drg

ROKK Á FRAMANDI SLÓÐUM Dr. Spock passaði furðu vel við sveitt fólk á spinning-hjólum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hinir réttu höfundar

Jólabókaflóðið er hafið og yfir þjóðina flæða bókatitlar af öllum stærðum og gerðum. Fréttablaðið rannsakaði málið og komst að því að sumir titlarnir ættu kannski betur við bækur sem hefðu átt að koma út um þessi jól.

VARGURINN Björgólfur Thor er hér í fantaformi þegar hann segir á hispurlausan hátt frá samskiptum sínum við Varginn; Davíð Oddsson. Lipur og léttur frásagnarmáti Björgólfs hefur aldrei fengið að njóta sín jafnvel og í Varginum.

DIMMAR RÓSIR Geir H. Haarde sýnir að það eru ekki bara leiðtogahæfileikar sem fylgja starfi formanns Sjálfstæðisflokksins heldur svífur andi skáldagyðjunnar yfir vötnum Valhallar. Í þessari fyrstu ljóðabók Geirs er að finna súrrealísku meistaraverkin „IceSave" og „IMF" auk duldu ástarjátningarinnar „Dimmar rósir", prósaljóðsins um Svörtuloft.



OFSI Sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason veit hvað það er að vera á milli tannanna á sinni litlu þjóð. Í þessari einstöku sögu svarar Egill ótrúlegum gróusögum og upplýsir hvað fór honum og Jóni Ásgeiri á milli áður en frægt viðtal þeirra fór í loftið. Var Jóni Ásgeiri svona illa við Abba? Og lét hann Egil vita af óánægju sinni með sænsku súpergrúppuna? Er það ástæðan fyrir því að Egill sagðist ætla að fara á Mamma Mía; singalong-sýninguna? Ofsi er bók sem enginn má láta fram hjá sér.



MYRKÁ Nú er það ekkert elsku mamma. Nei, nú er það Myrká, framtíðarsýn Davíðs Oddssonar á það hvað hefði gerst ef hann hefði ekki orðið borgarstjóri, forsætis- og utanríkisráðherra og seðlabankastjóri. Skelfileg örlög þjóðar sem hefði verið föst í fjötrum líkt og djákninn á Myrká. Frásagnarlist Davíðs eins og hún gerist best í þessari mögnuðu bók.



ÓDÁÐAHRAUN Saga af einstakri leit Vilhjálms Bjarnasonar. Hann fór í berjamó í Ódáðahrauni og fann poka, fullan af hlutabréfum FL Group og nokkra kaupréttarsamninga frá Glitni. Vilhjálmur sneri aftur og reyndi að finna svör en var að lokum hundeltur af auðjöfrum Íslands. Villi er mættur aftur í sínu besta formi og Ódáðahraun spyr spurninga sem enginn virðist eiga svör við.

Merkilega bitlaus Stone-mynd

KVIKMYNDIR

W.

Leikstjórn: Oliver Stone. Aðalhlutverk: Josh Brolin.

★★★

Josh Brolin túlkar forsetann vel. Myndin er þó frekar bitlaus, miðað við aðrar myndir Olivers Stone.

Kvikmyndin W. er sagan um George W. Bush, fráfarandi Bandaríkjaforseta, sem vart þarf að taka fram að er einn óvinsælasti stjórnmálamaður síðari tíma. Myndin skiptist á því að segja frá lífi hans fyrir forsetatíðina annars vegar og það sem gekk á hjá honum og stjórn hans í aðdraganda Íraksstríðsins hins vegar. Upprunasagan er heillandi; Bush var til langs tíma eirðarlaus drykkjumaður og George Bush eldri, sem varð síðar meir sjálfur forseti, tjáði í sífellu vonbrigði sín með hann og hélt meira upp á hinn soninn, Jeb Bush. En Bush yngri vildi sanna sig; hann fann Jesú, hætti drykkjunni og varð að lokum sjálfur forseti, með það í huga að gera það sem faðir hans hafði ekki kjark til, að steypa Saddam Hussein af stóli í Írak.

Efniviður W. er við fyrstu sýn tilvalinn fyrir Oliver Stone, sem hefur einnig gert myndir í kringum forsetana Nixon og JFK. Stone hefur gjarnan þorað á meðan aðrir þegja og gert umdeildar myndir, en sagan um Bush skortir einmitt ekki efnið í það. En það kemur fljótt í ljós að með myndinni vill Stone fyrst og frest ná fram samkennd með manninum, og tekst þónokkuð vel til við það og að skýra bankagang hans. Myndin er þannig hvorki satíra né harmleikur og er merkilega bitlaus komandi frá Oliver Stone.

Josh Brolin (No Country for Old Men) fær það hlutverk að leika Bush og tekst einstaklega vel til við það. Brolin hefur talsmátann og hreyfingarnar, forðast þó að herma of mikið eftir honum, en reynir í staðinn að gefa góða frammistöðu. Það er svo einvala lið leikara í öðrum hlutverkum sem hafa góð tök á persónum sínum; þar helst leikur Elizabeth Banks Lauru Bush, James Cromwell er Bush eldri, Richard Dreyfuss er Dick Cheney og Jeffrey Wright (Quantum of Solace) er Colin Powell.

En það er óumdeilanlegur sjónvarpsmyndabragur yfir myndinni og stílbrigði hennar eru einum of hefðbundin. Það er einnig nokkur galli við myndina að hún er í raun endaslepp í því að ná ekki yfir alla forsetatíð Bush; Stone á að hafa drifið sig við að skila myndinni inn fyrir forsetakosningarnar. En mig grunar að W. muni verða sterkari sem söguleg mynd, jafnvel þótt hlaupið sé yfir mörg lykilatriði, enda munu atriðin með stríðsáætlunum Bush-stjórnarinnar með Dick Cheney í fararbroddi líklega reynast merkileg síðar meir.



Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is

SENDU JÓLAPAKKA HVERT Á LAND SEM ER

Viðkomustaðir um allt land. Kynntu þér afgreiðslutíma og síðustu ferðir fyrir jól á vefsíðunni www.flytjandi.is.

800 KR. PAKKINN

EF ÞÚ GETUR BORIÐ HANN*

*Hámarksstærð pakka er 0.5 x 0.5 x 0.8 m. Hámarksþyng 50 kg. Á ekki við um kæli- eða frystivöru. Greiða verður fyrir pakkann á upphafsstað.

EIMSKIP Flytjandi

www.flytjandi.is
Sími 525 7700

RAGGARNIR TVEIR Raggi Bjarna og Ragnar Sólberg eru báðir að gefa út nýjar plötur fyrir þessi jól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hálf öld aðskilur nafnana

52 ár, eða rúmlega hálf öld, skilur að nafnana Ragnar Bjarnason og Ragnar Sólberg sem eru báðir að gefa út sólóplötur núna fyrir jólin.

Plata Ragga Bjarna heitir Login sem aldrei mega gleymast og hefur að geyma þekkta slagara á borð við Manstu gamla daga, Fram í heiðanna ró og Viltu með mér vaka í nótt í skemmtilegum búningi. Gestasöngvarar eru Jónsi í Svörtum fötum, Ellen Kristjánsdóttir, Bjarni Ara og Kristjana Stefánsdóttir.

Önnur sólóplata Ragnars Sólberg og sú fyrsta síðan hann var ellefu ára nefnist The Circle. Þar syngur hann lög um hringrás lífsins, lífið og dauðann. „Hún fjallar líka um það hvernig hringrás myndast á milli tveggja einstaklinga, um dauðann og ástina," segir hann.

Enginn jafnoki Ragga

Þrátt fyrir að rúmlega hálf öld skilji þessa tvo tónlistarmenn að og þeir séu að hittast í fyrsta sinn fer vel á með þeim. „Ég hlusta á hvað sem er sem kemur manni í gott skap," segir hinn ungi Ragnar spurður hvort hann fíli tónlist á borð við þá sem Raggi Bjarna ber á borð. „Ég hef verið mikið í Frank Sinatra undanfarið." Raggi eldri ljómar af ánægju þegar hann heyrir þetta en sjálfur hefur hann aldrei hlustað á Sign, rokksveit nafna síns. „Það er mikið komið af ungum strákum sem ég hef ekkert fylgst með," segir hann.

En hvað ætli Ragnari Sólberg finnist um goðsögnina Ragga Bjarna?: „Mér finnst þú vera svalur. Það er æðislegt að þú skulir enn þá vera að gefa út plötur. Það er enginn sem gæti fyllt upp í þína skó," segir hann og þá svarar Raggi: „Röddin heldur og það er ekki eins og maður hafi verið með trefil alla sína tíð," segir hann og hlær, greinilega meðvitaður um að það er ekkert sjálfgefið að maður á hans aldri, 74 ára, geti enn þá sungið af fullum krafti.

Bætir hann því við af hæversku að menn á borð við Björgvin Halldórsson geti vel fetað í hans fótspor í framtíðinni.

Snarvitlaus fyrir 52 árum

Raggi, hvernig varst þú fyrir 52 árum?: „Snarvitlaus," segir hann umsvifalaust. „Það var spennandi að vera í þessu. Þetta var miklu einfaldara og ekki svona mikið af öllu. Það var líka þessi spenningur að fara út að dansa og fara á ball. Þá var ekkert sjónvarp. Síðan vorum við með Sumargleðina í fimmtán ár og það var alltaf troðfullt."

Ragnar Sólberg vonast til að standa í sporum nafna síns eftir 52 ár. „Ég ætla að vona að ég verði enn þá að gera tónlist, ef ég verð lifandi. Ætli ég búi ekki úti í sveit með fjölskyldunni og búi til tónlist."

Stefna á samstarf

Raggi Bjarna segist hafa áhuga á að starfa með sessunauti sínum í framtíðinni og öðrum tónlistarmönnum á hans aldri. Sér hann fyrir sér að syngja inn á plötu lög sem þeir hafi samið fyrir sig og útilokar til dæmis ekki að reyna fyrir sér í rappinu. „Þarna fengi ég að fara upp til þeirra. En þetta er svolítil vinna. Það þarf að koma gamlingjanum inn í þetta."

Hann reynir hvað hann getur að hlusta á allt það nýjasta í tónlistinni. „Mér finnst gaman að þessu og ég veit alveg hvað er að ske. Ég er voða stoltur af þessu. Það hefur sprungið út svo mikið af ungu fólki sem eru ótrúlegar góðir hljóðfæraleikarar og „talentar". Þetta er það „legacy" sem ég vil sjá."

freyr@frettabladid.is

Skáldskaparfjársjóður í veglegri bók

„Ofboðslegur fengur."
Gerður Kristný / Mannamál, Stöð 2

„Þórarinn er skemmtilegur, maður kemst í gott skap við að lesa ljóðin hans."
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan, RÚV

„Ljóðin eru tær og hrein og hugsun í þeim."
Egill Helgason / Kiljan, RÚV



VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Metupplag af Mamma Mia!

Forsvarsmenn Myndforms, sem gefur söngvamyndina Mamma Mia! út á DVD-mynddiski í dag, vonast til að selja hana í um 20 til 25 þúsund eintökum.

„Það er hringt endalaust allan daginn til að spyrja hvenær hún á að koma í verslanir og þannig er það búið að vera í talsvert langan tíma," segir Halldór Guðjónsson, sölustjóri Myndforms. Standa vonir til að myndin seljist betur en Lord of the Rings-myndirnar, en hver þeirra seldist í um tuttugu þúsund eintökum. „Þetta er það stærsta sem við höfum verið með," segir Halldór.

Bíósýningum á Mamma Mia! lauk um síðustu helgi og seldust alls um 119 þúsund miðar, sem er aðeins fimm þúsund minna en seldist á stórmyndina Titanic. Þar af sáu um 6.500 manns hinar gríðarvinsælu „singalong"-sýningar þar sem áhorfendur gátu sungið með af öllu hjarta. Slík útgáfa fylgir einmitt með DVD-disknum. Mamma Mia! er þar með orðin næstvinsælasta erlenda mynd allra tíma á Íslandi og um leið sú tekjuhæsta, enda hefur miðaverð hækkað töluvert síðan Titanic var og hét. Að sögn Halldórs stóð aldrei til að reyna að bæta met Titanic þrátt fyrir að það hafi nálgast óðfluga. „Við vorum ekkert sérstaklega að horfa á það. Myndin þarf náttúrlega að koma út fyrir jól á DVD og það hefði þurft dálítið margar sýningar í það." Hann segir að vinsældir Mamma Mia! hérlendis hafi komið honum á óvart. „Mér skilst að hún sé stærri hérna en í Svíþjóð, sem er verulega sérstakt." - fb

MAMMA MIA! Söngvamyndin Mamma Mia! hefur notið gríðarlegra vinsælda síðan hún var frumsýnd hérlendis í sumar.

Fórnaði mottunni fyrir nýju plötuna

Brandon Flowers, söngvari hljómsveitarinnar The Killers, rakaði nýlega af sér yfirvaraskeggið sem hann hefur skartað síðustu ár. Ástæðuna segir hann vera að mottan hafi ekki samræmst nýrri stefnu sveitarinnar.

„Ég ákvað að sá sem syngi þessi lög gæti ekki verið með yfirvaraskegg," segir söngvarinn. The Killers gáfu nýlega út plötuna Day & Age sem þykir poppaðri en fyrri verk sveitarinnar.

Við upptökurnar nutu þeir liðsinnis Stuarts Price sem unnið hefur mikið með Madonnu.

THE KILLERS Hljómsveitin var að gefa út nýja plötu sem er poppaðri en sú síðasta. Brandon Flowers söngvari er hér enn með mottuna sem nú hefur fengið að fjúka. NORDICPHOTOS/GETTY

JÓLALEGUR Megas heldur jólatónleika hinn 18. desember næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Megas kyssir jólasvein

Megas & Senuþjófarnir blása til jólatónleika í Salnum í Kópavogi fimmtudagskvöldið 18. desember. Meiningin er að leika lög úr hnausþykkum lagasarpi meistarans og krydda pakkann með sérstaklega uppæfðum jólalögum, meðal annars smellinn „Ég sá mömmu kyssa jólasvein". Mun sá jólasveinn væntanlega gera ýmislegt fleira en að kyssa mömmuna. Miðasala á þetta einstaka tækifæri til að láta sjálfan Megas koma sér endanlega í jólafílinginn er hafin á midi.is.

SPILA Á ROCKVILLE Hljómsveitin Mammút verður á Paddy's í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rockville í fjórða sinn

Tónlistarhátíðin Rockville er nú haldin fjórða árið í röð á Paddy's í Keflavík. Stuðið hefst í kvöld og stendur fram á sunnudagsmorgun. Mikill fjöldi hljómsveita kemur fram, þar á meðal Dr. Spock, Retro Stefson, Mammút, Agent Fresco, Fm Belfast, Slugs, Æla, Hellvar, Dark Harvest, Andrúm, Klaus, Miri, DLX ATX, Morðingjarnir og Sudden Weather Change. Miðaverði er haldið niðri sem kostur er, passi á kvöldin þrjú kostar 2.300 kr., en þúsund kall á stök kvöld.

> Guðjón til þjónustu reiðubúinn

Guðjón Þórðarson staðfesti í samtali við útvarp BBC í Stoke að hann hefði sett sig í samband við forráðamenn Crewe, sem leikur í þriðju efstu deild á Englandi, um möguleikann á taka við stöðu knattspyrnustjóra félagsins. „Ég veit hvað félagið vantar. Þjálfara sem getur unnið með ungum leikmönnum og hefur góða reynslu af þjálfun og ég tel að ég hafi allt til brunns að bera hvað það varðar. Crewe er gott félag sem lifir á að búa til fótboltamenn og það er góð leið til þess að reka félag og þess vegna hef ég áhuga á starfinu," segir Guðjón sem hefur áður verið knattspyrnustjóri Stoke, Barnsley og Notts County á Englandi.

sport
sport@frettabladid.is

JÚLÍUS JÓNASSON: VAR EKKI NÓGU ÁNÆGÐUR MEÐ LEIK ÍSLENSKA LIÐSINS ÞRÁTT FYRIR STÓRSIGUR GEGN LETTUM

Verðum að spila mun betur gegn Sviss

Kvennalandslið Íslands í handbolta lék sinn fyrsta leik í undankeppni HM sem fram fer í Póllandi þessa dagana þegar liðið vann tíu marka sigur, 37-27, gegn Lettlandi í gær. Hanna G. Stefánsdóttir var atkvæðamest hjá íslenska liðinu með hvorki fleiri né færri en sextán mörk þar af voru fimm úr vítum, Arna Sif Pálsdóttir kom næst með fimm mörk og Dagný Skúladóttir skoraði fjögur. Landsliðsþjálfarinn Júlíus Jónasson var engu að síður alls ekki nógu sáttur með leik liðsins þrátt fyrir auðveldan sigur.

„Við vorum ekki að sýna neitt frábæra spilamennsku sama þótt sigurinn hafi í raun aldrei verið í hættu. Ég var alls ekki nógu sáttur með leikinn en þó sáttur með að hafa unnið, að sjálfsögðu. Það var náttúrulega mikilvægt að byrja undankeppnina á sigri," segir Júlíus.

Júlíus viðurkennir að það hafi verið viðbrigði fyrir íslenska liðið að fara úr því að leika gegn sterkustu þjóðum heims, Noregi, Rússlandi og Danmörku, á æfingamótinu Möbelringen Cup, í það að spila á móti Lettlandi.

„Það var vissulega allt öðruvísi að mæta liði eins og Lettum eftir að hafa mætt svo sterkum þjóðum í undirbúningnum en ég held að við höfum bara dottið niður á þeirra plan allt of oft í leiknum. Við vorum að gera mikið af mistökum og varnarlega stóðum við ekki nógu vel," segir Júlíus.

Íslensku stelpurnar mæta Sviss í öðrum leik sínum í undankeppninni í dag og telur landsliðsþjálfarinn að liðið þurfi þá að eiga talsvert betri leik en það átti gegn Lettum.

„Við þurfum að eiga góðan leik og spila mun betri handbolta til þess að klára Sviss. Þær svissnesku eru mun sterkari en þær lettnesku en ég veit líka að við eigum talsvert inni. Við spiluðum kannski ekki út öllum trompunum gegn Lettlandi og eigum til að mynda eftir að útfæra hraðaupphlaupin hjá okkur betur, en ég vonast til að það verði svona ákveðinn stígandi í okkar leik í undankeppninni," segir Júlíus vongóður að lokum.

STIGAHÆSTUR ÍR-ingurinn Steinar Arason skilar 10,8 stigum í leik af bekknum í fyrstu 8 umferðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

HÆSTA FRAMLAG AF BEKK

Leikmenn (lágmark 5 leikir af bekk)

Darri Hilmarsson, KR (8 leikir)	15,5
Björgvin Valentínusson, Fsu (5)	10,8
Steinar Arason, ÍR (6)	10,5
Magni Hafsteinsson, Snæfell (7)	8,4
Pálmi Freyr Sigurgeirsson, KR (8)	8,0
Skarphéðinn F. Ingason, KR (8)	7,5
Vilhjálmur Steinarss., Keflavík (7	6,7
Emil Þór Jóhannsson, Breiðab.(6	6,7
Guðlaugur Eyjólfsson, Grindav.(7)	6,6
Nicholas Mabbutt, Fsu (5)	6,4

Hæsta framlag liða af bekk í leik:

1. KR (1. sæti í deildinni)	41,6
2. Grindavík (2.)	26,3
3. ÍR (10.)	20,6
4. Fsu (8.)	18,9
5. Stjarnan (11.)	18,1
6. Keflavík (4.)	18,0
7. Tindastóll (3.)	16,1
8. Þór Ak. (7.)	14,9
9. Snæfell (5.)	14,1
9. Breiðablik (9.)	14,1
11. Skallagrímur (12.)	11,6
12. Njarðvík (6.)	9,0

Darri er besti sjötti maðurinn

KR-ingar eru með langbesta bekkinn í Iceland Express-deild karla eftir fyrstu átta umferðirnar en Njarðvíkingar fá aftur á móti minnsta framlagið frá sínum varamönnum. Fréttablaðið skoðar bekk liðanna.

KÖRFUBOLTI Topplið KR-inga er ekki bara með frábært byrjunarlið því þeir eiga líka mjög sterkan bekk og besta sjötta mann Iceland Express-deildar karla í Darra Hilmarssyni. Það er því ekkert skrítið að KR-ingar hafi unnið átta fyrstu leiki sína í deildinni og séu komnir áfram í 16 liða úrslit bikarsins þegar framlag varamanna liðsins er jafnmikið og raun ber vitni.

Darri Hilmarsson er búinn að vera frábær í fyrstu átta leikjum KR og er á leiðinni að ná sínum besta persónulega árangri í öllum helstu tölfræðiþáttum leiksins.

Þetta er fjórða alvörutímabilið hans með meistaraflokknum og hefur Darri hækkað sig í stigum og framlagi á hverju einasta tímabili en þó aldrei meira í einu en í vetur.

Darri var með 6,6 stig í leik, 2,4 fráköst í leik og 7,2 framlagsstig að meðaltali með KR-liðinu í fyrra en allar þessar tölur hafa hækkað mikið hjá honum það sem af er vetri. Darri er með 10,3 stig og 5,1 frákast að meðaltali á þeim 22,4 mínútum sem hann hefur spilað í leik í fyrstu átta umferðunum. Darri hefur líka aldrei gefið fleiri stoðsendingar (2,3), stolið fleiri boltum (1,5), hitt betur úr skotum sínum (56,9 prósent) eða nýtt vítin betur (83,3 prósent). Þrátt fyrir að spila sem sjötti maður þá er Darri 4. stigahæsti leikmaður liðsins, hann er í 5. sæti í framlagi, í 3. sæti í fráköstum og í 5. sæti í stoðsendingum.

Bekkurinn er ekki bara Darri því KR-ingar eiga líka tvo aðra leikmenn meðal efstu sex á listanum, Pálmi Freyr Sigurgeirsson er í 5. sæti og Skarphéðinn Freyr Ingason er í því sjötta. Í öðru sætinu er Björgvin Valentínusson hjá FSU, 4,7 framlagsstigum á eftir Darra en 0,3 á undan ÍR-ingnum Steinari Arasyni sem er þriðji á listanum.

Steinar skorar mest af bekknum

Þegar litið er á helstu tölfræðiþætti og efstu varamenn á þeim komast fleiri leikmenn í efstu sætin.

ÍR-ingurinn Steinar Arason skorar mest af bekknum (10,8 stig að meðaltali í 6 leikjum af bekk) og setur niður flesta þrista (2,5). Trausti Eiríksson úr Skallagrími tekur flest frákast (5,8 frákast að meðaltali í 5 leikjum af bekk) og stelur flestum boltum (1,8).

FLOTTUR Í VETUR Darri Hilmarsson er að skila yfir tíu stigum í leik hjá KR þrátt fyrir að taka aðeins 8 skot í leik og spila aðeins í rétt rúmar 22 mínútur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Það er síðan KR-ingurinn Skarphéðinn Freyr Ingason sem gefur flestar stoðsendingar eða 2,5 stoðsendingar að meðaltali í þeim 8 leikjum sem hann hefur komið inn af bekknum.

Miklir yfirburðir

Til að setja yfirburði framlags bekkjar KR-liðsins í enn betra samhengi þá munar 15,3 framlagsstigum á KR og Grindavík sem er næsta liðið á listanum en það er meira en fimm af liðum deildarinnar fá í heildarframlagi frá sínum varamönnum.

KR-ingar fá líka flest stig, flest fráköst og flestar stoðsendingar frá bekknum og eru einnig með bestu skotnýtinguna og bestu vítanýtinguna hjá varamönnum liðanna.

Það munar líka mjög miklu á framlagi bekkjar KR-inga og bekkjar Njarðvíkur sem rekur lestina. Njarðvíkingar hafa aðeins fengið 9,0 framlagsstig að meðaltali í leik sem er aðeins 58 prósent af því sem Darri einn skilar til KR-liðsins. Þar eru Njarðvíkingar neðar en Skallagrímsmenn sem hafa tapað öllum átta leikjum sínum í vetur.

ooj@frettabladid.is

Við komum pakkanum þínum til skila

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið Ódýrari valkostur

Pósthúsið | Suðurhrauni 1
Garðabæ | www.posthusid.is

Eiður segist hafa velt því fyrir sér hvort landsleikir séu áhættunnar virði:

Landsleikirnir verða að víkja

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen segir í viðtali við spænska íþróttablaðið Sport að hann muni framvegis velja af kostgæfni þá landsleiki sem hann muni spila með íslenska landsliðinu.

Eins og kunnugt er meiddist hann í síðasta landsleik sem var gegn Makedóníu um miðjan október og missti þar af leiðandi af nokkrum leikjum með Barcelóna. Hann segir að það hafi verið mikið áfall fyrir sig en segir svo, „með fullri virðingu fyrir þjóð minni og landsliðinu þá hef ég velt því stundum fyrir mér hvort það sé þess virði að spila fyrir landsliðið." Blaðamaður spyr um áhættuna og Eiður Smári svarar „þetta er mikil vinna, sjáðu til, ég held að Ísland sé ekki að fara að vinna heimsmeistarakeppnina."

Aðspurður hvort hann muni því hætta að leika með landsliðinu segir hann, „nei, ég er enn mjög stoltur að spila fyrir þjóð mína og landar mínir vænta mikils af mér. Ég nýt þess að miklu leyti að spila hvern leik en ég mun framvegis velja leikina sem ég spila."

Hann segist ánægður með dvöl sína í Barcelóna en að hann hafi verið harðákveðinn í því að fara í lok síðasta keppnistímabils en nýi þjálfarinn breytti öllu. „Guardiola breytti lífi mínu," segir Eiður Smári. „Hann kom mér á óvart á undirbúningstímanum. Hann sagði „Sjáðu til Guddy, ég hef trú á þér og nú verður þú aðeins að sýna mér fram á að sú trú sé ekki reist á sandi." Eftir það breytist viðhorf mitt og ég fór aftur að einbeita mér að Barca." Það virðist hafa gefið góða raun því Eiði Smára hefur verið lofað fyrir leik sinn á tímabilinu og kom strax inn í byrjunarliðið eftir að hann náði sér eftir meiðslin dýrkeyptu.



NÝTT LÍF Eiður Smári talar um að knattspyrnustjórinn Pep Guardiola hafi breytt lífi hans til hins betra hjá Barcelona. NORDIC PHOTOS/GETTY

- jse

NÚ Á 2 STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

RAFMAGNSVERKFÆRI

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

2595-
BORVÉL 500W

5995-
HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFÆRI

2995-
HLEÐSLUSKRÚFJÁRN

5995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V

6995-
HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V

9995-
HÖGGBOR/BROTVÉL 850W

9595-
BELTASLÍPIVÉL 900W


3595-
HLEÐSLUBORVÉL 12V

4795-
RAFMAGNSHEFILL

TILBOÐ!

39.900-
ALHLIÐASÖG - VELTISÖG

3995-
HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM

3495-
SLÍPIROKKUR 600W

2595-
STINGSÖG 350W

9559-
FLÍSASÖG

4795-
FRÆSARI

5879-
HJÓLSÖG 1400W

16.795-
BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W

RAFSTÖÐVAR
800W 23995-
2200W 39995-
5500W 69595-

3479-
SLÍPIMÚS

2699-
JUÐARI 150W


8395-
BÚTSÖG 1300W

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 17
Sunnud. kl. 12 - 16

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu

A-riðill:
Bordeaux-Chelsea 1-1
0-1 Nicolas Anelka (60.), Alou Diarra (83.).
CFR Cluj-Roma 1-3
0-1 Matteo Brighi (11.), 0-2 Francesco Totti (23.), 1-2 Yssouf Kone (30.), 1-3 Matteo Brighi (64.).

B-riðill:
Inter-Panathinaikos 0-1
0-1 Josu Sarriegi (69.).
Anorthosis-Werder Bremen 2-2
1-0 Nicos K. Nicolaou (62.), 2-0 Bortolini Savio (68.), 2-1 Diego (72.), 2-2 Hugo Almeida (87.)

C-riðill:
Shakhtar Donetsk-Basel 5-0
1-0 Rodrigues Jadson (32.), 2-0 Willian da Silva (50.), 3-0 Rodrigues Jadson (65.), 4-0 Rodrigues Jadson (73.), 5-0 Yevhen Seleznyov (75.).
Sporting-Barcelona 2-5
0-1 Thierry Henry (14.), 0-2 sjálfsmark (17.), 0-3 Lionel Messi (50.), 1-3 Miguel Veloso (65.), 2-3 Lledson da Silva Muniz (66.), 2-4 sjálfsmark (67), 2-5 Bojan Krkic (73.).
***Barcelona og Sporting eru komin áfram**

D-riðill:
Atletico Madrid-PSV 2-1
1-0 Simao (14.), 2-0 Maxi Rodriguez (28.), 2-1 Danny Koevermans (47.).
Liverpool-Marseille 1-0
1-0 Steven Gerrard (23.).
***Atletico og Liverpool eru komin áfram**

Iceland Express-deildin

Haukar-Keflavík 80-77 (38-46)
Stig Hauka: Kristrún Sigurjónsdóttir 28, Slavica Dimovska 16 (11 stoðs., 9 frák.), Telma Björk Fjalarsdóttir 13 (13 frák.), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 11 (20 frák., 3 varin), Guðbjörg Sverrisdóttir 8, Bryndís Hreinsdóttir 3, Sara Pálmadóttir 1
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 31 (9 frák., 3 varin), Svava Ósk Stefánsdóttir 22 (9 frák., 6 stoðs., 5 stolnir), Hrönn Þorgrímsdóttir 11, Pálína Gunnlaugsdóttir 8 (7 stolnir), Rannveig Randversdóttir 3, Halldóra Andrésdóttir 2.

Valur-Fjölnir 79-59
Snæfell-Hamar 52-80

STAÐAN Í DEILDINNI

1. Haukar	**8**	**7**	**1**	**574-509**	**14**
2. Hamar	8	6	2	633-507	12
3. Keflavík	**8**	**5**	**3**	**642-538**	**10**
4. KR	8	5	3	534-497	10
5. Valur	**8**	**4**	**4**	**489-479**	**8**
6. Grindavík	8	3	5	543-554	6
7. Fjölnir	**8**	**1**	**7**	**444-641**	**2**
8. Snæfell	8	1	7	482-616	2

Gerrard með sigurmarkið

Steven Gerrard lék með Liverpool á ný eftir meiðsli og skoraði eina mark leiksins gegn Marseille. Chelsea náði hins vegar aðeins jafntefli gegn Bordeaux. Eiður Smári var í byrjunarliði Barcelona sem vann sigur á Sporting í markaleik.

FÓTBOLTI Liverpool og Atletico Madrid tryggðu sig áfram í 16-liða úrslitin úr D-riðli, Inter úr B-riðli og Barcelona tryggði sér toppsæti C-riðils í Meistaradeild Evrópu í gær en spennan er enn mikil í riðlum A og B.

Liverpool endurheimti fyrirliðann Steven Gerrard í byrjunarlið sitt eftir meiðsli fyrir heimsókn Marseille á Anfield í gær og miðjumaðurinn snjalli var ekki lengi að stimpla sig inn því hann opnaði markareikning heimamanna strax á 23. mínútu með góðu marki. Xabi Alonso átti þá frábæra fyrirgjöf af hægri kantinum og Gerrard var mættur á fjærstöngina og skallaði boltann af harðfylgi í netið, hans fimmta mark í riðlakeppni Meistaradeildarinnar.

Liverpool réði ferðinni í fyrri hálfleik en gestirnir komu beittari til leiks í seinni hálfleik og börðust fyrir lífi sínu í keppninni. Leikmenn Marseille komust nokkrum sinnum nálægt því að jafna leikinn en allt kom fyrir ekki og Liverpool vann að lokum 1-0.

PSV var líkt og Marseille á síðasta sjéns gegn Atletico Madrid á Vicente Calderón-leikvanginum í gær en varða að sætta sig við 2-1 tap og Liverpool og Atletico eru því komin áfram upp úr riðlinum en heyja harða baráttu um toppsætið í lokaumferðinni.

FYRIRLIÐINN Steven Gerrard skoraði sigurmark Liverpool gegn Marseille á Anfield í gær en Liverpool var langt frá sínu besta í leiknum. Sigurinn þýðir það að Liverpool er komið áfram í 16-liða úrslitin. NORDIC PHOTOS/GETTY

Rómverjar á toppinn

Chelsea mistókst að tryggja sig áfram í 16-liða úrslitin í gær þegar liðið gerði aðeins jafntefli gegn Bordeaux. Nicolas Anelka kom Chelsea yfir með marki á 60. mínútu en Alou Diarra náði að jafna í 83. mínútu og þar við sat.

Rómverjar héldu hins vegar áfram á sigurbraut í Meistaradeildinni gegn CFR Cluj með 1-3 sigri og gerðu þar með út um vonir Rúmenanna að komast í 16-liða úrslitin. Rómverjar komust jafnframt á topp A-riðils með sigrinum en spennan er mikil í riðlinum fyrir lokaumferðina.

Markasúpa í Portúgal

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona í toppsætisslag C-riðils við Sporting en bæði félögin voru fyrir leikinn komin áfram í 16-liða úrslitin. Barcelona tryggði sér hins vegar toppsætið endanlega í gær með 2-5 sigri.

Thierry Henry skoraði fyrsta markið á 14. mínútu eftir góðan undirbúning argentíska snillingsins Lionel Messi. Eiður Smári átti þátt í skrautlegu öðru marki Börsunga stuttu síðar þegar sending fyrir markið barst af bakinu á honum til Gerard Piqué en skot Piqué klöngraðist svo í markið af varnarmanninum Anderson Polga.

Messi skoraði svo beint úr aukaspyrnu strax í upphafi síðari hálfleiks og kom Börsungum í 0-3 en á 65. mínútu tók við ótrúlegur leikkafli þar sem þrjú mörk voru skoruð á þremur mínútum. Heimamenn minnkuðu fyrst muninn í 2-3 með tveimur mörkum í röð áður en þeir urðu fyrir því óláni að skora sitt annað sjálfsmark í leiknum og staðan því 2-4. Bojan Krkic innsiglaði sigurinn og toppsætið með marki úr vítaspyrnu á 73. mínútu.

Í hinum leik C-riðils var einnig skorað mikið en þar unnu heimamenn í Shakhtar Donetsk 5-0 stórsigur gegn Basel en Kristinn Jakobsson dæmdi sem kunnugt er leikinn.

Inter komið áfram þrátt fyrir tap

José Mourinho og lærisveinar hans í Inter urðu að sætta sig við 0-1 tap á San Siro gegn Panathinaikos en komust þó áfram í 16-liða úrslitin þar sem Kýpverjarnir í Anorthosis Famagusta og Werder Bremen skildu jöfn, 2-2. Jafnteflið þýðir að Þjóðverjarnir eiga ekki lengur möguleika á að komast áfram í 16-liða úrslitin en Anorthosis og Panathinaikos leika algjöran úrslitaleik í lokaumferðinni hvort liðið fylgir Inter upp úr riðlinum.

omar@frettabladid.is

HERMANN Gæti fengið tækifæri með Portsmouth í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Tony Adams, Portsmouth:

Hermann gæti mætt AC Milan

FÓTBOLTI Tony Adams, knattspyrnustjóri Portsmouth, gaf í gær í skyn að Hermann Hreiðarsson og Kanu gætu hugsanlega verið í byrjunarliði Portsmouth fyrir leikinn gegn AC Milan í UEFA-bikarnum í kvöld.

„Margir leikir eru fram undan hjá okkur á næstunni þannig að allir ættu að fá tækifæri. Leikmenn eins og Hermann Hreiðarsson og Kanu gætu komið inn í liðið nú fyrir UEFA-bikarleikinn. Ég gæti hugsað mér að nota Kanu í framlínunni ásamt Peter Crouch og Hermann er frábær liðsmaður og ég þarf að fá að skoða hann betur í leik, þannig að við sjáum til með hvort hann spili ekki," sagði Adams í viðtali við Portsmouth News. - óþ

Áfrýjun West Ham vísað frá:

Áfangasigur hjá Sheffield Utd.

FÓTBOLTI Tevez-málið svokallaða lifir enn góðu lífi í lagakerfinu á Englandi en í gær varð ljóst að áfrýjun West Ham til áfrýjunardómstóls íþrótta í Frakklandi (CAS), vegna gerðardóms um að Carlos Tevez hafi verið ólöglegur með félaginu tímabilið 2006-2007, var tímabundið vísað frá.

West Ham mun berjast áfram fyrir áfrýjuninni og hún verður tekin frekar fyrir á næstu dögum. Ef henni verður hins vegar endanlega vísað frá þá færist Lundúnafélagið væntanlega skrefi nær því að þurfa að borga í það minnsta þær 30 milljónir punda sem Sheffield United fer fram á í skaðabætur vegna málsins. - óþ

Æsispennandi toppslagur í Iceland Express-deild kvenna á Ásvöllum í gærkvöld:

Haukaliðið með stáltaugar

KÖRFUBOLTI Haukakonur unnu annan toppslaginn í röð í Iceland Express-deild kvenna þegar þær lögðu Íslandsmeistara Keflavíkur af velli, 80-77, í spennuleik á Ásvöllum í gær. Haukar unnu Hamar undir sömu kringumstæðum fyrir viku síðan þegar þær komust á toppinn og þær voru ekkert á því að gefa frá sér toppsætið þótt að Keflavík hafi byrjað leikinn miklu betur í gær.

Keflavíkurliðið mætti grimmt til leiks, þrátt fyrir að leika án fyrirliða síns og lykilmanns, Ingibjargar Elvu Vilbergsdóttur. Liðið var 26-19 yfir eftir fyrsta leikhluta og komið ellefu stigum yfir í hálfleik, 35-46. Keflavík hélt frumkvæðinu áfram í upphafi seinni hálfleiks en ellefu Haukastig í röð í lok þriðja leikhluta komu muninum niður í eitt stig. Keflavík náði aftur sex stiga forskoti í fjórða leikhlutanum en Haukaliðið gafst ekki upp, vann sig inn í leikinn og tryggði sér sigurinn á spennuþrungnum lokamínútum.

„Það verður erfitt fyrir liðin að koma á Ásvelli í vetur og sækja sigur. Við erum ekkert að fara að gefa neitt þótt að við lendum undir," sagði Kristrún Sigurjónsdóttir, fyrirliði Hauka og besti maður liðsins í gær. „Það er karakter í liðinu og ég er virkilega ánægð með stelprunar," sagði Kristrún sem segir að aðalbreytingin í leiknum hafi verið í vörn liðsins. „Við ætlum að setja allan okkar karakter í vörnina og stefnum að því að vera besta varnarliðið í deildinni. Með því að halda vörninni gangandi allan tímann þá trúum við því að sóknin kæmi og það gerðist í dag," sagði Kristrún sem segir að Haukaliðið ætli ekki að slaka neitt á þó að þær séu á toppnum. „Það verður enginn leikur auðveldur fyrir okkur og nú eigum við Val í næsta leik sem er eina liðið sem við eigum eftir að vinna í betur," sagði Kristrún.

ÖFLUG Haukastúlkan Slavic Dimovska átti fínan leik í sigrinum á Keflavík í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kristrún átti flottan leik í gær eins og Ragna Margrét Brynjarsdóttir sem tók 20 fráköst og skoraði 11 stig. Þær fengu einnig góðan stuðning frá þeim Slavicu Dimovsku (16 stig, 11 stoðsendingar, 9 fráköst) og Telmu Björk Fjalarsdóttur (13 stig og 13 fráköst) sem léku báðar mjög vel.

„Liðið er fínu formi en við hættum að spila sóknarbolta og einhvern hluta vegna þá hrundi sjálfstraustið í seinni hálfleik. Styrkur liðsins var sýndur í fyrri hálfleik en ekki þeim seinni," sagði Jón Halldór Eðvaldsson, þjálfari Keflavíkur, eftir leikinn. „Við vorum að spila við besta liðið í deildinni, þær voru efstar fyrir þennan leik og eru það enn þá. Ég skammast mín ekkert fyrir að tapa þessum leik þó að ég sé óánægður með það. Þær eiga bara hrós skilið fyrir góðan seinni hálfleik," bætti Jón Halldór við.

Birna Valgarðsdóttir var frábær í liði Keflavíkur með 31 stig og 9 fráköst og eins var Svava Ósk Stefánsdóttir allt í öllu í uppspili liðsins með 22 stig, 9 fráköst, 6 stoðsendingar og 5 stolna bolta.

- óój

SKEMMTILEGIR DVD JÓLAPAKKAR

SAMFILM

dagskrá

> Cynthia Nixon

„Við erum ekki að búa til fyrirmyndir heldur fantasíu. Það að við lítum alltaf vel út og klæðumst aldrei sömu flíkinni tvisvar er hluti af því. Við erum líka að fjalla um samskipti kynjanna á mjög ýktan hátt. Ef þetta væri raunsær þáttur, þá væri hann heldur ekki skemmtilegur," segir Nixon um þættina Sex and the City en Stöð 2 extra sýnir tvo þætti í kvöld.

VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN TÉKKAR Á FRÉTTATÍMUM

Breytingar yfirvofandi

Ætla mætti að beinar útsendingar frá borgaralegum umræðufundum væru fýsilegt efni fyrir fréttastjórana þessi dægrin. Margt er þar sagt vanhugsað en fjölmiðlar hafa um þessar mundir einstakt tækifæri til að tengja sig beint við umræðubylgjuna sem nú fer um samfélagið. Þá er brýnt að dagskrárstjórnir sýni döngun og sjálfstæði, rífi sig úr vana og hefð, og sendi út beint.

Ríkisútvarpið hefur til þess allar græjur og þótt kostnaðaraukinn sé einhver eru þrjár rásir til reiðu, sjónvarp, rás 1 og 2, að ógleymdri vefrás. Minna gagn er af upptöku og styttingu á umræðum og síðan að senda út í brotum og samdrætti seinna.

Útvarpssvið 365 miðla hefur einnig möguleika á að grípa þetta tækifæri og saman geta þessi tvö fyrirtæki bætt fyrir það sleifarlag sem almannarómur segir þau hafa sýnt í aðfarartíma þess ástands sem nú ríkir.

Örugglega þarf að velta einhverjum smákóngum sem sitja nú kvöldin löng á músikrásunum og þvaðra milli popplaga, ugglaust þarf átak til að sinna slíkri þjónustu – en tíminn er núna. Við þurfum ekki að stytta umræður til að hægt sé að koma kvöldfréttum að. Útvarp getur verið beint en ekki pakkað og nú heimta tímarnir beina tengingu atburða og útsendingar. Svo mætti bæta um betur með spjalli á besta tíma um helstu álitamál vikunnar sem fylla blöð og fréttatíma en fá litla umfjöllun eða krufningu eftir það. Slottin eru til á öllum rásum: fyllum þau af þeim málum sem skipta öllu máli á þessum viðsjárverðu tímum: nú er lag að fylgjast með.

EKKI MISSA AF

▶ **20.00 Portsmouth - AC Milan, BEINT** STÖÐ 2 SPORT

▶ **20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** STÖÐ 2

▶ **20.30 Help Me Help You** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **21.00 House** SKJÁREINN

▶ **21.30 Nýgræðingar (Scrubs VI)** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

15.50 Kiljan (e)
16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Jónas(e)
17.55 Stundin okkar (e)
18.25 Kallakaffi (12:12) (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.15 Káta maskínan Þorsteinn J. fjallar um myndlist, leiklist og kvikmyndir.
20.45 Nynne (Nynne) (6:13) Dönsk gamanþáttaröð frá 2005 byggð á vinsælum dálki í Politiken um unga konu sem er illa haldin af neyslubrjálæði, lifir fyrir merkjavöru og skyndikynni við karlmenn, og á nóg af ónotuðum kortum í líkamsræktarstöðvar. Aðalhlutverk: Mille Dinesen og Mette Storm.
▶**21.30 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk: Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.
22.00 Tíufréttir
22.25 Kvennaráð (Mistresses) (6:6) Bresk þáttaröð um fjórar vinkonur og fjölskrúðugt ástalíf þeirra. Aðalhlutverk: Sarah Parish, Sharon Small, Shelley Conn, Orla Brady, Raza Jaffrey og Adam Rayner.
23.20 Sommer (Sommer) (4:10) (e)
00.20 Kastljós (e)
01.00 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Last Holiday
10.00 Adventures of Sharkboy and Lavagirl 3-D
12.00 The Jewel of the Nile
14.00 Last Holiday
16.00 Adventures of Sharkboy and Lavagirl 3-D
18.00 The Jewel of the Nile
20.00 Paparazzi Bo Laramie er ungur og upprennandi leikari í Hollywood sem kemst í hann krappan þegar ágengir ljósmyndarar slúðurtímarita ganga of langt.
22.00 Gattaca
00.00 The Exorcism of Emily Rose
02.00 Highwaymen
04.00 Gattaca
06.00 Wild Hogs

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Smá skrítnir foreldrar, Louie, Fífí, Ruff's Patch og Stóra teiknimyndastundin.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 La Fea Más Bella (201:300)
10.15 America's Got Talent (11:15)
11.10 Jamie's Chef (3:4)
12.00 Grey's Anatomy (19:25)
12.45 Neighbours
13.10 Forboðin fegurð (77:114)
13.55 Forboðin fegurð (78:114)
14.45 Ally McBeal (22:23)
15.35 Friends
16.00 Sabrina - Unglingsnornin
16.23 A.T.O.M.
16.48 Háheimar
17.13 Hlaupin
17.23 Doddi litli og Eyrnastór
17.33 Bold and the Beautiful
17.58 Neighbours
18.23 Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.17 Veður
19.30 The Simpsons (7:25)
19.55 Friends Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler í fullu fjöri, þrjá daga vikunnar.
▶**20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel** (6:10) Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel snýr aftur með nýja þáttaröð. Hann heldur áfram að feta nýjar slóðir og tekur hús á nokkrum af okkar fremstu og efnilegustu matreiðslumönnum.
20.50 The Celebrity Apprentice (12:13) Auðkýfingurinn Donald Trump leiðir saman misskærar stjörnur í hörkuspennandi markaðs- og fjáröflunarkeppni.
21.35 Prison Break (9:22)
22.20 Never Say Never Again
00.30 Fringe (7:22)
01.15 Smile
03.00 Medium (10:22)
03.45 Cold Case (3:24)
04.30 Prison Break (9:22)
05.15 The Simpsons (7:25)
05.40 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeild Evrópu Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð úr Meistaradeild Evrópu.
07.40 Meistaradeild Evrópu
08.20 Meistaradeild Evrópu
09.00 Meistaradeild Evrópu
17.10 Meistaradeild Evrópu Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
18.50 Meistaradeild Evrópu
19.30 NBA Action 2008/2009 Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
▶**20.00 Evrópukeppni félagsliða** Bein útsending frá leik Portsmouth og AC Milan.
22.00 Utan vallar Magnaður umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti og ræða málefni líðandi stundar.
22.50 NFL-deildin Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
23.20 Ultimate Fighter Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC.
00.05 Utan vallar
00.55 Evrópukeppni félagsliða Útsending frá leik Portsmouth og AC Milan.

SPORT 2 *enski boltinn*

15.40 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Tottenham og Blackburn.
17.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Man. City og Arsenal.
19.00 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
20.00 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
20.30 PL Classic Matches Arsenal - Blackburn, 2001. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 PL Classic Matches Arsenal - Man. United, 1997.
21.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
22.40 Season Highlights Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp.
23.35 Coca Cola-mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
00.05 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Middlesbrough og Bolton.

SKJÁREINN

06.00 Óstöðvandi tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Innlit / Útlit (10:14) (e)
09.35 Vörutorg
10.35 Óstöðvandi tónlist
16.55 Vörutorg
17.55 Dr. Phil Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.
18.40 America's Funniest Home Videos (27:42) (e)
19.05 What I Like About You (19:22) (e)
19.30 Game tíví (12:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
20.00 Family Guy (18:20) Teiknimyndasería fyrir fullorðna með kolsvörtum húmor og drepfyndnum atriðum.
20.30 30 Rock (11:15) Jack er ekki ánægður þegar einhver innanbúðarmaður úr þáttunum segir að hann sé fyrsta flokks hálfviti í slúðurdálki. Hann reynir að svæla út svikarann með öllum tiltækum ráðum.
▶**21.00 House** (12:16) Brúður greinist með dularfull veikindi og House og aðstoðarfólk hans reynir að komast að því hvað kom fyrir í brúðkaupinu. Sjálfur hefur House í nógu að snúast eftir að hann kemst að því að Wilson er kominn með kærustu.
21.50 Law & Order (10:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Þrjár ríkisbubbastúlkur eru meðal sjö látinna í dópgreni og heróínslóðin er rakin til afgansks stríðsherra sem nýtur friðhelgi í Bandaríkjunum.
22.40 Jay Leno
23.30 America's Next Top Model (9:13) (e)
00.20 Sugar Rush (2:10) (e)
00.45 Vörutorg
01.45 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir
N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.20

James Bond - Never Say Never Again



Sean Connery er hér í hlutverki James Bond. Auðjöfurinn Blofeld hefur stolið tveimur kjarnorkuoddum ásamt illmenninu Largo og hótar að sprengja þá ef ekki verður farið eftir þeirra fyrirmælum. Bond þarf að finna skotmarkið áður en það verður of seint.
Leikstjóri: Irvin Kershner. Leikarar: Klaus Maria Brandauer, Sean Connery, Max Von Sydow.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Game tíví

Skjár einn kl. 19.30

Þeir Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum í þættinum Game tíví. Í þættinum í kvöld kynna þeir sér líf uppvakningsins í glænýjum raunveruleik, skoða helstu nýjungarnar í nýja Motorstorm-leiknum og gagnrýna leikina Legendary og Mortal Kombat vs DC Universe. Þá er nörd vikunnar á sínum stað ásamt því sem skoðaðir verða nýir og væntanlegir leikir. Game tíví er alltaf með það nýjasta sem er að gerast, hvort sem það er í tölvuleikjum eða tæknimálum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Litla flugan
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Á tónsviðinu
15.03 Útvarpssagan: Bulgari-sambandið
15.30 Heimsauga
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Auðlindin
18.23 Fréttayfirlit og veður
18.26 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Seiður og hélog
19.27 Sinfóníutónleikar
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Útvarpsperlur: Dagur í Dyflinni
23.10 Tónleikur
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radió / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks (68:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
16.30 Hollyoaks (69:260)
17.00 Seinfeld (14:24)
17.30 Help Me Help You (8:13)
18.00 Sex and the City (5:12)
18.30 Sex and the City (6:12)
19.00 Hollyoaks (68:260)
19.30 Hollyoaks (69:260)
20.00 Seinfeld (14:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
▶ **20.30 Help Me Help You** (8:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem fæst við að hjálpa veiku fólki að takast á við raunveruleikann en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
21.00 Sex and the City (5:12) Stöð 2 Extra sýnir eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
21.30 Sex and the City (6:12)
22.00 Grey's Anatomy (6:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf laglega yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.
22.45 Ghost Whisperer (53:62)
23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn stöðvarinnar, Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm, er í essinu sínu við að skoða pólitískt landslag líðandi stundar.
21.00 Neytendavaktin Ragnhildur Guðjónsdóttir skoðar stöðu neytenda.
21.30 Íslands safarí Akeem Richard Oppong talar máli innflytjenda og skiptist á skoðunum við gesti sína.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

12.30 Plan dk **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Update **15.30** Isa´s stepz **16.00** Den amerikanske drage **16.25** Pelles katteproblemer **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Uventet besøg i Sydafrika **19.30** Pigeliv **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Dødens Detektiver **21.25** Eureka **22.05** Sugar Rush **22.30** En fod fra toppen **23.20** Naruto Uncut

NRK 1

12.05 Doc Martin **13.05** Niklas' mat **13.35** ,Allo, ,Allo! **14.01** MGPjr 2008 - svensk finale **15.10** MGPjr 2008 - svensk finale **15.45** Viva Piñata **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-tv - Samisk barnetv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 70-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Höök **21.30** Berserk gjennom Nordvestpassasjen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Kodenavn Hunter **23.45** Spooks

SVT 1

12.55 Plus **13.25** Fråga doktorn **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Rea **15.55** Bernard **16.00** Jultomtens lärling **16.15** Lilla blåa draken **16.20** Krumelurdjur **16.25** Yoko! Jakamoko! Toto! **16.30** Farbrorn som inte vill va' stor **16.40** Evas superkoll **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Andra Avenyn **20.00** Spanarna 20 år **20.45** Lögner **21.00** Debatt **21.45** Grosvold **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Uppdrag Granskning **23.45** Toppform

MORGUNMATURINN

„Ég verð nú að viðurkenna að morgunmaturinn er ekkert sérstaklega frumlegur. Ég borða bara Cheerios. Annars fékk ég mér brauð með osti í morgun en það var bara smá útúrdúr.“

Eva Hauksdóttir norn.

Byko við Hringbraut fær nýtt hlutverk

„Neyðin kennir naktri konu að spinna, segir máltækið. Ég vil bara leggja mitt af mörkum til að létta aðeins undir með fólki,“ segir athafnakonan Stefanía Óttarsdóttir. Hún hefur tekið á leigu, upp á sitt eigið einsdæmi, gamla Byko-húsið við Hringbraut og hyggst þar opna atvinnuskapandi jólamarkað sem verður opinn alla daga í desember. Einhvers konar Kolaport í Vesturbænum.

Stefanía hyggst þó ekkert einskorða sig við jólin heldur verður húsið áfram opið eftir áramót þar sem atvinnuskapandi miðstöð mun verða. Eitthvað sem ætti að vera þakklátur fyrir nú þegar fjöldauppsagnir vofa yfir höfuðborgarsvæðinu. Þá munu fyrirtæki að einhverju leyti koma að þessu verkefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

OPNAR MARKAÐ Í BYKO-HÚSINU Stefanía Óttarsdóttir ásamt Helgu Stefánsdóttur, samstarfskonu sinni. Stefanía hefur tekið á leigu gamla Byko við Hringbraut og opnar þar jólamarkað.

Markaðurinn opnar nú um helgina og hefur Stefanía og hennar fólk unnið baki brotnu undanfarna daga við að mála, breyta og bæta. Fólk getur leigt sér misstóra bása og er sá ódýrasti á aðeins 45 þúsund krónur út allan desember. Sá dýrasti er heilir 80 fermetrar og er leigan á honum út desember aðeins 119 þúsund. Fólk getur síðan leigt sér bás um helgar eingöngu, staka daga nú eða náð öðru samkomulagi við aðstandendur hússins.

Stefanía og hennar fólk hefur jafnframt komið upp sviði á miðjum markaðinum og þar geta því rithöfundar, tónlistarmenn og aðrir sem hafa eitthvað að selja um jólin kynnt sig og sína vöru. „Allir þeir sem hafa löngun til að skemmta beygðri þjóð á aðventunni mega hafa samband við okkur,“ segir Stefanía en áhugasömum er bent á tölvupóstfangið stefo@hive.is.

freyrgigja@frettabladid.is



LÁRÉTT
2. gort, **6.** klafi, **8.** herma, **9.** gums, **11.** fyrir hönd, **12.** skran, **14.** viðburður, **16.** frá, **17.** skammstöfun, **18.** hár, **20.** í röð, **21.** óvild.

LÓÐRÉTT
1. jarðvegur, **3.** samtök, **4.** skynja, **5.** samstæða, **7.** borðflaska, **10.** fálm, **13.** síðan, **15.** klúryrði, **16.** umfram, **19.** tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. raup, **6.** ok, **8.** apa, **9.** lap, **11.** pr, **12.** drasl, **14.** atvik, **16.** af, **17.** ofl, **18.** ull, **20.** að, **21.** kala.

LÓÐRÉTT: 1. mold, **3.** aa, **4.** upplifa, **5.** par, **7.** karafla, **10.** pat, **13.** svo, **15.** klám, **16.** auk, **19.** ll.

VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Kreppuspilið.
2. Tuttugu ára.
3. Af því að móðir hennar lést úr arfgengri heilablæðingu.

ÞÓRHALLUR HEIMISSON: HJÓNASKILNAÐIR HÁLFGERT LÚXUSVANDAMÁL

Frosinn fasteignamarkaður kemur í veg fyrir skilnaði

Gera má ráð fyrir því að skilnuðum fækki umtalsvert á meðan efnahagsstormurinn gengur yfir Ísland, ólíkt því sem margir kynnu að halda. Ekki er það þó vegna þess að stoðir hjónabandsins séu treystar eitthvað sérstaklega á erfiðum tímum heldur gerir frostið á fasteignamarkaði það að verkum að fólk í skilnaðarhugleiðingum getur ekki losað sig við húseignir sínar.

Fjárhagserfiðleikar eru ein meginástæðan fyrir því að fjölskyldubönd taka að slitna. Eftir langan umhugsunarfrest taka hjón síðan þá ákvörðun að skilja. Verðbólguspá Seðlabankans, hækkun matarverðs og annað sem mætti telja upp gefur enga sérstaka ástæðu fyrir fólk að vera bjartsýnt á að fjárhagsvandræðin séu að baki. Sr. Þórhallur Heimisson, prestur í Hafnarfjarðarkirkju, segir hjónaskilnað vera hálfgert lúxusvandamál eins og staðan sé í dag. „Fólk getur ekki flutt í sundur, það getur ekki selt íbúðirnar sínar og það getur ekki keypt. Hjón verða því bara hanga saman. Eins gott og það nú er,“ segir Þórhallur sem telur þó að fólk leggi oft deilur sínar til hliðar í svona árferði og leggist á eitt til þess að standa saman yfir jólin. Eftir áramót sé síðan hugsanlegt að fólk fari að velta þessum hlutum aftur fyrir sér. Fréttablaðið hafði til að mynda spurnir af fólki sem hafði ákveðið að skilja, en neyddist til að flytja aftur saman þar sem afborganirnar voru farnar að sliga þau hvort í sínu lagi.

SKILNUÐUM FÆKKAR Hjónaskilnuðum á eftir að fækka í kreppunni. Fólk á erfitt með að losa sig við húseignir og á því óhægara um vik að skilja.

Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, tekur undir áhyggjur Þórhalls og telur ekki miklar líkur á því að fólk sem stendur í skilnaði um þessar mundir geti losað sig við íbúðir sínar. „Það voru aðeins 25 kaupsamningar gerðir í Reykjavík í síðustu viku. Fólk sem er að skilja situr bara fast, það losnar ekkert við eignir sínar frekar en aðrir,“ segir Ingibjörg.

FROSINN MARKAÐUR Ingibjörg Þórðardóttir, formaður Félags fasteignasala, segir markaðinn helfrosinn. Aðeins 25 kaupsamningar voru gerðir í Reykjavík í síðustu viku.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu voru skráðir 515 skilnaðir á síðasta ári sem gerir rúmlega fjörutíu að meðaltali í hverjum mánuði. Ef tölur um skilnaði eru skoðaðar frá tímum finnsku efnahagsþrenginganna sést hvar skilnaðartíðni stendur í stað á meðan landið komst yfir erfiðasta hjallann. Um leið og efnahagurinn náði sér að einhverju leyti á skrið fjölgaði skilnuðum á nýjan leik.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Nú styttist í að Gullmiðinn verði afhentur rithöfundum. Fimm bækur úr flokki skáldrita og fimm úr flokki fræðirita verða sæmdar tilnefningum til hinna Íslensku bókmenntaverðlauna. Formenn dómnefnda eru þau **Dagný Kristjánsdóttir** og **Stefán Pálsson**. Miðað við þá gagnrýni sem hafa litið dagsins ljós er víst að konur munu gera harða hríð að miðanum þetta árið. Þannig hefur Auður Jónsdóttir, **Álfrún Gunnlaugsdóttir** og **Guðrún Eva** allar hlotið góða dóma. Þá hlýtur **Einar Kárason** að koma til álita sem og **Þráinn Bertelsson** sem fékk fjórar og hálfa stjörnu frá **Hrafni Jökulssyni** í DV.

Gullmiðinn var síðast afhentur í nánu samstarfi við Ríkissjónvarpið og var tilkynnt um tilnefningar til bókmenntaverðlaunanna í Kastljósinu. Hlutu **Kristján B. Jónasson** og Félag íslenskra bókaútgefenda nokkra gagnrýni fyrir að láta einn fjölmiðil sitja að þessum viðburði en nú verður gripið til þess að tilkynna um Gullmiðann á Háskólatorgi á þriðjudag – um kvöldmatarleytið.

Einhver orðaði það svo að **Bubbi Morthens** væri sem hitamælir í rassi þjóðarinnar – hann er holdgervingur þjóðarsálarinnar. Sem er gott því ekki skortir dugnaðinn á þeim bænum. Bubbi ætlar einfaldlega að grípa fastar um skófluna. Og moka. Þannig heyrir Fréttablaðið að Bubbi ætli að fikra sig út á ballgólfið og ætlar Egó að leika fyrir dansi á Players 27. desember.

- jbg



Ingvi Hrafn tekur vinstri beygju

Gamli fjölmiðlarefurinn Ingvi Hrafn Jónsson hefur ákveðið að bjóða andófsöflunum í þjóðfélaginu, sem hugsanlega undirbúa framboð gegn gömlu flokkareglunni, fjölmiðlafarveg á sjónvarpsstöð sinni, ÍNN. Þetta kemur nokkuð á óvart því Ingvi Hrafn hefur hingað til hvergi leynt aðdáun sinni á Davíð Oddssyni, núverandi seðlabankastjóra. En heimildir blaðsins herma að Ingvi Hrafn sé orðinn hálfskelfdur yfir heljartökum Davíðs á stjórnarráðinu og því að Geir H. Haarde forsætisráðherra hviki hvergi frá órofa stuðningi sínum við sinn gamla formann.

„Jahh, ég hugsa þetta sem mótvægi við „heimastjórn“ Hrafnaþings sem stundum hefur verið kölluð höfuðvirki „bláu handarinnar“. En ÍNN ætlar að bjóða skipuleggjendum tvo vikulega þætti þar sem málefnaleg og rökstudd gagnrýni ásamt tillögum til úrbóta fær óheftan farveg,“ segir Ingvi Hrafn sem nú er staddur á Flórída og hefur stjórnað Hrafnaþingi og sjónvarpsstöðinni þaðan undanfarnar vikur. Hann vekur athygli á því að í könnun Capacent á dögunum hafi ÍNN fengið 18,8 prósenta horfun yfir vikuna. Þetta sé því ákjósanlegur vettvangur. Sjálfur segist Ingvi Hrafn engan áhuga hafa á virkri þátttöku í pólitíkinni. Segist sem þingfréttamaður fyrir RÚV á árunum 1979 til 1983 afplánað vist í Alþingishúsinu. En hann er væntanlegur til landsins á laugardag og þá bíða þétt fundarhöld þar sem drög verða lögð að frekari sókn sjónvarpsstöðvar hans – sem nú stefnir í að verða hreiður andófsafla.

INGVI HRAFN Í UPPREISNARHUG Hver hefði trúað því að þessi „bláu-handar-maður“ væri farinn að efast um Davíð?

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

- jbg

OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

Skór á alla fjölskylduna á ótrúlegum verðum.
Gerið góð kaup fyrir jólin

3.999

2.999

2.999

3.999

1.999

1.999

1.999

1.999

4.999

2.999

999

2.999

3.999

3.999

3.999

2.999

3.999

3.999

3.999

499

4.999

4.999

4.999

4.999

4.999

2.999

FAXAFENI 10 11-18 ALLA VIRKA DAGA 11-18 LAUGARDAGA 12-17 SUNNUDAGA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

BAKÞANKAR
Dr. Gunna

Ofurhetjan Kreppumann

Inni í mér syngur Bonní Tyler smellinn sinn Holding out for a hero. Ég og Bonní þurfum sárlega hetju í líf okkar þessi misserin. Þar sem engin íslensk hetja er í sjónmáli hef ég brugðið á það ráð að hengja plakat af Barack Obama upp á vegg heima hjá mér. Það er skárra en ekkert.

ÉG þarf ekkert endilega að líta svo rosalega upp til hetjunnar – hetjur eru jú bara fólk sem fer á klósettið og svoleiðis – ég verð bara að geta treyst henni hundrað prósent. Ég þarf að geta treyst hetjunni til að fullnægja réttlætinu sem ég og landsmenn óskra nú á með öllum líkamanum. Ég þarf að geta treyst henni til að hugsa um hag landsmanna allra, ekki bara ríkasta laginu. Ég þarf að geta treyst henni til að gera það besta úr þeirri aumkunarverðu stöðu sem við sitjum föst í. Ég þarf hetju sem kveikir bjartsýni og von. Hetju sem lætur mér finnast það á mig leggjandi að halda áfram að vera Íslendingur.

KANNSKI er skíturinn svo djúpur að það þarf ekkert minna en ofurhetju til að redda þessu. Ég læt mig því dreyma um Kreppumann. Hann lætur verkin tala. Kreppumann tekur í lurginn á útrásarvíkingunum. Þeir líta allir út eins og galgopalegir hnakkar og hafa sama viðhorfið: Ég græði og fokk jú. Það duga engin vettlingatök á þetta lið. Landsmenn fagna þegar Kreppumann flýgur hring um landið með alla útrásarhnakkana spriklandi í neti. Auðvitað er hann búinn að frysta eigur þeirra og setja upp í skuldirnar. Og snáfiði svo og komið aldrei aftur, segir Kreppumann og sparkar þeim út úr landhelginni.

KREPPUMANN tekur til í Seðlabankanum. Takk Kreppumann, segir Þorvaldur Gylfason í nýja djobbinu. Ekki málið, segir Kreppumann og flýgur burt með úfnu duglausu belgina. Næst er það Alþingi og Bessastaðir. Takk Kreppumann, segja landsmenn og hefja uppbygginguna í ólgandi bjartsýniskasti.

AUÐVITAÐ kemur enginn Kreppumann. Margir gera samt sitt besta. Trúbadorar, leikarar og skáld fara mikinn, velmeinandi hagfræðingar koma sterkir inn og ég hló með verkakonunni Margréti þegar hún dissaði hnípinn skógarkött. Enginn þessara er þó á leiðinni upp á vegg hjá mér, held ég. Það er svo sem allt í lagi. Eins lengi og landhreinsunin fer fram.

GÓÐAN DAG!

Í dag er fimmtudagurinn 27. nóvember, 332. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.35	13.15	15.55
Akureyri	10.41	13.00	15.18

Heimild: Almanak Háskólans

Skemmtilegar vökunætur á spennandi verði

Almennt verð: 4.480 kr.
Tilboðsverð: 3.300 kr.

Almennt verð: 3.490 kr.
Tilboðsverð: 2.600 kr.

Almennt verð: 990 kr.
Tilboðsverð: 700 kr.

Almennt verð: 4.480 kr.
Tilboðsverð: 2.900 kr.

Almennt verð: 4.480 kr.
Tilboðsverð: 3.400 kr.

Almennt verð: 4.680 kr.
Tilboðsverð: 3.500 kr.

Almennt verð: 4.680 kr.
Tilboðsverð: 3.500 kr.

Almennt verð: 4.980 kr.
Tilboðsverð: 3.700 kr.



Almennt verð: 4.790 kr.
Tilboðsverð: 3.700 kr.

Almennt verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð: 3.700 kr.

Almennt verð: 1.990 kr.
Tilboðsverð: 1.500 kr.

Almennt verð: 4.990 kr.
Tilboðsverð: 3.700 kr.

Skiptimiðinn
Eymundsson

Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2009.

Tilboðið gildir til og með 3. desember 2008

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872